

Efnisyfirlit – Ársrit RHS v. starfsemi 2006

Stjórnir og/eða formenn aðildarféлага og starfsmenn RHS 2006....	6
Skýrslur starfsmanna	
– Gunnar Ríkharðsson.....	7
– Anna Margrét Jónsdóttir.....	10
– Þórður Pálsson	12
– Kristján Óttar Eymundsson.....	13
Starfsemi í einstökum búgreinum 2006	
– Sauðfjárræktin – KÓE og AMJ.....	15
– Nautgriparæktin – ÞP og KÓE.....	19
– Hrossaræktin - GR.....	26
– Jarðræktin – KÓE og AMJ.....	27
– Búrekstraráætlanir – ÞP og KÓE	28
Fjöldi búfjár á svæði BHS veturinn 2006-2007.....	29
Niðurstöður heysýna 2006.....	31
Fundargerð aðalfundar RHS 24. apríl 2007.....	32
Reikningar RHS 2006	41
Starfsárið 2007	45
Starfsárið 2008	82

Forsíðumynd: Kornakur á Brúsastöðum, horft yfir að Hofi.
Ljósmyndari: Anna Margrét Jónsdóttir

Ráðunautaþjónusta Húnaþings og Stranda

Stofnuð 15. ágúst 2001

Stjórnir og/eða formenn aðildarféлага RHS 2006

Stjórn RHS:

Jón Gíslason, Stóra-Búrfelli, formaður
Rafn Benediktsson, Staðarbakka, gjaldkeri
Jóhann Ragnarsson, Laxárdal, ritari

Skoðunarmenn RHS

Ólafur B. Óskarsson, Víðidalstungu
Stefán Á. Jónsson, Kagaðarhóli

Stjórnir Búnaðarsambanda á svæði RHS

Búnaðarsamband A-Húnavatnssýslu
Jón Gíslason, Stóra-Búrfelli, formaður
Birgir Líndal Ingþórsson, Uppsölum
Gauti Jónsson, Hvammi
Búnaðarsamband V-Húnavatnssýslu
Rafn Benediktsson, Staðarbakka, formaður
Sigurður Björnsson, Kolugili
Skúli Einarsson, Tannstaðabakka
Búnaðarsamband Strandamanna
Jóhann Ragnarsson, Laxárdal, formaður
Þórður Halldórsson, Laugalandi
Matthías Lýðsson, Húsavík

Formenn búgreinafélaga á svæði RHS

Félag sauðfjárbænda í A-Hún: Birgir Ingþórsson, Uppsölum
Félag sauðfjárbænda í V-Hún: Böðvar Sigvaldi Böðvarsson, Mýrum
Félag sauðfjárbænda á Ströndum: Guðbrandur Sverrisson, Bassastöðum
Félag kúabænda í A-Hún: Magnús Sigurðsson, Hnjúki
Nautgriparæktarfélag V-Hún: Skúli Einarsson, Tannstaðabakka
Samtök hrossabænda í A-Hún: Björn Magnússon, Hólabaki
Hrossaræktarsamtök V-Hún: Pálmi Ríkharðsson, Syðri-Völlum

Ráðunautar:

Gunnar Ríkharðsson, framkvæmdastjóri
Guðný Helga Björnsdóttir
Svanborg Þ. Einarsdóttir
Anna Margrét Jónsdóttir
Þórður Pálsson
Kristján Óttar Eymundsson

Gunnar Ríkharðsson
framkvæmdastjóri

Starfsemi RHS árið 2006

Starfsemi hjá RHS var nokkuð hefðbundin á árinu 2006 og sveiflaðist með árstíðunum eins og venja er. Sauðfjárræktin að haustinu og búfjárefirlitið seinni part vetrar eru aðal álagstímarnir en þess á milli er vinnan nokkuð stöðug og síðan er skrifstofum lokað um mitt sumar.

Starfsemi og starfsfólk

Á árinu 2006 var skráð vinna starfsmanna Ráðunautaþjónustunnar um 6.500 klst eða rétt um fjögur ársverk og skiptust þau núna á 6 ráðunauta, en þetta er svipað vinnuframlag og árið á undan. Anna Margrét var í fæðingarorlofi í 6 mánuði frá mars-ágúst en var þess utan í fullu starfi. Til að leysa hana af var ráðinn Kristján Óttar Eymundsson en hann útskrifaðist sem búfræðikandidat frá Hvanneyri árið 1999 og vann síðan um skeið sem ráðunautur í Skagafirði og síðan á Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Hann var ráðinn í fullt starf og hefur skrifstofuaðstöðu á Blönduósi. Þórður Pálsson fór einnig í 3 mánaða fæðingarorlof um miðjan nóvember en var annars í fullu starfi.

Vegna aukinna verkefna á sviði sveitarstjórnarmála taldi Guðný Helga sér ekki fært að sinna einnig ráðunautastarfi en hún hefur undanfarin ár verið í 25% starfi. Sagði hún því starfi sínu lausu á vordögum 2006 a.m.k. um sinn. Ég sjálfur var í um 75% starfi hjá RHS á árinu 2006 og Svanborg í um 70%. Núna á vordögum 2007 er Svanborg að láta af starfi sem ráðunautur í föstu starfi hjá BHS en hún þarf að sinna meira eigin búrekstri sem mjög hefur aukist seinni árin. Hún mun þó vonandi aðstoða okkur við hauststörfin eitthvað áfram.

Tafla 1 Hlutfallsleg (%) skipting vinnutíma hjá starfsmönnum RHS á einstaka vinnuliði árið 2006

VINNA	Vinna alls 2006 %						%	%	%
	2006						2006	2005	2004
	ÞP	SE	KOE	GR	GHB	AMJ	RHS	RHS	RHS
Nautgripir	50	0	6	5	72	1	15,6	21,8	17,3
Sauðfé	15	54	30	0	1	51	27,0	28,5	26,4
Hross	7	4	6	21	2	4	8,5	7,5	7,0
Jarðrækt	3	2	9	0	0	11	4,7	4,5	5,7
Búfjárefirlit	18	10	19	3	0	1	10,9	10,6	9,3
Ýmislegt	4	23	21	62	9	13	24,1	20,5	28,9
Símenntun	2	3	2	8	15	3	3,8	3,7	5,4

Miðlun	1	2	6	2	1	16	4,7	2,9	
Annað	1	3	0	0	0	0	0,8		
VINNA ALLS	100	100	100	100	100	100	100	100	100

Í meðfylgjandi töflu má sjá hlutfallslega skiptingu vinnutíma hjá starfsmönnum RHS á einstaka vinnuliði. Undir “Miðlun” flokkast m.a. vinna við fréttabréf, ársrit o.þ.h. en undir “Ýmislegt” fellur m.a. stjórnun og umsýsla, bókhald, fundir ofl. Vinna við búrekstraráætlanir flokkast undir viðkomandi búgrein en vinna við þann þátt virðist frekar fara minnkandi og þarfnast endurskoðunar.

Eins og í töflunni sést þá eru nokkrar sveiflur á milli ára á vinnuframlagi til hvernar búgreinar þó skiptingin sé í meginatriðum nokkuð stöðug.

Líklegt verður að teljast að með auknum kröfum um gjaldtöku fyrir þjónustu þá setji BHS skýrari reglur um að öll vinna sem unnin er fyrir einstakan bónda sé greidd af honum en allt sem unnið er fyrir hóp bænda eða búgrein í heild sinni sé greitt úr sameiginlegum sjóðum.

Magnús Sigsteinsson forstöðumaður byggingaþjónustu BÍ kom á svæðið og var farið í heimsókn til þeirra bænda sem þess óskuðu og voru þeir ýmist að huga að breytingum eða nýbyggingum. Var þessi þjónusta mjög eftirsótt og ber vott um vaxandi bjartsýni og þor á meðal bænda og er það að sjálfsgöðu mjög gott.

Aðalfundur Ráðunautaþjónustunnar var haldinn á Staðarflöt 24. apríl 2006 en vegna sameiningar búnaðarsambandanna og stofnun BHS var framhaldsaðalfundur haldinn á sama stað 30. nóvember 2006 og þá gengið frá samþykktum fyrir nýtt búnaðarsamband.

Búfjárefirlit

Búfjárefirliti var sinnt á árinu 2006 í samræmi við samkomulag þar að lútandi við sveitarfélögin. Eins og sést í töflunni fer um 10-11 % af vinnutíma í þetta verkefni en það gefur góða tengingu við alla bændur á eftirlitssvæðinu.

Rekstur RHS á árinu 2006

Rekstur RHS á árinu 2006 gekk þokkalega og skilaði um 1200 þús kr hagnaði. Lítið má þó út af bregða. Veltan á árinu voru tæpar 28 milljónir en laun og starfsmannatengdur kostnaður losar 20 milljónir eða nálægt 73 % af veltu. Eftir sameiningu búnaðarsambandanna og stofnun BHS er einingin orðinn sterkari og þar með betur í stakk búinn að takast á við stærri verkefni og þola meiri sveiflur milli ára.

Rekstur bifreiðar RHS gekk vel á árinu og var aksturskostnaður um 40 kr á km að teknu tilliti til afskrifta, en bílnum var ekið um 20 þús km á árinu. Trúlega fengist viðunandi nýting á öðrum bíl einnig.

Á árinu 2006 sá RHS um rekstur kúasæðinga annars vegar fyrir BSAH og hins vegar fyrir Nautgriparæktarfélag V-Hún en frá áramótum 2006-2007 eru kúasæðingar á öllu svæðinu alfarið á vegum og ábyrgð BHS og er nú nýlega búið að semja við frjótækna á svæðinu.

Anna Margrét Jónsdóttir

Starfsskýrsla 2006

Verkþættir	Hlutfall
Fagleg verkefni	
<i>Sauðfjárrækt</i>	51
<i>Nautgriparækt</i>	1
<i>Hrossarækt</i>	4
<i>Jarðrækt og þróunarverkefni</i>	14
Önnur verkefni	
<i>Fréttabréf, ársrit og heimasíða</i>	16
<i>Endurmenntun</i>	3
<i>Búfjárefirlit</i>	1
<i>Fundir og ýmislegt</i>	10

Árið 2006 fór að hálfu leyti í allt önnur störf en fyrri ár, þar sem ég var í fæðingarorlofi í sex mánuði eða frá 10. mars fram til 19. september. Sá tími sem ég var við störf skiptist nokkurn veginn eins og sjá má í töflunni hér að ofan.

Sauðfjárrækt

Stærsti hluti minnar vinnu á árinu fór í sauðfjárrækt sem fyrr. Hauststörfin eru þar stærsti liðurinn, þ.e.a.s. ómskoðun og stigun lamba ásamt uppgjöri á afkvæmarannsóknunum. Ég mætti ásamt Svanborgu á nokkra fjárræktarfélagafundi á svæðinu. Einnig fór mikill tími í umsjón með sæðingum í desember, en síðastliðið haust fengum við níu sæðingadaga og voru þeir mikið nýttir. Önnur störf í þágu sauðfjárræktarinnar fela í sér aðstoð við skýrsluhald, gerð rekstraráætlauna, merkjapantanir, aðstoð við gæðastýringu og ýmislegt minni háttar.

Nautgriparækt

Nær enginn tími hjá mér fer beint í nautgriparækt.

Hrossarækt

Sá hluti minnar vinnu sem flokkast undir hrossarækt, felur fyrst og fremst í sér vinnu við flettingar í Worldfeng, grunnskráningar og aðra aðstoð vegna skýrsluhaldsins.

Jarðrækt

Nokkuð var tekið af jarðvegssýnum á svæðinu og reyndi ég að leiðbeina mönnum um áburðarnotkun og kölkunarþörf út frá því.

Ég kom talsvert að jarðabótaúttektum og skráningum á þeim.

Áburðaráætlanagerð var að mestu á minni könnu og bættust nokkrir bæir við. Algengast er þó að ég geri áætlanir ár eftir ár fyrir sömu bæina og nota þá heyefna- og jarðvegsefnagreiningar við áætlanagerðina sem styður þá vinnu mjög vel.

Ég vann tunkort fyrir fáeina bæi í Vestur-Húnavatnssýslu. Nú fer vonandi að styttest í að loftmyndagögn fyrir allt landið verði aðgengileg búnaðarsamböndunum. Þá verður hægt að fara á fullt í tunkortavinnslu fyrir bændur, sem mikil þörf er orðin fyrir.

Önnur verkefni

Ég hef haft umsjón með Fréttabréfi RHS, séð að mestu um uppsetningu og frágang til prentunar, auk þess að skrifa í það. Einnig sá ég um uppsetningu á síðasta ársriti RHS og safnaði auglýsingum. Heimasíða Ráðunautaþjónustunnar var tekin í gagnið á árinu og fór nokkur vinna í að setja þar inn upplýsingar.

Undir endurmenntun fellur Fræðaping landbúnaðarins og fleiri fundir.

Sökum tímasetningar fæðingarorlofsins, fór lítill tími hjá mér í búfjárefirtilit. Það sem fellur undir þann lið var því fyrst og fremst við að taka við skýrslum í haust.

Félagsleg verkefni eru ætíð nokkur, má þar telja aðstoð við umsóknir í Bjargráðasjóð, Framleiðnisjóð og önnur umsóknavinna. Einnig vinna við ýmiss konar úttektir, fundarsetur, skipulagning ýmissa funda og fleira þess háttar.

Flesta daga fer síðan nokkur tími í óskilgreind verkefni og má þar telja til ýmis konar tölvuvinnu, símsvörun og önnur skrifstofustörf sem flokkast undir ýmislegt.

Að lokum vil ég þakka bændum á starfssvæði Ráðunautaþjónustunnar fyrir gott samstarf á liðnu ári.

Anna Margrét Jónsdóttir

Þórður Pálsson

Starfsskýrsla 2006

Nautgriparækt	50%
Sauðfjárrækt	15%
Hrossarækt	7%
Jarðrækt	3%
Búfjárefirlit	18%
Ýmislegt	4%
Símenntun	2%
Miðlun	1%

Nautgriparækt

Sá um skýrsluhald í nautgriparækt á öllu svæði Ráðunautaþjónustunnar frá vori 2006 þegar Guðný Helga hætti störfum. Starfið felst aðallega í umsjón með skýrsluhaldinu, senda og yfirfara gögn. Einnig fer mikill tími í leiðréttingar í Markinu sem er heimasíða sem heldur utan um einstaklingsmerkingar á nautgripum og bændum er borgaðar gripagreiðslur eftir. Fór í kúadóma með Jóni Viðari Jónmundssyni. Unnar voru rekstraráætlanir fyrir nokkra bændur.

Sauðfjárrækt

Kom að hauststörfum í sauðfjárræktinni þ.e. lambadómum og fór allnokkur tími í það, en að öðru leyti sinni ég sauðfjárræktinni lítið.

Hrossarækt

Var mælinga- og fótaskoðunarmaður á kynbótasýningu á Hvammstanga. Sinni uppflettingum og eigendaskiptum í Worldfeng. Á landsmóti hestamanna var ég sýningarstjóri í kynbótasýningunum en það var unnið fyrir Bændasamtökin.

Jarðrækt

Hafði umsjón með verkefni um grasþroska, sýni voru tekin einu sinni í viku og send suður til greiningar og niðurstöðurnar birtar á vefnum. Safnaði ég upplýsingum um hverjir stunduðu kornrækt á svæðinu. Tók einnig heysýni og jarðvegssýni hjá nokkrum bændum.

Annað

Á þessu ári fór ég í fæðingarorlof frá 15. nóvember og til 15. janúar.

Þórður Pálsson

Kristján Óttar Eymundsson

Starfsskýrsla 2006

Ég hóf störf 20. febrúar þar sem ég var ráðinn til afleysinga. Fyrst fyrir Önnu Margréti þegar hún fór í fæðingarorlof og síðan fyrir Þórð þegar hann fór í orlof um miðjan nóvember.

Verkefni	Hlutfall
Sauðfjarrækt	30%
Nautgriparækt	6%
Hrossarækt	7%
Jarðrækt og þróunarverkefni	13%
Búfjáreftirlit	19%
Miðlun	6%
Endurmenntun	2%
Annað	17%
	100%

Sauðfjarrækt

Stærsti hluti minnar vinnu fór í sauðfjarræktina. Lambaskoðun að haustinu vegur þar þyngst. Einnig fór töluverður tími í sjálft skýrsluhaldið, bæði við að aðstoða bændur og síðan við umsýslu á gögnum. Eins fór töluverð vinna í kynbótastarfið er tengist sæðingum og hrútakaupum. Fyrir stóran hluta bænda þarf líka að sjá um að panta merki í ásetningslömb. Sá að hluta til um rekstrargreiningar og búrekstraráætlanagerð fyrir sauðfjarrækt.

Nautgriparækt

Þegar Þórður fór í orlof tók ég við að sjá um skýrsluhaldið í nautgriparæktinni. Það fól í sér að yfirfara mjólkurskýrslurnar og senda til BÍ og koma þeim svo til bænda aftur. Skrifaði pistla með mjólkurskýrslum og sá um nautsmæðralista. Skráði inn hjarðbækur hjá þeim bændum sem ekki eru í skýrsluhaldi og hjálpaði til við merkjapantanir. Sá að hluta til um rekstrargreiningar og búrekstraráætlanagerð fyrir kúabændur.

Hrossarækt

Vinnan við hrossaræktina fól fyrst og fremst í sér innslátt á árlegum skýrsluhaldsgögnum, örmerkingum og DNA-greiningum. Aðstoðaði einnig bændur við skil á skýrslum, eigendaskipti og við að gera leiðréttingar í Worldfeng.

Jarðrækt og þróunarverkefni

Tók eitthvað af jarðvegssýnum og leiðbeindi um kölkunarþörf og áburðargjöf í framhaldi af því. Kom aðeins að túnkortagerð og um haustið fór ein vika í skurðamælingar með Árna Snæbjörnssyni. Hafði umsjón með jarðabótaúttektum og skránum á þeim. Úttektir fólust m.a. í því að mæla uppröft úr skurðum og kornakra hjá bændum.

Búfjárefirlit

Mikill tími fór í búfjárefirlitið. Það var fyrst og fremst vegna heimsókna að vorinu en einnig vegna skila á forðagæsluskýrslum að haustinu.

Miðlun

Hafði umsjón með útgáfu fréttabréfsins á meðan Anna Margrét var í orlofi. Setti inn fréttir og fróðleik inn á heimasíðuna og kom einnig að lokafrágangi á ársriti.

Endurmenntun

Sinnti endurmenntun ekki mikið á árinu.

Annað

Flesta daga fer nokkur tími í óskilgreind verkefni. Þar má telja ýmis konar tölvuvinnu, símsvörun og þrif á skrifstofuhúsnæði. Þarna er líka einhver akstur eins og til og frá Hvammstanga. Hluti af tímanum fór í að fylla út umsóknir til Bjargráðasjóðs og Framleiðnisjóðs.

Þakka samstarfsfólki og bændum á svæðinu ánægjuleg og góð kynni á árinu.

Kristján Óttar Eymundsson


Sauðfjárrækt

Kristján Óttar Eymundsson
Anna Margrét Jónsdóttir

Óhætt er að segja að árið 2006 hafi reynst sauðfjárþændum á svæðinu misjafnlega. Slæmt vor koma víða illa við þændur með tilheyrandi afföllum á lömbum. Þegar sumarið kom loksins reyndist það vel til beitar og eins fram á haustið. Þó að víða hafi verið of fá lömb til nytja og fallþungi lægri en fyrri ár, voru afurðamet samt slegin annars staðar eins og hjá þændum á Vatnsnesinu.

Samkvæmt forðgæsluskýrslum var fjöldi sauðfjár á svæðinu alls 83.882 kindur. Sauðfjárfjöldinn hefur á síðustu árum þróast misjafnt eftir sýslum. Í A-Hún er búinn að vera tiltölulega jafn stígandi í sauðfjárfjölda síðustu árin þó að eitthvað virðist hafa dregið úr ásetningi haustið 2006. Í V-Hún varð aftur á móti umtalsverð fjölgun á árinu 2006 miðað við fyrra ár. Á Ströndum hefur sauðfjáreign haldist nokkuð stöðug á milli ára.

Þróun í fjölda sauðfjár á svæðinu árin 2000 –2006




Fjöldi virkra skýrsluhaldara á öllu svæðinu voru á síðasta ári 237 talsins og hefur haldist nokkurn veginn óbreyttur á milli ára. Þó kemur það því miður fyrir að einhverjir skila ekki inn skýrslu á hverju ári sem leiðir til þess að þeir detta út úr gæðastýringunni það árið. Enn eru til þændur sem ekki eru í gæðastýringunni. Ef bornir eru saman skýrsluhaldsbærir og sauðfjár-eigendur á svæðinu haustið 2006 kemur í ljós að 48 aðilar eiga kindur en eru ekki í gæðastýringu. Þar inni eru reyndar nokkrir sem eiga mjög fáar kindur en þó er meðal sauðfjáreign þessara 48 aðila rétt tæplega 100

kindur. Heildarfjöldi sauðfjár sem ekki eru í gæðastýringu samkvæmt því er 4.674 eða tæplega 6% af öllu sauðfé á svæðinu.

Í töflunni hér fyrir neðan og á meðfylgjandi mynd má sjá þróun í afurðum innan hvernar sýslu fyrir sig frá árinu 2002.

Fjárræktarfélag	Félagar	Fjöldi áa	kg/á	kg/hv. á	Fædd	Lömb til
		á skýrslu	m.lambi		lömb e.	nytja e.
					100 ær	100 ær
Hólmavíkurrepps	7	1.206	31,0	29,6	180	169
Blævur	4	1.055	31,8	29,8	175	163
Kaldraneshrepps	4	863	33,4	31,8	186	173
Kirkjubólshrepps	13	2.669	32,2	30,7	193	177
Norðri	10	2.513	30,0	28,4	182	170
Stefnir	15	6.277	28,8	27,3	181	168
Von	10	2.004	30,4	28,9	182	171
Strandasýsla 2006	65	17.057	30,4	28,8	183	170
Strandasýsla 2005	65	17.477	30,4	28,6	183	170
Strandasýsla 2004	63	15.517	30,5	29,0	184	172
Strandasýsla 2003	58	13.529	30,3	28,9	183	172
Strandasýsla 2002	53	12.435	29,7	28,3	184	172
Staðarhrepps	12	3.741	30,8	28,3	186	167
Víðdælinga	15	3.036	29,0	26,3	178	159
Ytri-Torfustaðahrepps	19	4.107	20,7	28,5	183	167
Fremri-Torfustaðahrepps	13	3.656	28,6	26,8	179	163
Vatnsnesinga	22	5.062	33,3	31,5	189	176
V-Húnavatnssýsla 2006	82	20.079	30,7	28,6	184	167
V-Húnavatnssýsla 2005	78	19.234	30,5	28,3	184	168
V-Húnavatnssýsla 2004	79	19.226	29,6	27,6	182	168
V-Húnavatnssýsla 2003	65	15.129	30,1	28,4	184	171
V-Húnavatnssýsla 2002	61	13.082	29,8	28,0	181	168
Sveinstaðahreppur	28	9.824	27,4	24,7	175	155
Svínavatnshreppur	27	5.768	26,6	23,1	165	147
Skagahreppur	13	3.047	26,0	23,4	170	150
Engihlíðarhreppur	7	1.534	26,4	24,0	177	156
A-Húnavatnssýsla 2006	90	23.394	26,7	23,8	171	152
A-Húnavatnssýsla 2005	90	22.323	26,9	24,2	172	155
A-Húnavatnssýsla 2004	68	15.686	26,7	23,9	174	157
A-Húnavatnssýsla 2003	55	12.427	27,4	25,3	176	161
A-Húnavatnssýsla 2002	54	11.101	26,2	24,3	175	160
RHS 2006	237	60.530	29,1	26,8	179	162
RHS 2005	164	40.454	30,1	28,0	183	167
RHS 2004	210	50.429	28,9	26,8	180	165
RHS 2003	163	37.942	29,5	27,8	182	169
RHS 2002	168	36.618	28,7	26,9	180	167



Greiðslumarkseign á öllu svæðinu var í lok árs 68.623 ærgildi. Skiptingin er þó ekki jöfn hlutfallslega eftir svæðum miðað við sauðfjáreign. Í Strandasýslu er greiðslumarkið 99% af sauðfjárfjölda, 76% í V-Hún og 75% í A-Hún.

Þó að fénu hafi fjölgað í heild sinni á svæðinu má segja að áhugi á ræktunarstarfinu hafi aukist enn meira. Alltaf fjölgar þeim bændum sem láta ómmæla og stiga lömb að hausti og alltaf fjölgar þeim lömbum sem hver og einn lætur skoða. Má láta nærri að um 16.000 lömb hafi verið skoðuð haustið 2006. Gekk sú skoðun hratt og vel fyrir sig enda Ráðunautaþjónustan óvenju vel mönnuð þetta árið. Með stærri skoðuðum gimbrahjörðum á mörgum bæjum, færast afkvæmarannsóknir einnig í vöxt. Gerðar voru upp 68 afkvæmarannsóknir sem skiptust þannig: Strandasýsla 25, V-Hún 25 og A-Hún 18. Til samanburðar má geta þess að 67 afkvæmarannsóknir voru gerðar árið áður en þær voru margar hverjar minni að umfangi en nú.

Umfang sæðinga með fersku sæði árin 2002-2006

	2006	2005	2004	2003	2002
A-Hún	1.677	1.733	1.378	1.144	1.089
V-Hún	1.515	1.193	1.174	838	1.229
Strandir	401	558	338	463	586
Samtals	3.593	3.484	2.890	2.445	2.904

Eins og árið áður var boðið upp á 9 sæðingadaga á öllu svæðinu og nýttu bændur sér vel þetta mikla framboð á dögum. Það er mjög ánægjuleg þróun, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess að sennilega hefur aldrei verið verslað með fleiri kynbótahrúta en einmitt nú í haust. Fram til þessa hafði Ráðunautaþjónustan boðið upp á sæðingabjónustu en því var hætt nú

Í haust vegna þess hve óhagkvæm hún var í rekstri. Þess í stað var boðið upp á sæðinganámskeið sem var mjög vel sótt. Bændur fóru því meira út í það að sæða sjálfir. Ráðunautaþjónustan sá um að halda utan um pantanir og deila sæði út til bænda. Má segja að þetta kerfi hafi gefið ágæta raun.

Með bættri afkomu greinarinnar er greinileg vakning orðin hjá bændum. Hún lýsir sér m.a. í því að sífellt fleiri bændur eru farnir að huga að fjárhúsabyggingum, nýgreftri og endurræktun túna. Þessir þættir samfara miklum ræktunaráhuga ættu að skila sér í enn betri árangri í greininni þegar fram líða stundir.

Nautgriparéktin 2006


Þórður Pálsson
Kristján Óttar Eymundsson

Á árinu tóku 46 bú þátt í skýrsluhaldi nautgriparéktarinnar, þar af voru 29 bú í A-Hún og 17 bú í V-Hún. Alls voru það 9 bú á starfssvæði RHS sem stóðu fyrir utan skýrsluhaldið eða voru ekki virkir þátttakendur það árið.

Afurðir á landsvísu árið 2006 voru 5.383 kg af mjólk eftir árskú. Í V-Hún voru þær 5.420 kg en 5.164 kg í A-Hún. Í V-Hún jukust þær um 186 kg/árskú á milli ára en minnkuðu um 55 kg/árskú í A-Hún. Hér er því orðinn töluverður munur á milli sýslna en á landinu öllu jukust afurðirnar um 102 kg mjólk/árskú.

A-Húnvetningar hafa reyndar verið að standa sig vel með mjög góðan stíganda í framleiðslunni síðustu árin. Eftir árið 2005 leit út fyrir að framleiðslan eftir árskú myndi fara yfir landsmeðaltalið á árinu 2006, þó að það hafi ekki orðið raunin. V-Húnvetningar eru aftur á móti búnir að jafna sig eftir niðursveifluna árið 2003 og eru komnir með mjólkurframleiðsluna yfir landsmeðaltal.

Mynd 1. Meðalafurðir árskúa frá árinu 2001.



Búin halda áfram að stækka jafnt og þétt. Í V-Hún var meðalbústærðin 25,3 árskúr og 26,8 árskúr í A-Hún. Yfir landið allt er meðalbúið með 33,3 árskúr, sem er meira en 10% fjölgun á milli ára. Jákvæð þróun er í efnainnihaldi mjólkurinnar, hvort sem litið er á sýslurnar eða landið í heild. Fituprósentan lækkar á milli ára en próteinprósentan hækkar. Sem dæmi um þróunina má nefna að árið 2001 var próteinprósentan í báðum sýslum 3,30% en var árið 2006 3,35% í V-Hún og 3,37% í A-Hún. Þessar tölur eru samt undir landsmeðaltalinu sem var í fyrsta skipti nákvæmlega sömu tölur

og staðaltölurnar sem lengi hafa verið notaðar um íslenska mjólk eða með fituna í 4,00% og próteinið í 3,40%.

Heildargreiðslumark í mjólk á svæðinu í lok ársins var 6.633.887 lítrar og skiptist þannig:

- Austur Húnavatnssýsla 4.160.833 lítrar
- Vestur Húnavatnssýsla 2.267.451 lítrar
- Strandasýsla 205.603 lítrar

Eftir mikla fækkun bóa á undanförunum árum varð sú ánægjulega breyting á árinu 2006 að fjöldi framleiðenda stóð í stað. Það er ljóst að framleiðslusvæðið hefur gott svigrúm til að bæta sig á ýmsum sviðum mjólkurframleiðslunnar og því verður spennandi að fylgjast með áframhaldandi þróun á svæðinu.

Afurðahæstu búin

Á landinu öllu voru það 11 bú sem voru með yfir 7.000 kg af mjólk eftir hverja árskú. Eitt bú á okkar starfssvæði er inni á þeim lista en það er búið hjá þeim Guðnýju og Jóhanni á Bessastöðum með 7.126 kg af mjólk eftir árskúna. Það er jafnframt afurðahæsta búið með tilliti til magns fitu og próteins. Í öðru sæti er það búið á Búrfelli. Í því þriðja eru Brúsastaðir, sem er um leið afurðahæsta búið í A-Hún. 6 bú eru með yfir 6.000 kg af mjólk eftir árskúna, 4 úr V-Hún og 2 úr A-Hún.

1. tafla. Bú með yfir 400 kg af verðefnum eftir árskú á starfssvæði RHS árið 2006.

Raðað eftir samanlögðu magni fitu og próteins (MFP).

Bú	Árs kúr	Mjólk kg	Fitu %	Prótein %	Kjarnf kg	MFP kg
Guðný og Jóhann, Bessastöðum	28,8	7.126	3,88	3,19	1.462	504
Jón og Sigurbjörg, Búrfelli	24,9	6.443	3,87	3,63	1.492	483
Brúsi ehf, Brúsastöðum	46,8	6.188	4,19	3,38	1.352	469
Pétur og Bjarney, N-Torfustöðum	28,1	6.357	3,91	3,42	1.173	466
Ingi H. Bjarnason, N-Svertingsstöðum	13,8	6.260	3,97	3,26	1.127	453
Kristján og Steinar, Steinmýrarstöðum	37,1	6.049	3,97	3,34	1.166	442
Ægir Jóhannesson, Jörfa	59,2	5.944	4,00	3,40	913	440
Baldvin Sveinsson, Tjörn	29,6	5.888	4,01	3,40	1.323	437
Björn Sigurbjörnsson, Hlíð	13,8	5.717	4,03	3,58		435
Gauti Jónsson, Hvammi	19,3	5.573	4,25	3,36	1.469	424
Auðólfstaðabúið, Auðólfstöðum	31,4	5.726	4,22	3,16	992	423
Björn Magnússon, Hólabaki	29,0	5.540	4,14	3,47	1.034	421
Magnús J. Björnsson, Syðra-Hóli	35,2	5.439	4,18	3,36	1.258	410
Meðaltal í V-Hún	25,3	5.420	3,95	3,35	1.049	396

Meðaltal í A-Hún	26,8	5.164	4,01	3,37	1.194	381
Landsmeðaltal	33,3	5.383	4,00	3,40	1.109	398

Mikill breytileiki er í afurðum eftir búum á svæðinu. Til að mynda eru 10 skýrsluhaldsbú í A-Hún með framleiðslu undir 5.000 kg af mjólk eftir árskú og 7 bú í V-Hún. Erfðaeðli kúnna ætti ekki að vera svo ólíkt öðrum íslenskum kúm þannig að hér er því um að ræða umhverfisáhrif sem skapa þessa vannýtingu á afurðasemi kúnna. Með því að bæta umhverfi kúnna, eins og til að mynda með skipulagðari fóðrun, ætti að vera mikill möguleiki á því að auka mjólkurframleiðsluna á svæðinu án þess að þurfa endilega að fjölga kúnum.

Afurðahæstu kýrnar

Þegar horft er til efnamagns mjólkur (summu fitu og próteins) eru það 3 kýr sem mjólka 700 kg og meira. Efst er Sylvía frá Brúsastöðum með 736 kg, Silla sem einnig er frá Brúsastöðum mjólkaði 702 kg. Í þriðja sæti er hún Pála frá Bessastöðum með 700 kg af fitu og próteini. Hún var jafnframt eina kýrin á svæðinu sem mjólkaði yfir 10.000 kg af mjólk eða alls 10.348 kg. Gríma frá Torfalæk var ekki langt frá því að ná því marki með sín 9.803 kg af mjólk.

Árið 2005 voru einungis 4 kýr úr V-Hún af 30 afurðahæstu kúnum. Á árinu 2006 löguðust þau hlutföll til muna en þá voru kýrnar orðnar 13. Ef afurðir efstu kúnna eru skoðaðar á milli ára eru engar stórkostlegar breytingar að sjá. Sami fjöldi kúa eða 15 talsins eru með afurðir á bilinu 600 til 700 kg af verðefnum. Þó er kýrin sem er núna í 30. sæti með aðeins meiri afurðir (580 kg) en kýrin sem var í 30. sæti árið 2005 (577 kg).

2. tafla. 30 afurðahæstu kýrnar á starfssvæði RHS árið 2006.

Raðað eftir samanlögðu magni fitu og próteins (MFP).

Kýr	Frá	F.ár	Faðir	Mjólk kg	Fitu %	Prót %	MFP kg
295 Sylvía	Brúsastöðum	2001	99999	9.214	4,35	3,64	736
233 Silla	Brúsastöðum	1998	99999	8.888	4,55	3,34	702
071 Pála	Bessastöðum	1995	92022 Tjakkur	10.348	3,66	3,11	700
200 Skrauta	Hvammí	1998	88026 Mosi	7.848	5,53	3,35	696
199 Ísæla	Búrfelli	1999	99999	7.446	4,67	4,54	685
207 Smella	Brúsastöðum	2000	92028 Smellur	9.142	4,32	3,17	685
409 Gríma	Torfalæk 2	1999	97002 Bylur	9.803	3,76	3,19	682
155 Blökk	Brúsastöðum	1996	88002 Óli	8.119	4,58	3,47	654
034 Baula	Hlíð	2003	95027 Búandi	7.849	4,85	3,47	653
130 Sóldögg	Bessastöðum	2002	94026 Frískur	9.017	3,74	3,47	650
128 Skrauta	Steinnýjarstöðum	1998	96006 Trefill	8.555	4,13	3,34	639

155 Jóla	Steinnýjarstöðum	2001	94013 Pinkill	8.376	4,29	3,30	636
109 Bjóla	Bessastöðum	2000	92028 Smellur	8.551	4,09	3,31	632
150 Lína	Steinnýjarstöðum	2002	94017 Kaðall	8.345	4,32	3,24	631
194 Grásiða	Búrfelli	1999	99999	8.255	3,83	3,60	613
126 Frumraun	Bessastöðum	2002	99027 Tinni	8.602	3,90	3,22	612
239 Branda	Auðólfssstöðum	2001	94017 Kaðall	7.894	4,68	3,07	612
096 Þura	Tannstaðabakka	2000	99999	7.562	4,76	3,24	604
275	Jörfa		99999	8.100	4,00	3,40	599
186 Ljómalind	Brúsastöðum	1999	97001 Teinn	7.976	4,12	3,32	593
150 Hæra	Syðra-Hóli	2001	98052 Þrasi	6.438	5,47	3,70	590
140 Búrkolla	Bessastöðum	2002	99999	8.932	3,62	2,98	590
026 Þúfa	Tjörn	1999	99999	7.962	4,00	3,40	589
232 Milla	Brúsastöðum	2000	99999	6.636	5,29	3,58	589
191 Rólína	Búrfelli	1998	89001 Þyrnir	7.076	4,42	3,87	587
125 Skríttla	Jörfa	1993	99999	7.912	4,00	3,40	586
120 Iða	Bessastöðum	2001	92022 Tjakkur	8.798	3,64	2,99	584
241 Fluga	Brúsastöðum	1999	99999	6.980	4,93	3,42	583
297	Jörfa		99999	7.860	4,00	3,40	582
480 Doppulína	Torfalæk 2	2002	99999	8.579	3,75	3,01	580

Athyglisvert er að sjá hve margar af afurðahæstu kúnum eru ófedraðar. Af 30 efstu kúnum eru það 13 kýr eða tæplega helmingur. Stór hluti þessara ófedruðu gripa eru undan heimanautum. Þó að þessi vöntun á ætternisupplýsingum háí ekki kúnum sem einstaklingum er þetta þó bagalegt með tilliti til ættfærslu á kúnum og þá útreikningi á kynbótamati og fleiru en ætternisskráningin er grunnurinn að ræktun íslensku kýrinnar. Því er ástæða til að hvetja bændur til að verða sér út um nautanúmer á þessi naut hjá búnaðarsambandinu og fá þau þannig skráð inn í skýrsluhaldskerfið. Mikil aukning hefur reyndar verið í kvígusæðingum undanfarna mánuði þannig að þegar fram líða stundir ættu þessi hlutföll að lagast til muna.

Útlitsdómar

Kúadómar fóru fram dagana 31. maí til 2. júní en þá fóru þeir Jón Viðar Jónmundsson nautgriparræktarráðunautur og Þórður Pálsson ráðunautur á flesta skýrsluhaldsbæi á starfssvæði ráðunautabjónustunnar. Samtals var 41 bær heimsóttur og skoðaðar 291 kýr, sem er líklega mesti fjöldi sem komið hefur til dóms á svæðinu í einu.

3. tafla. Dæmdar kýr árið 2006 með einkunnina 87 og hærri á starfssvæði RHS.

Kýr	Frá	Faðir	Útlitsdómur	Kynb. mat alls
287 Dís	Stekkjardal	94005 Klaki	30 19 17 19 5 = 90	
098 Krás	N-Svertingsstöðum	01011 Glópur	32 17 17 18 5 = 89	
140 Ferja	Staðarbakka 2	00017 Kistill	31 18 17 18 5 = 89	
490 Búbót	Torfalæk 2	00002 Guffi	29 19 18 18 5 = 89	
159 Rauðskinna	Syðra-Hóli	94017 Kaðall	30 17 18 19 5 = 89	117
110 Salka	Brandsstöðum	00032 Gosi	30 18 17 19 5 = 89	
091 Kolbrá	N-Svertingsstöðum	00045 Lás	29 18 18 18 5 = 88	
266 Hryggja	N-Torfustöðum	01008 Lói	30 18 18 18 4 = 88	
256 Klukka	Brúsastöðum	00004 Klakkur	33 17 16 18 4 = 88	86
182 Komma	Stóra-Búrfelli	94032 Punktur	29 18 17 19 5 = 88	110
184 Ösp	Stóra-Búrfelli	94032 Punktur	29 18 18 18 5 = 88	111
260 Fönn	Auðólfstöðum	94026 Frískur	29 18 17 19 5 = 88	
095 Kola	N-Svertingsstöðum	00045 Lás	28 18 18 18 5 = 87	106
150 Fjðla	Bessastöðum	00045 Lás	29 18 18 18 4 = 87	101*
260 Buska	N-Torfustöðum	94013 Pinkill	30 18 16 18 5 = 87	
312 Móa	Syðsta-Ósi	00881 Fengsæll	30 17 17 18 5 = 87	94*
336 Magga	Syðsta-Ósi	00045 Lás	28 18 18 18 5 = 87	
340 Hrefna	Syðsta-Ósi	01001 Húsi	29 17 18 18 5 = 87	
347 Blökk	Syðsta-Ósi	95034 Krummi	30 17 17 18 5 = 87	92*
253 Leista	Brúsastöðum	00009 Gikkur	29 17 17 19 5 = 87	96
275 Dís	Brúsastöðum	94013 Pinkill	29 17 17 19 5 = 87	
402 Laufey	Sauðanesi	95010 Soldán	28 17 18 19 5 = 87	
407 Glódís	Sauðanesi	94019 Búri	29 17 17 19 5 = 87	
005 Varða	Grænuhlíð	00021 Vörður	30 17 17 18 5 = 87	102
193 Branda	S-Löngumýri	00010 Laski	29 18 17 18 5 = 87	
202 Búbót	Stóra-Búrfelli	01001 Húsi	29 18 16 19 5 = 87	
033 Hjálma	Hlíð	94032 Punktur	28 18 17 19 5 = 87	
154 Ugla	Syðra-Hóli	98046 Hræsingur	30 16 17 19 5 = 87	
164 Rauðbrá	Syðra-Hóli	95010 Soldán	30 17 17 18 5 = 87	
244 Stjama	Hvammi	00022 Ísbúri	29 19 18 16 5 = 87	
246 Glódís	Brandsstöðum	99034 Oddi	30 17 17 18 5 = 87	*

* = dauðar í árslok 2006

Útlitsdómurinn eru reiknaður saman úr fimm tölum. Fyrsta talan er einkunn fyrir skrokk (hæst 35), önnur fyrir júgur (hæst 20), þriðja fyrir

spena (hæst 20), fjórða fyrir mjaltir (hæst 20) og fimmta fyrir skap (hæst 5).

Dómar þessir eru notaðir til að velja úr óreyndu nautunum þau naut sem best þykja til áframhaldandi notkunar. Einnig gefst færi á að endurmeta þær kýr sem eru inná nautsmæðralista. 23 kýr fengu undir 80 stig í einkunn sem telst frekar slæmur dómur, t.d. fá kýr ekki að vera nautsmæður ef þær eru með lægri einkunn en 80 í útlitsdóm, þó svo að þær hafi hátt kynbótamat.

Nautsmæður

Kýr með 115 og hærra í kynbótamat eru 23 talsins og eru þær taldar nokkuð öruggar sem nautsmæður. Kýr sem hafa kynbótamat frá 110 til 114 koma til greina sem nautsmæður séu þær afurðagripir um jógur- og spenagerð og hafa að auki góða umsögn fyrir mjaltir og skap. Einnig þurfa þær að hafa jákvætt frávik fyrir eigin afurðir, vera kollóttar og hafa próteinhlutfall yfir 90. Á svæðinu eru 48 kýr með kynbótamat á bilinu 110 til 114. Mun fleiri kýr eru á nautsmæðraská á þessu ári en t.d. í fyrra en þá voru þær 42 talsins.

4. tafla. Nautsmæður með 115 stig og hærra í kynbótamat.

Kýr	Frá	Faðir	Kynbótamat				Útlitsdómur					
			Æ	E	alls	Prót	Skr	Júg	Sp	Mj	Ska	Alls
140Heiðbrá	Hnjúki	95010 Soldán	116	16	132	113	27	16	16	18	5	82
107Birgitta	Bakka	95010 Soldán	117	11	128		30	16	16	17	4	83
225Ösp	N-Torfustöðum	94032 Punktur	113	14	127	96	28	16	18	18	4	84
096Mirja	N-Svertingsstöðum	95010 Soldán	119	5	124	116	27	17	16	16	5	81
238Bauga	Hvammi	94017 Kaðall	114	7	121		29	17	17	17	4	84
149Sóley	Steinnýjarst.	94032 Punktur	112	9	121	87	28	17	18	18	4	85
124Dögg	Brautarholti	94017 Kaðall	114	7	121	119	29	16	16	16	5	82
109Selma	Bakka	94026 Frískur	113	7	120		27	17	16	18	5	83
075Sól	N-Svertingsstöðum	97010 Stígur	116	3	119	103	28	15	15	18	5	81
130Sóldögg	Bessastöðum	94026 Frískur	110	8	118	124	28	18	17	19	5	87
186Nótt	Steinnýjarst.	00035 Náttfari	115	2	117	95	28	15	16	18	5	82
230Stjarna	Fremstagili	95010 Soldán	110	7	117		27	17	16	18	5	83
159Rauðsk.	Syðra-Hóli	94017 Kaðall	113	4	117	114	30	17	18	19	5	89
265Rauðadís	N-Torfustöðum	95010 Soldán	113	4	117		28	17	16	18	5	84
234Spuming	N-Torfustöðum	94032 Punktur	114	3	117	96	26	18	18	18	4	84
150Lína	Steinnýjarst.	94017 Kaðall	112	4	116	101	29	17	16	18	5	85
383Raula	Sauðanesi	94017 Kaðall	111	5	116	113	28	16	15	18	5	82
295Sylvía	Brúsastöðum	99999	94	22	116	111						óðæmd
182Hlíf	Höskuldsstöðum	94013 Pinkill	111	5	116	111	30	17	17	18	5	87

264 Saga	Litlu-Ásgeirsá	94013 Pinkill	111	5	116		27	17	16	15	5	80
300 Kota	Syðsta-Ósi	94017 Kaðall	107	8	115	107	28	17	17	16	5	83
087 Eik	N-Svertingsstöðum	94017 Kaðall	111	4	115	110					óðæmd	
250 Máney	N-Torfustöðum	95036 Sproti	111	4	115	108	28	17	15	18	5	83

Á árinu var 1 kálfur af svæðinu tekinn inn á stöð. Hann er undan Dís nr. 211 frá Neðri-Torfustöðum og Hersi 97033. Reyndar var hann svo felldur sem getur alltaf komið upp á.

Sæðingamenn og bændur fá árlega yfirlit yfir nauksmæðurnar og eru hvattir til að sæða efnilegustu mæðurnar með nauksfeðrum til að fá góða möguleika á að fá góðan grip. Annað hvort efnilega kvígu eða naut sem tekið er til uppeldis sem sæðinganaut.

Hrossaræktin 2006

Gunnar Ríkharðsson

Skv vinnuskýrslum fara nú um 8% af vinnutíma ráðunauta í verkefni tengd hrossaræktinni og virðist sá tími heldur vera að aukast enda sífellt gerðar meiri kröfur um skýrsluhald í hrossarækt eins og í öðrum búgreinum. Stærsti hluti vinnunnar tengist skýrsluhaldinu en einnig er nokkur vinna í tengslum við árlega kynbótasýningu í héraðinu og einnig ýmsar aðrar upptökur.

BHS sér nú um allt skýrsluhald í hrossarækt á starfssvæði sínu og fær greitt fyrir það frá Bændasamtökum Íslands. Ekki er ólíklegt að svipuð þróun eigi sér stað í öðrum búgreinum þegar allt gagnasafn þeirra verður komið á netið og því hægt að sinna því hvar á landinu sem er.

Á síðasta ári var tekin upp sú nýjung að bjóða bændum upp á heimsókn kynbótadómara til að meta ungfola heima á bæjum og gefa um þá skriflega umsögn varðandi byggingu og hreyfingar. Líkaði bændum þetta vel og verður þetta endurtekið nú á vordögum.

Ég þakka bændum og starfsmönnum ánægjuleg samskipti á liðnu ári.

Gunnar Ríkharðsson

Jarðræktin 2006

Kristján Óttar Eymundsson
Anna Margrét Jónsdóttir

Töluvert starf fer í jarðræktina á hverju ári. Ef þess var óskað mættu ráðunautar á aðalfundi hjá búnaðarfélögum. Þar var m.a. rætt um mikilvægi endurræktunar og kosti og galla verktöku við jarðvinnslu og heyskap. Um haustið kom Árni Snæbjörnsson á svæðið til að aðstoða við að mæla fyrir skurðum. Bændur tóku því mjög vel og var farið á 14 bæi.

Haldið var áfram með skipulega jarðvegssýnatöku á svæðinu og stóð til að taka nú í hinum fornu Svínavatnshrepp, Bólstaðarhlíðarhrepp, Staðarhrepp og Broddaneshrepp. Lítil áhugi reyndist á að láta taka sýni en að sjálfsgöðdu voru tekin jarðvegssýni á öðrum svæðum, þar sem þess var óskað. Alls voru tekin 68 sýni á 12 bæjum. Það sem var almennt einkennandi við niðurstöður þessara sýna var að sýrustigið var of lágt. Oft á tíðum of lágt til þess að sáðgresi geti þrífist vel eða undir pH 5,0. Það er því ljóst að víða er þörf á kölkun og eitthvað sem ætti skilyrðislaust að fylgjast að með endurræktun á túnunum. Fósforðgildi mældust almennt há og kalígildi nokkuð há líka.

Niðurstöður jarðvegssýna – meðaltöl eftir sýslum

Sýsla	Bæir	Fj.sýna	pH	Pal	Pcarb	Ca	Mg	K	Na
A-Hún	6	17	5,29	11,99	5,08	12,25	4,86	0,80	0,65
V-Hún	1	25	5,30	20,18	6,89	16,79	5,33	0,83	0,80
Strandir	5	26	5,02	29,94	8,50	11,45	3,60	1,25	1,11

Umfang jarðabóta var mun meira en árin áður. Það fólst fyrst og fremst í vinnu við skráningu og úttektir á nýjum lið sem var um endurbætur á húsum til bættrar aðbúnaðar gripa og/eða bættrar vinnuáðstöðu. Einnig var nokkuð um úttektir vegna hreinsun skurða og kornræktar.

Vorið 2006 var sáð korni til þroska í um 50 ha í A-Hún en nokkrir bændur fóru yfir í Skagafjörðinn og sáðu korni þar í rúmlega 60 ha. Alls sáðu Austur-Húnavetningar því korni í um 110 ha en það er mikil aukning frá árinu áður. Um miðjan ágúst fóru ráðunautar í kornskoðunarferð þar sem heimsóttir voru 9 bæir. Kornþroski var yfirleitt kominn langt á veg og gulur blær var kominn á akrana. Um haustið náðist að þreskja allt korn sem sáð var til um vorið og reyndist uppskeran frá því að vera þökkaleg upp í að vera góð. Með hliðsjón af hækkandi kjarnföðurverði er ljóst að kornræktin ætti að vera orðin mjög fýsilegur kostur fyrir marga bændur.

Búrekstraráætlanir 2006

Þórður Pálsson
Kristján Óttar Eymundsson

Alls voru 18 bú þátttakendur á þessu ári og þar af eru fjórir nýir aðilar sem byrjuðu á árinu. Af þessum þátttakendum eru 10 aðilar með kúabú og 8 aðilar með sauðfjárabú. Þetta er heldur meiri fjöldi en verið hefur síðustu ár. Árið 2005 voru 15 bú skráð í verkefnið sem var sami fjöldi og árið áður.

Í búnaðarsamningi er gert ráð fyrir að 20 milljónir á ári fari í þennan málaflökk hjá búnaðarsamböndunum en hlutdeild hvers og eins í þeim peningum ræðst af fjölda þátttakenda á hverju svæði fyrir sig. Ekki hefur verið nægjanlegur kraftur í þessu starfi á svæðinu og hlutfallslega mjög fáir aðilar í verkefninu miðað við stærð svæðisins. Til þess að augin þátttaka náist er ljóst að það verður að halda verkefninu mjög að bændum. Reynslan hefur sýnt að ekki er nægur hvati fyrir bændur að vera með í verkefninu. Bændur hafa helst komið inn í verkefnið í framhaldi af því að þeir hafa leitað eftir rekstraráætlun vegna fjárfestinga, skuldbreytinga eða ættliðaskipta. Almennt virðast bændur vera nokkuð áhugalitlir um eigin rekstur og hvernig hægt sé að bæta hann.

Ljóst er að ef nást á inn eðlilegur fjöldi þátttakenda verður að halda verkefninu mjög að bændum og láta það virka áhugahvetjandi. Það verður verkefni næstu missera.

Fjöldi búfjár á svæði RHS veturinn 2006-2007

Nautgripir á svæði BHS veturinn 2006-2007

	Kýr	Holdakýr	Kvígur	Geldneyti	Kálfar	Samtals
Blönduósbær	107		21	95	109	332
Húnavatnshreppur	597	74	161	441	499	1.772
Höfðahreppur				11	3	14
Skagabyggð	229	1	54	209	195	688
A-Hún Samt. 2006-2007	933	75	236	756	806	2.806
A-Hún Samt. 2005-2006	869	73	220	693	728	2.583
Mismunur	64	2	16	63	78	223

Húnaþing vestra	513	140	138	576	540	1.907
V-Hún Samt. 2006-2007	513	140	138	576	540	1.907
V-Hún Samt. 2005-2006	520	115	155	553	496	1.839
Mismunur	-7	25	-17	23	44	68

Árneshreppur						0
Kaldrananeshreppur						0
Bæjarhreppur	60	1	12	66	59	198
Strandabyggð						0
Strandir Samt. 2006-2007	60	1	12	66	59	198
Strandir Samt. 2005-2006	47	1	13	55	50	166
Mismunur	13	0	-1	11	9	32

Sauðfé á svæði BHS veturinn 2006-2007

	Ær	Hrútar	L.gimbrar	L.hrútar	Samtals
Blönduósbær	2.099	76	474	36	2.685
Húnavatnshreppur	20.854	662	4.322	324	26.162
Höfðahreppur	152	3	16	1	172
Skagabyggð	4.161	135	822	60	5.178
A-Hún Samt. 2006-2007	27.266	876	5.634	421	34.197
A-Hún Samt. 2005-2006	26.913	842	5.561	417	33.733
Mismunur	353	34	73	4	464

Húnaþing vestra	21.234	646	4.992	423	27.295
V-Hún Samt. 2006-2007	21.234	646	4.992	423	27.295
V-Hún Samt. 2005-2006	20.995	595	4.948	377	26.915
Mismunur	239	51	44	46	380

Árneshreppur	2.059	46	406	55	2.566
Kaldrananeshreppur	918	32	205	26	1.181
Bæjarhreppur	6.269	183	1.315	108	7.875
Strandabyggð	8.325	264	1.595	184	10.368
Strandir Samt. 2006-2007	17.571	525	3.521	373	21.990
Strandir Samt. 2005-2006	17.863	520	3.604	388	22.375
Mismunur	-292	5	-83	-15	-385

Hross á svæði BHS veturinn 2006-2007

	Hryssur	Hestar	Tryppi	Fölöld	Samtals
Blönduósbær	350	269	211	75	905
Húnavatnshreppur	2.259	972	965	400	4.596
Höfðahreppur	60	42	35	5	142
Skagabyggð	337	153	121	33	644
<i>A-Hún Samt. 2006-2007</i>	3.006	1.436	1.332	513	6.287
<i>A-Hún Samt. 2005-2006</i>	2.876	1.388	1.447	496	6.207
<i>Mismunur</i>	130	48	-115	17	80
Húnaþing vestra	1.786	908	945	395	4.034
<i>V-Hún Samt. 2006-2007</i>	1.786	908	945	395	4.034
<i>V-Hún Samt. 2005-2006</i>	1.787	944	902	306	3.939
<i>Mismunur</i>	-1	-36	43	89	95
Árneshreppur	2				2
Kaldrananeshreppur	11	3	4	2	20
Bæjarhreppur	83	76	23	20	202
Strandabyggð	57	67	14	1	139
<i>Strandir Samt. 2006-2007</i>	153	146	41	23	363
<i>Strandir Samt. 2005-2006</i>	174	150	51	15	390
<i>Mismunur</i>	-21	-4	-10	8	-27

Niðurstöður heysýna sumarið 2006

	A-Hún	V-Hún	Strandir	2006	2005	2004
Fjöldi	37	17	8	62	94	170
Purrefni %	50	51	44	50	58	59
Meltanleiki %	69,4	68,9	69,5	69,3	69,8	69,5
FEm/kg þe	0,79	0,78	0,79	0,79	0,79	0,79
Hráprótein % þe	17,1	15,9	17,6	16,8	17,9	17,2
AAT g/kg þe	70	70	69	70	75	74
PBV g/kg þe	50	38	56	47	48	43
Kalsíum (Ca) g/kg þe	4,0	3,5	3,8	3,9	3,8	3,8
Fosfór (P) g/kg þe	3,5	3,3	3,6	3,5	3,7	3,4
Magnesíum (Mg) g/kg þe	2,6	2,3	2,5	2,5	2,5	2,5
Kalí (K) g/kg þe	18	18	16	18	20	17

Aðalfundur BHS - haldinn í Ásbyrgi

24. apríl 2007

Dagskrá og afgreiðslur

1. Fundarsetning og skipan starfsmanna

Jón Gíslason formaður BHS setti fundinn og bauð fundarmenn og gesti velkomna. Hann lagði til að Jóhannes Torfason stjórnaði fundi og Anna Margrét Jónsdóttir ritaði fundargerð. Hann lagði jafnframt til að kjörbrefanefnd færi yfir kjörbref í hádegishléi og kynnti álit sitt að því loknu.

2. Skýrsla formanns

Jón Gíslason flutti skýrslu stjórnar. Þetta er fyrsti fundur nýstofnaðs Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda og þar með er kvödd Ráðunautapjónusta Húnaþings og Stranda. Ákveða þarf á fundinum starfsreglur Þróunarsjóðs Búnaðarsambandsins en í hann hafa verið lagðar 5,2 milljónir. Ákveða þarf árgjald til félagsins og innheimtu þess, sem og félagsaðild. Hann ræddi einnig mál frá Búnaðarþingi og þær tillögur sem komu frá BHS þangað. BHS hefur nú frá áramótum tekið við öllum kúasæðingum á svæðinu og hefur samið við starfandi frjótækna á svæðinu. Sama gjald er greitt til allra frjótækna á svæðinu 3740 kr. á sæðingu og 500 kr. aukalega á Ströndum. Einnig var ákveðin gjaldskrá fyrir svæðið en það verður jafnframt verkefni fundarinnis að ákveða framtíðargjaldskrá sæðinga. Haldinn var fjölmennur fundur á Blönduósi um þjóðlendumál og fenginn þangað lögfræðingur og formaður nýstofnaðra Landssamtaka landeigenda. Búnaðarsambandið hefur tekið þátt í Impru verkefni sem er nýsköpunarverkefni í dreifbýli.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra og reikningar

Gunnar Ríkharðsson framkvæmdastjóri BHS flutti starfsskýrslu BHS og fór yfir reikninga. Starfsemin árið 2006 var nokkuð hefðbundin, álagstímar eru í sauðfjárræktinni að haustinu og kringum búfjárefirlit seinni hluta vetrar. Skráð vinna var um 6.500 klst eða rétt um fjögur ársverk og skiptist á 6 ráðunauta. Anna Margrét var í fæðingarorlofi í 6 mánuði og Þórður var í fæðingarorlofi í 3 mánuði. Kristján Óttar Eymundsson var ráðinn til að leysa þau af. Guðný Helga hætti síðan störfum í kjölfar sveitarstjórnarkosninga. Á vordögum 2007 hætti Svanborg síðan störfum en mun vonandi aðstoða við hauststörfin eitthvað áfram.

Skipting á vinnutíma milli búgreina og annarra starfa er nokkuð stöðug en sveiflast þó örlítið milli ára.

Skilgreina þarf betur hvernig rukkað er fyrir þjónustu BHS.

Magnús Sigsteinsson forstöðumaður byggingaþjónustu BÍ kom á svæðið og fór í heimsókn til þeirra bænda sem óskuðu. Var það mjög eftirsótt og ber vott um vaxandi bjartsýni meðal bænda sem er að sjálfsögðu mjög gott.

Rekstur RHS á árinu 2006 gekk þokkalega og skilað um 1.200 þús. kr. hagnaði. Lítið má þó út af bregða. Keypt var bifreið á árinu og gekk rekstur hennar vel. Aksturskostnaður var um 40 kr. á km með afskriftum en bílnum var ekið um 20.þús. km á árinu.

Markmiðstengdar búrestraráætlanir voru unnar fyrir 18 þátttakendur árið 2006 sem er svipaður fjöldi og hefur verið. Þetta er verkefni sem þarf að endurskoða og setja meiri kraft í, en það hefur gengið illa að ná því á flug. Sauðfjárrækt og nautgriparrækt hefur verið í svipuðum skorðum, það er aukning í þátttöku í ræktunarstarfi í sauðfjárrækt, t.a.m. í lambaskoðunum og sæðingum. Sú breyting varð á að RHS bauð ekki formlega upp á sæðingahjónustu í sauðfjárrækt, en haldið var sæðingánámskeið og eru æ fleiri bændur farnir að sæða hjá sér sjálfir. Jarðabætur voru talsverðar á árinu. Árni Snæbjörnsson kom á svæðið og mældi fyrir skurðum þar sem þess var óskað. Kornræktin er mikið að aukast, sáð var korni til þroska í um 50 ha í A-Hún og auk þess sáðu húnvetnskir bændur í um 60 ha norður í Skagafirði. Nýbreytni var að boðið var upp á ungfólaskoðun heima á bæjum sem hlaut góðar undirtektir og verður endurtekið nú á vordögum.

Rekstartekjur alls voru 27.808.906 kr. eða um 4,5 milljónum meiri en árið 2005. Rekstrargjöld alls voru 26.803.698 kr eða um 3,8 milljónum meiri en árið 2005. Fjármagnstekjur umfram fjármagnsgjöld voru 203.992 kr og hagnaður ársins því 1.209.200 kr. Eignir í árslok eru samtals 9.799.157 kr, eigið fé 5.795.995 kr og skuldir 4.003.162 kr.

4. Umræður um skýrslur og reikninga

Stefán Á. Jónsson kvað sér hljóðs sem skoðunarmaður reikninga. Hann kvað þá reikningana vera vel færða og vel um reksturinn hugsað.

5. Matarhlé

6. Álit kjörbréfanefndar

Birgir Ingbórsson kynnti alit kjörbréfanefndar

Bf. Áshrepps

Birgir Gestsson

Árni Bragason

Bf. Sveinsstaðahrepps

Gunnar Ellertsson

Magnús Pétursson

Bf. Svínavatnshrepps

Ægir Sigurgeirsson

Jóhann Guðmundsson

Bf. Torfalækjarhrepps

Jón Kristófer Sigmarsson

Grímur Guðmundsson

Bf. Skagahrepps

Guðjón Ingimarsson

Bf. Miðfirðinga

Gísli Magnússon

Jón Eiríksson

Kristófer Jóhannesson

Bf. Staðarhrepps

Ásgeir Sverrisson

Bf. Viðdælinga

Örn Óli Andrésson

Júlíus Guðni Antonsson

Bf. Vatnsnesinga

Heimir Ágústsson

Baldur Heimisson

Bf. Árneshrepps

Gunnar Dalkvist

Bf. Kirkjubólshrepps

Reynir Björnsson

Bf. Bæjarhrepps og Bitru

Rögnvaldur Gíslason

Máni Laxdal

Félag kúabænda A-Hún

Magnús Sigurðsson

Linda B. Ævarsdóttir

Jóhannes Torfason

Nautgriparæktarfélag V-Hún

Skúli Einarsson

Guðný Helga Björnsdóttir

Félag sauðfjábænda A-Hún

Birgir Inghórsson

Jakob Sigurjónsson

Steingrímur Ingvarsson

Félag sauðfjábænda V-Hún

Böðvar Sigvaldi Böðvarsson

Gunnar Þorgeirsson

Matthildur Hjálmarsdóttir

Félag sauðfjábænda Ströndum

Guðbrandur Björnsson

Björn Torfason

Jóhann Ragnarsson

Samtök hrossabænda A-Hún

Magnús Jósefsson

Björn Magnússon

Gunnar Ríkharðsson

Félag hrossabænda V-Hún

Pálmi Geir Ríkharðsson

Jóhann Magnússon
Ingvar Jóhannsson

7. Erindi gesta:

Haraldur Benediktsson formaður BÍ flutti erindi og óskaði fundarmönnum til hamingju með sameiningu búnaðarsambandanna. Hann ræddi um Starfsmenntasjóð BÍ sem var stofnaður m.a. til að hægara yrði fyrir bændur að sækja námskeið utan ramma þeirrar endurmenntunar sem boðið er upp á hjá Landbúnaðarháskóla Íslands. Sjúkrasjóður BÍ var stofnaður 2004 og er markmið hans að styrkja sjóðsfélaga vegna langvarandi veikinda og tekjutaps vegna þeirra t.d. til að kosta afleysingar. Hagnaður af rekstri Hótel Sögu hefur verið lagður í sjúkrasjóðinn. Orlofssjóður BÍ stendur bændum jafnframt til boða en BÍ eiga 2 sumarhús á Hólum og íbúð í Sólheimum, Reykjavík. Þar fyrir utan hefur verið úthlutað orlofsstyrkjum til bænda sem nota má til að leigja sumarhús annars staðar á landinu. BÍ hefur verið með rammisamning við Vís um bændatryggingar. Einnig ræddi Haraldur um Lífeyrissjóð bænda. Hann ræddi einnig nýja vefsíðu Bændablaðsins, verkefni Beint frá býli, skýrsluhaldskerfi í nautgriparækt og framboðsfundi þar sem fulltrúum stjórnaráflokka er boðið að koma og ræða landbúnaðarmál á opnum bændafundum í hverju kjördæmi.

Eiríkur Blöndal framkvæmdastjóri BV flutti erindi og fór yfir sögu sameiningar búnaðarsambandanna sem nú mynda Búnaðarsamtök Vesturlands. Sá ferill hófst 1985 og hefur síðan orðið í nokkrum áföngum. Starfsstöðvar eru nú orðnar tvær, ein á Hvanneyri og önnur á Ísafirði. Eftirsjá var í fyrstu að hinum dreifðu starfsstöðvum sem áður voru en reynslan hefur sýnt að bændur eru ánægðir með þjónustuna eins og hún er í dag. Hann sagði að forsenda til að þjónusta svona stórt svæði sé að búnaðarsamböndin eigi sína bíla. Bændur verði jafnframt að hafa skilning á að nýta þurfi ferðina og sérstaka aðgát þarf að hafa á að jaðarsvæðum sé sinnt. Verkefni búnaðarsambanda eru mörg og misstór og hluti af ráðgjöfinni er það almenns eðlis að erfitt er að rukka fyrir hana. Hjá Búnaðarsamtökum Vesturlands eru búnaðarfélögin grunneiningar. Félagssvæðið er frá Hvalfirði í Gilsfjörð með samstarfssamning við bsb. Kjalarnesþings og bsb Vestfjarða. Fastir starfsmenn eru 10 talsins og þar fyrir utan koma fleiri að sauðfjársæðingum, búfjárefirliti o.fl. svo alls eru ársverkin 14. Almennur taxti á útseldri þjónustu til aðila sem ekki eru bændur á starfssvæði BV er 8.000 kr/klst. Sértekur leiðbeiningar til bænda er 3.400 kr/klst en ekki er rukkað fyrir almennar leiðbeiningar. Sértekur leiðbeiningar teljast t.d. gerð áburðaráætla, sýnataka, rekstrarleiðbeiningar o.fl. sem takmarkast við einn ákveðinn bónda í senn. Á vegum BV er verkefnið Betri bú sem er unnið eftir reglum markmiðstengdra búrekstraráætla. Í því eru um 80 þátttakendur og er það unnið þannig að rukkað er fyrir þá vinnu sem fer í verkefnið en bændur fá síðan styrkinn til sín ef verkefnið uppfyllir öll skilyrði. Framtíð leiðbeiningamiðstöðva byggist á hæfni okkar til að selja þá þekkingu sem

til staðar er, samstarfi við rannsóknastöðvarnar og samstarfi milli búnaðarsambanda. Á vegum BV hefur m.a. verið ráðist í stofnun hlunnindafélaga vegna skotveiði. Í sumar voru haldnir Bændamarkaðir á vegum BV sem hafa það að markmiði að efla heimavinnslu og sölu afurða og bæta tengingu milli framleiðenda og neytenda. Hafin er vinna við að hnitsetja landamerki bújarða á svæði BV. Nýbúið er að fjárfesta í klaufskurðarbás. Verið er að vinna í brunavörnum í gripahúsum. Síðasti aðalfundur BV ákvað síðan að ráðast á þjóðlendumál af fullum krafti.

8. Umræður um erindin

Magnús Sigurðsson þakkaði frummælendum góð erindi. Hann benti á að sjúkrasjóður BÍ sé ekki nógu vel kynntur og kvaðst vera hlynntur því að orlofsshúsin á Hólum væru seld og frekar greiddur orlofsstyrkur, hann spurði einnig út í halla á framtíðarskuldbindingum lífeyrissjóðs bænda ofl. Hann beindi einnig nokkrum spurningum til Eiríks varðandi búnaðarfélögin sem grunneiningar búnaðarsamtakanna ofl.

Guðbrandur Björnsson kom í pontu og ræddi þjóðlendumál. Einnig ræddi hann sýnatöku vegna arfgerðargreiningar m.t.t. riðu að hún væri allt of dýr. Jón Gíslason spurði Eirík út í gjaldtöku til einstakra bænda og félagsaðild. Rafn Benediktsson hrósaði Haraldi fyrir nýjan kynningarbækling BÍ og önnur kynningarstörf BÍ.

Jóhann Guðmundsson ræddi hækkun á raforku í dreifbýli og spurði Harald hvort reynt yrði að gera eitthvað í því.

Haraldur og Eiríkur komu aftur í pontu og svöruðu fyrirspurnum.

9. Nefndarstörf og afgreiðsla mála

Gert var fundarhlé til nefndarstarfa.

10. Mál lögð fram:

Fundarstjóri kynnti eftirfarandi tillögu:

Aðalfundur Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda haldinn í Ásbyrgi 24. apríl 2007 samþykkir að árlega sé haldinn fundur formanna aðildarfélaga BHS í annari viku nóvember þar sem mótuð er fagleg stefna BHS í hverri búgrein fyrir sig og hugað að málum til Búnaðarþings.

Samþykkt samhljóða

Jóhann Guðmundsson kynnti eftirfarandi tillögu:

Aðalfundur Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda haldinn í Ásbyrgi 24. apríl 2007 leggur til að reglur Þróunarsjóðs BHS verði eftirfarandi:

1. gr. Þróunarsjóðurinn er stofnaður samkvæmt samþykktum BHS.
2. gr. Stofnframlag sjóðsins er 5,2 milljón kr.

3. gr. Einstaklingar og félög tengd landbúnaði á svæðinu geta sótt um styrki úr sjóðnum. Æskilegt er að mótframlag fái á móti veittum styrk.
4. gr. Heimilt er að veita árlega styrkjum úr sjóðnum sem nema vöxtum hans. Verðbætur leggjast við höfuðstól.
5. gr. Stjórn BHS er jafnframt stjórn sjóðsins.

Júlíus Guðni Antonsson, Skúli Einarsson og Gunnar Ríkharðsson tóku til máls um tillöguna.
Samþykkt samhljóða

Gísli Magnússon kynnti eftirfarandi tillögu:

Aðalfundur Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda haldinn í Ásbyrgi 24. apríl 2007 samþykkir að árgjald árið 2007 verði 3.000 kr. á hvern félagsmann. Hjón og sambýlisfólk greiði eitt gjald. Framkvæmdastjóra BHS verði falið að leita hagkvæmustu leiða í innheimtu á félagsgjöldum. Ef félagi greiðir ekki félagsgjöld sín fyrir 31. des ár hvert missir hann félagsaðild sína að BHS

Birgir Ingbórsson, Júlíus Guðni Antonsson, Jón Gíslason og Gunnar Ríkharðsson tóku til máls um tillöguna.
Samþykkt samhljóða

Rögvaldur Gíslason kynnti eftirfarandi tillögur:

a) Aðalfundur Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda haldinn í Ásbyrgi 24. apríl 2007 samþykkir að laun stjórnarmanna verði sem hér segir:

Formaður fái 50.000 kr á ári

Aðrir stjórnarmenn fá 20.000 kr á ári.

Auk þess fái stjórnarmenn 8.000 kr fyrir hvern fund svo og akstur skv. ríkistaxta.

Skoðunarmenn fái 10.000 kr á ári og akstur skv. ríkistaxta.

Samþykkt samhljóða

b) Aðalfundur Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda haldinn í Ásbyrgi 24. apríl 2007 samþykkir að fulltrúar á aðalfundi BHS fái greidda aksturspeninga.

Gunnar Ríkharðsson tók til máls um tillöguna og kom með breytingatillögu:

Aðalfundur Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda haldinn í Ásbyrgi 24. apríl 2007 samþykkir að fulltrúar á aðalfundi fái frítt árgjald það árið.

Birgir Ingbórsson kom með breytingatillögu:

Aðalfundur Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda haldinn í Ásbyrgi 24. apríl 2007 samþykkir að fulltrúar á aðalfundi fái greiddar 5.000 kr fyrir fundinn.

Afgreiðslu frestað og málinu vísað aftur til nefndar.

Rögnvaldur Gíslason kynnti nýja tillögu:

Aðalfundur Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda haldinn í Ásbyrgi 24. apríl 2007 samþykkir að fulltrúar á aðalfundi BHS fái greiddar 2.000 kr fyrir fundinn auk aksturspeninga fyrir akstur umfram 150 km skv. reikningi.

Samþykkt með meginþorra atkvæða gegn tveimur.

Kynnt var önnur tillaga:

Aðalfundur Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda haldinn í Ásbyrgi 24. apríl 2007 samþykkir reikninga RHS fyrir árið 2006 eins og þeir eru lagðir fyrir.

Samþykkt samhljóða

Jón Kristófer Sigmarsson kynnti eftirfarandi tillögu:

Aðalfundur Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda haldinn í Ásbyrgi 24. apríl 2007 samþykkir eftirfarandi gjaldskrá:

Gjaldskrá fyrir BHS:

1. gr.

Gjald fyrir kúasæðingar:

1. Mjólkurframleiðendur sem eru með í afurðaskýrsluhaldi hjá BÍ:
 - 1.000 kr hver sæðing hjá fyrsta kálfs kvígu
 - 2.000 kr hver sæðing hjá eldri kúm

2. Allir aðrir nautgripabændur:

- 2.800 kr hver sæðing

2. gr.

Vinna fyrir einstaklinga eða fyrirtæki sem eru aðilar að BHS við áætlanagerð, búfjárskoðanir, ráðgjöf, úttektir, matsgerðir, vottorð og ýmsa aðra sérhæfða vinnu allt að kr 4.000, pr. klst-

3. gr.

Vinna fyrir einstaklinga eða fyrirtæki sem ekki eru aðilar að BHS við áætlanagerð, búfjárskoðanir, ráðgjöf, úttektir, matsgerðir, vottorð og ýmsa aðra sérhæfða vinnu allt að kr 8.000, pr klst-

4. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1-3.gr.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands og tekur þegar gildi. Jafnframt er

úr gildi felld gjaldskrá fyrir Ráðunautaþjónustu Húnaþings og Stranda nr. 489 frá 2002.

Jón Gíslason og Skúli Einarsson tóku til máls um tillöguna.
Samþykkt samhljóða

11. Kosningar skv samþykktum BHS:

Kjósa þarf stjórn, varastjórn og skoðunarmenn

Gert fundarhlé til að koma með tillögur um stjórnarmenn úr hverri sýslu.

Lögð var fram eftirfarandi tillaga að stjórn BHS

Aðalmenn:

Jón Gíslason, Stóra-Búrfelli
Linda Björk Ævarsdóttir, Steinnýjarstöðum
Jóhann Ragnarsson, Laxárdal
Ólafur Benediktsson, Miðhópi
Skúli Einarsson, Tannstaðabakka

Varamenn:

Jón Kristófer Sigmarsson, Hæli
Jakob Sigurjónsson, Hóli
Rögnvaldur Gíslason, Gröf
Matthildur Hjálmarsdóttir, Þóroddsstöðum
Örn Óli Andrésson, Bakka

Fundarstjóri bar undir fundinn að tillagan yrði samþykkt sem listi og var það samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar þá listann undir atkvæði og var hann samþykktur samhljóða. Hann gerði það að tillögu sinni að varamenn væru hver fyrir sína sýslunga í sömu röð og þeir koma fyrir. Var þá dregið um hversu mörg ár hver myndi sitja í stjórn. Til eins árs eru fulltrúar V-Húnvetninga, til tveggja ára fulltrúar Strandamanna og til þriggja ára fulltrúar A-Húnvetninga.

Kosning skoðunarmanna.

Stungið var upp á Stefáni Á. Jónssyni og Ólafi B. Óskarssyni og var það samþykkt samhljóða. Stungið var upp á Rafni Benediktssyni og Mána Laxdal til vara og var það samþykkt samhljóða.

12. Önnur mál

Júlíus Guðni Antonsson kvað sér hljóðs og kynnti ályktun Búnaðarfélags Víðdælinga sem beint var til stjórnar BHS um að hafa ráðunaut á vegum BHS í fullu starfi á Hvammstanga. Hann ræddi einnig samþykktir BHS og

mælti með því að stjórnin kæmi á fót lagabreytinganefnd sem myndi fara yfir samþykktirnar og gera tillögur fyrir næsta aðalfund. Hann ræddi einnig fulltrúaaðild á aðalfund. Að lokum kom hann inn á markmiðstengdar búrekstraráætlanir á svæðinu og taldi rétt að fá upplýsingar hjá t.d. BV um hvernig best væri að ná mönnum inn í þetta verkefni.

Guðbrandur Björnsson kvað sér hljóðs og ræddi starfsstöðvar BHS og taldi að gott væri ef starfsmaður í 50% stöðugildi hefði aðstöðu á Hólmavík. Einnig ræddi hann varnarhólfaskiptingu og tillögur sem komið hafa fram þess efnis að Vestfirðir yrðu allir í einu varnarhólfi. Óskaði hann eftir því að stjórn BHS fylgdist vel með þessu og beitti sér gegn slíkri sameiningu varnarhólfa.

Jón Gíslason kom í pontu og þakkaði traust sem honum var sýnt að kjósa hann aftur í stjórn. Hann greindi einnig frá að Smalahundafélagið Snati hafi óskað eftir aðild að Búnaðarsambandinu. Þeirri tillögu var neitað á þeim forsendum að ekki var talið eðlilegt að félag sem ekki hefði landssamtök á bak við sig ætti aðild að búnaðarsambandi.

Rafn Benediktsson kvað sér hljóðs og þakkaði stjórnarmönnum sem hann hefur starfað með undanfarin ár gott samstarf. Einnig þakkaði hann starfsmönnum Búnaðarsambandsins fyrir góð samskipti á liðnum árum.

Gerð var tillaga um að fundargerð yrði send út í tölvupósti til fundarmanna og þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir.

13. Fundarslit

Að þessu loknu þakkaði fundarstjóri fyrir góðan fund og sleit fundi.

Rekstrarreikningur BHS árið 2008

	Skýr.	2006	2007	
010 Rekstrartekjur:				
<i>011 Seldar vörur og þjónusta:</i>				
1020 Nautgripærækt	1	240.000	4.558.600	
1030 Sauðfjárrækt	2	1.174.462	1.258.030	
1040 Hrossarækt	3	1.450.152	626.882	
1080 Búfjárefirlit		2.059.800	2.221.723	
1090 Ýmis þjónusta		375.596	0	
1130 Sauðfjárrækt - vörusala	7	1.346.044	1.500.000	
1299 Seldar vörur og þjónusta alls		7.078.304	10.165.235	
<i>1500 Ýmsar tekjur</i>				
1507 Árgjald BHS		0	1.278.000	
1520 Akstur m vsk		16.500	79.559	
1599 Ýmsar tekjur		69.230	1.357.559	
<i>1600 Framlög og styrkir</i>				
1605 BÍ-v. Búnaðarsjóður		9.039.689	9.037.703	
1610 BÍ-v. Grunnframlag		7.167.464	7.964.111	
1615 BÍ-v. Jöfnunarframlag		1.741.550	1.763.963	
1620 Framlag v. nautgripæræktar		454.471	471.100	
1625 Kúasæðingar - kynbótafé		0	5.995.806	
1626 Kúasæðingar - frjótæknar		0	1.715.525	
1627 Kúasæðingar - framlag á sæddar kýr		0	505.240	
1630 Framlag v. sauðfjárræktar		1.166.198	349.282	
1640 Framlag v. hrossaræktar		442.000	435.345	
1671 Framlög v búrekstrarættlana		650.000	1.330.000	
1799 Framlög og styrkir		20.661.372	29.568.075	
1999 Rekstrartekjur alls		27.808.906	41.090.869	
200 Rekstrargjöld:				
2120 Vörunotkun - Nautgripærækt	10	0	1.897.298	
2130 Vörunotkun - Sauðfjárrækt	11	1.143.236	1.330.514	
2140 Vörunotkun - Hrossarækt	12	797.720	248.350	
300 Laun og starfsmannatengdur kostnaður	13	20.245.747	18.987.212	
350 Aðkeypt þjónusta til endursölu	14	892.076	9.613.317	
410 Húsnæðiskostnaður:	15	972.969	593.091	
420 Rekstur áhalda og tækja:		238.008	27.056	
440 Skrifstofukostnaður:	16	879.016	957.935	
450 Ýmiss kostnaður	17	829.242	969.200	
480 Búfjárefirlit		21.235	14.978	
500 Afskriftir		290.000	270.000	
539 Rekstur bifreiða án vsk:		494.449	526.196	
5949 Rekstrargjöld alls		26.803.698	35.435.147	
595 Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		1.005.208	5.655.722	
59999				
600 Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):				
610 Vaxtatekjur		272.150	1.628.848	
6210 Innheimtu og þjónustugjöld banka	(67.670)(101.512
6215 Fjármagnstekjuskattur		0)(156.530
6580		203.992	1.370.806	
696 Hagnaður (tap) ársins		1.209.200	7.026.528	

Efnahagsreikningur BHS 31. des. 2008

	Skýr.	2006	2007
700 Eignir			
705 Fastafjármunir:			
7301 Bifreiðar		2.090.000	1.800.000
7305 Fyrning ársins		(290.000)	(270.000)
7490	Fastafjármunir alls:	<u>1.800.000</u>	<u>1.530.000</u>
750 Veltufjármunir:			
760 Skammtímakröfur		2.542.427	3.942.269
780 Handbært fé:			
7810 Tékkareikningur 2650		183.731	68.146
7820 Markaðsreikningur 300565		5.272.999	12.313.623
7830 Markaðsreikningur 300757		0	1.506.677
7840 Markaðsreikningur 300758		0	1.912.015
7850 Þróunarsjóður BHS		0	5.639.760
7890	Handbært fé	<u>5.456.730</u>	<u>21.440.221</u>
7959	Veltufjármunir alls	<u>7.999.157</u>	<u>25.382.490</u>
799 Eignir samtals		<u>9.799.157</u>	<u>26.912.490</u>
800 Skuldir og eigið fé			
805 Eigið fé:			
8380 Óráðstafað fé frá fyrra ári		4.586.795	5.795.995
845 Hagnaður (tap) ársins		1.209.200	7.026.528
8490	Eigið fé alls	<u>5.795.995</u>	<u>12.822.523</u>
860 Langtímaskuldir:			
8710 BSVH		0	5.100.000
8720 BSAH		0	3.400.000
8890	Langtímaskuldir alls	<u>0</u>	<u>8.500.000</u>
900 Skammtímaskuldir:			
930 Viðskiptaskuldir		2.679.626	4.638.730
940 Ógreitt vegna starfsfólks		626.669	628.629
950 Virðisaukaskattur		599.780	225.119
960 Skammtímaskuldir		97.087	97.489
9890	Skammtímaskuldir alls	<u>4.003.162</u>	<u>5.589.967</u>
998 Skuldir alls		<u>4.003.162</u>	<u>14.089.967</u>
999 Skuldir og eigið fé samtals		<u>9.799.157</u>	<u>26.912.490</u>

Sundurliðanir 2008

	2006	2007
1020 1. Nautgriparrækt		
1021 Kúasæðingar - kvígur	0	253.000
1022 Kúasæðingar - kýr	0	3.866.000
1023 Kúasæðingar - utan skýrsluhalds	0	439.600
1029 Nautgriparrækt alls	240.000	4.558.600
1030 2. Sauðfjárrækt		
1031 Lambaskoðun, ráðunautar	948.143	1.011.169
1032 Lambaskoðun, aðstoðarmenn	149.219	147.859
1035 Sauðfjársæðingar	49.500	59.402
1036 Sauðfjársvampanir	27.600	39.600
1039 Sauðfjárrækt alls	1.174.462	1.258.030
1040 3. Hrossarækt		
1041 Kynbótadómar	373.493	435.694
1042 Örmerki í hross	156.719	44.413
1045 Leiða á sónartækjum v hrossa	61.045	42.570
1046 dna - efniskostnaður	108.310	13.802
1047 dna - greining	571.200	73.600
1049 Hrossarækt alls	1.450.152	626.882
1130 7. Vörusala - Sauðfjárrækt		
1135 Sæði	1.304.637	1.500.000
1136 Svampar	15.900	0
1137 Sæðingataeki	25.507	0
1139 Sauðfjárrækt alls	1.346.044	1.500.000
1510 Húsaleigutækjur	14.000	0
2120 10. Vörunotkun - Nautgriparrækt		
2121 Nautasæði - kvígur	0	198.364
2122 Nautasæði - kýr	0	1.636.994
2123 Nautgripasæðingar - ýmislegt	0	61.940
2129 Vörunotkun alls	0	1.897.298
2130 11. Vörunotkun - Sauðfjárrækt		
2135 Hrutasæði	1.135.204	1.314.450
2138 Ýmislegt til endursölu	8.032	16.064
2139 Vörunotkun alls - Sauðfjárrækt	1.143.236	1.330.514
2140 12. Vörunotkun - Hrossarækt		
2142 Örmerki	103.970	59.600
2143 dna - sýnaglös	693.750	188.750
2149 Vörunotkun alls - Hrossarækt	797.720	248.350
300 13. Laun og starfsmannatengdur kostnaður:		
305 Laun og launatengd gjöld	16.409.653	15.724.982
3310 Tryggingar starfsfólks	50.000	48.000
3321 Námskeið starfsmanna án vsk	82.060	71.200
3345 Árs hátíð og fl. vegna starfsmanna	73.000	54.436
3360 Akstur (í staðgr.)	501.199	498.588
3361 Akstur (undanþ. staðgr.)	1.465.835	1.055.006
3370 Dagpeningar	1.664.000	1.535.000
3499 Laun og starfsmannatengdur kostnaður	20.245.747	18.987.212

Sundurliðanir 2008

	2006	2007
350 14. Aðkeypt þjónusta til endursölu:		
3820 Aðkeypt þjónusta v nautgripa m vsk	0	8.894.573
3830 Aðkeypt þjónusta v sauðfjár m/vsk	231.869	229.145
3840 Aðkeypt þjónusta v hrossa m vsk	130.530	228.654
3845 Aðkeypt þjónusta v hrossa án vsk	168.500	92.155
3890 Ýmis aðkeypt þjónusta m vsk	311.177	168.790
3895 Ýmis aðkeypt þjónusta án vsk	50.000	0
3990 Aðkeypt þjónusta til endursölu	892.076	9.613.317
410 15. Húsnæðiskostnaður:		
4100 Rafmagn 24,5 % vsk	49.193	49.266
4110 Hiti 14% vsk	24.657	4.304
4115 Hiti án vsk	13.867	14.630
4116 Hiti 7% vsk	0	21.712
4141 Húsnæði Hvammstangi	216.696	133.415
4142 Húsnæði Blönduós	480.000	225.525
4143 Húsnæði Borðeyri	180.000	45.000
4151 Húsnæði Hvammstangi m vsk	0	85.398
4152 Húsnæði Blönduós m vsk	0	6.932
4160 Hreinlætisvörur	8.556	6.909
4190	972.969	593.091
440 16. Skrifstofukostnaður:		
4401 Sími og net Hvammstangi	91.728	115.914
4402 Sími og net Blönduós	155.983	184.562
4403 Sími og net Borðeyri	88.512	55.743
4404 Skrifstofukostnaður	60.000	0
4430 Burðargjöld án vsk	180.420	145.716
4435 Burðargjöld m vsk	18.284	11.695
4440 Innlendar bækur, blöð og tímarit	66.743	0
4441 Innlendar bækur, blöð og tímarit 7%	0	66.424
4450 Rekstrarvörur v skrifstofu	37.071	17.273
4460 Pappír, prentun og ritföng	92.566	156.393
4470 Rekstur tölvukerfis	87.709	204.215
4490	879.016	957.935
450 17. Ýmiss kostnaður:		
4524 Funda og námskeiðskostnaður án vsk	50.000	372.700
4525 Funda og námskeiðskostn m/vsk	0	17.680
4530 Ferðakostnaður	422.583	432.227
4551 Kaffikostnaður	27.732	28.676
4580 Auglýsingar m/vsk	33.052	66.421
4581 Auglýsingar og styrkir án vsk	46.000	43.000
4690 Annar kostnaður m 24,5% vsk	41.309	0
4691 Annar kostnaður m 14% vsk	8.958	0
4693 Annar kostnaður m 7% vsk	0	8.496
4695 Óendurkræfur innskattur	199.608	0
4699 Ýmiss kostnaður	829.242	969.200

BHS
Starfsárið 2007

Efnisyfirlit – Ársrit BHS v. starfsemi 2007

Stjórnir og/eða formenn aðildarféлага og starfsmenn BHS 2007	47
Skýrslur starfsmanna	
– Gunnar Ríkharðsson	48
– Anna Margrét Jónsdóttir	50
– Kristján Óttar Eymundsson	52
– Þórður Pálsson	54
Starfsemi í einstökum búgreinum 2007	
– Sauðfjárræktin AMJ	56
– Nautgriparæktin – ÞP	60
– Hrossaræktin - GR	62
– Jarðræktin – KÓE	63
Fjöldi búfjár veturinn 2007-2008	65
Niðurstöður heysýna 2007	67
Fundargerð aðalfundar BHS 22. apríl 2008	68
Reikningar BHS 2007	78
Starfsárið 2008	82

Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda

Stofnað 1. janúar 2007

Stjórn, starfsfólk og formenn aðildarféлага BHS 2007

Stjórn BHS:

Aðalmenn:

Jón Gíslason, Stóra-Búrfelli
Linda Björk Ævarsdóttir, Steinnýjarstöðum
Jóhann Ragnarsson, Laxárdal
Ólafur Benediktsson, Miðhópi
Skúli Einarsson, Tannstaðabakka

Varamenn:

Jón Kristófer Sigmarsson, Hæli
Jakob Sigurjónsson, Hóli
Rögnavalður Gíslason, Gröf
Matthildur Hjálmarsdóttir, Þóroddstöðum
Örn Óli Andrésson, Bakka

Skoðunarmenn BHS

Ólafur B. Óskarsson, Víðidalstungu
Stefán Á. Jónsson, Kagaðarhóli

Formenn búgreinaféлага á svæði BHS

Félag sauðfjárbænda í A-Hún: Birgir Ingþórsson, Uppsólum
Félag sauðfjárbænda í V-Hún: Böðvar Sigvaldi Bøðvarsson, Mýrum
Félag sauðfjárbænda á Ströndum: Guðbrandur Björnsson, Smáhömrum
Félag kúabænda í A-Hún: Magnús Sigurðsson, Hnjúki
Nautgriparæktarfélag V-Hún: Skúli Einarsson, Tannstaðabakka
Samtök hrossabænda í A-Hún: Magnús Jósefsson, Steinnesi
Hrossaræktarsamtök V-Hún: Pálmi Ríkharðsson, Syðri-Völlum

Ráðunautar:

Gunnar Ríkharðsson, framkvæmdastjóri
Svanborg Þ. Einarsdóttir
Anna Margrét Jónsdóttir
Þórður Pálsson
Kristján Óttar Eymundsson

Gunnar Ríkharðsson

Starfsemi BHS á árinu 2007

Starfsemi hjá BHS var nokkuð hefðbundin á árinu 2007 og sveiflaðist með árstíðunum eins og venja er. Sauðfjárræktin að haustinu og búfjárefirtirlitið seinni part vetrar eru aðal álagstímarnir en þess á milli er vinnan nokkuð stöðug og síðan er skrifstofum lokað um mitt sumar. Mesta breytingin var hins vegar sú að BHS tók yfir kúasæðingar á svæðinu frá 1. jan 2007 en sæðingamenn eru verktakar sem starfa sjálfstætt á föstum greiðslum fyrir hverja sæðingu.

Á félagssvæði BHS eru 16 búnaðarfélög og 7 búgreinafélög. Alls voru félagar í þessum félögum 937 skv félagatölum sem bárust til BHS. Margir eru í fleiru en einu félagi. Reikningar vegna árgjalda voru sendir seint á árinu 2007 til 537 einstaklinga. Af þessum fjölda greiddu 33 ekki árgjaldið og því eru nú 540 virkir félagar í BHS.

Starfsemi og starfsfólk

Á árinu 2007 var skráð vinna starfsmanna BHS um 6.100 klst eða um 3,6 ársverk og skiptust þau á 5 ráðunauta. Þórður var í fæðingarorlofi í byrjun árs en annars í fullu starfi, Anna Margrét og Kristján voru í fullu starfi, Svanborg í um 25 % og ég í um 60% vinnu. Þetta er heldur minna vinnuframlag heldur en síðustu ár og er aðalástæðan minna vinnuframlag hjá mér vegna anna við eigið fyrirtæki á síðastliðnu ári en ekki vegna þess að ekki séu næg verkefni að vinna að hjá búnaðarsambandinu.

Tafla 1 Hlutfallsleg (%) skipting vinnutíma hjá starfsmönnum BHS á einstaka vinnuliði árið 2007 og skipting vinnu á búgreinar hjá BHS

VINNA	Vinna alls 2007 %					2007	2006	2005	2004
	ÞP	SE	KOE	GR	AMJ				
Nautgripir	35	0	10	10	1	12,9	15,6	21,8	17,3
Sauðfé	18	51	37	0	48	30,9	27,0	28,5	26,4
Hross	10	5	10	16	5	9,1	8,5	7,5	7,0
Jarðrækt	2	0	2	0	10	3,5	4,7	4,5	5,7
Búfjárefirtilit	24	14	16	2	7	13,2	10,9	10,6	9,3
Ýmislegt	4	17	15	66	16	21,3	24,1	20,5	28,9
Símenntun	1	10	4	4	3	3,7	3,8	3,7	5,4
Miðlun	1	0	6	2	9	4,0	4,7	2,9	
Annað	5	3	0	0	1	1,4	0,8		
VINNA ALLS	100	100	100	100	100	100	100	100	100

Í meðfylgjandi töflu má sjá hlutfallslega skiptingu vinnutíma hjá starfsmönnum RHS á einstaka vinnuliði. Undir “Miðlun” flokkast m.a. vinna við fréttabréf, ársrit o.þ.h. en undir “Ýmislegt” fellur m.a. stjórnun og umsýsla, bókhald, fundir ofl. Vinna við búrekstraráætlanir flokkast undir viðkomandi búgrein en vinna við þann þátt virðist ekki vaxa eins og við var þó búist.

Vinna fyrir nautgripabændur virðist heldur fara minnkandi hlutfallslega, en frekar vaxandi í sauðfjárrækt, hrossum og búfjárefirliti.

Líklegt verður að teljast að með auknum kröfum um gjaldtöku fyrir þjónustu þá setji BHS skýrari reglur um að öll vinna sem unnin er fyrir einstakan bónda sé greidd af honum en allt sem unnið er fyrir hóp bænda eða búgrein í heild sinni sé greitt úr sameiginlegum sjóðum. Nú sem stendur er útseld vinna ekki mikill hluti af tekjum hjá BHS en þó má nefna lambaskoðanir, tunkortagerð og hrossadóma sem útselda vinnu.

Fyrsti aðalfundur BHS var haldinn hér í Ásbyrgi þann 24. apríl 2007 en gestir fundarins voru Haraldur Benediktsson formaður BÍ og Eiríkur Blöndal þáverandi framkvæmdastjóri Búnaðarsamtaka Vesturlands en núverandi framkvæmdastjóri BÍ.

Búfjárefirlit

Búfjárefirliti var sinnt á árinu 2007 í samræmi við samkomulag þar að lútandi við sveitarfélögin. Eins og sést í töflunni fer um 13 % af vinnutíma í þetta verkefni á árinu 2007 og virðist það fara frekar vaxandi en það gefur góða tengingu við alla bændur á eftirlitssvæðinu.

Rekstur BHS á árinu 2007

Rekstur BHS á árinu 2007 gekk vel og skilaði um 5,6 milljónum í hagnað fyrir utan fjármagnsliði. Veltan á árinu voru um 41 milljón en laun og starfsmannatengdur kostnaður um 19 milljónir. Stór hluti vinnulauna er þó greiddur verktökum og er því ekki inni í þessari tölu. Eftir sameiningu búnaðarsambandanna og stofnun BHS er rekstrareiningin orðin stærri og því öflugri og þar með betur í stakk búinn að takast á við stærri verkefni og þola meiri sveiflur milli ára.

Rekstur bifreiðar BHS gekk vel á árinu og nú nýlega var fjárfest í öðrum bíl – núna í Subaru Forester

Í ársbyrjun 2007 tók BHS við rekstri kúasæðinga á öllu svæðinu og var samið við þrjá aðila í verktöku við sæðingarnar á svipuðum nótum eins og verið hafði áður.

Gunnar Ríkharðsson

Anna Margrét Jónsdóttir

Starfsskýrsla 2007

Verkþættir	Hlutfall
Sauðfjárrækt	29
Nautgriparækt	2
Hrossarækt	5
Jarðrækt og þróunarverkefni	8
Fréttabréf, ársrit og heimasíða	10
Endurmenntun	3
Búfjáreftilit	18
Fundir	12
Ýmislegt	13

Sauðfjárrækt

Stærsti hluti minnar vinnu á árinu fór í sauðfjárrækt sem fyrr. Hauststörfín eru þar stærsti liðurinn, þ.e.a.s. ómskoðun og stigun lamba ásamt uppgjöri á afkvæmarannsóknunum. Ég mætti ásamt Svanborgu á flesta fjárræktarfélagafundi á svæðinu. Einnig fór mikill tími í umsjón með sæðingum í desember, en síðastliðið haust fengum við sem fyrr níu sæðingadaga og voru þeir mikið nýttir. Önnur störf í þágu sauðfjárræktarinnar fela í sér aðstoð við skýrsluhald, gerð rekstraráætlana, merkjapantanir, aðstoð við gæðastýringu og ýmislegt minni háttar.

Nautgriparækt

Nær enginn tími hjá mér fer beint í nautgriparækt.

Hrossarækt

Sá hluti minnar vinnu sem flokkast undir hrossarækt, felur fyrst og fremst í sér vinnu við flettingar í Worldfeng, grunnskráningar og aðra aðstoð vegna skýrsluhaldsins.

Jarðrækt

Nokkuð var tekið af jarðvegssýnum á svæðinu og reyndi ég að leiðbeina mönnum um áburðarnotkun og kölkunarþörf út frá því. Ég kom talsvert að jarðabótaúttektum og skráningum á þeim. Áburðaráætlanagerð var að mestu á minni könnu og bættust nokkrir bæir við. Algengast er þó að ég geri áætlanir ár eftir ár fyrir sömu bæina og nota þá heyfna- og jarðvegsefnagreiningar við áætlanagerðina sem styður þá vinnu mjög vel.

Á árinu var tekinn í notkun loftmyndagrunnur sem Bændasamtökin hafa keypt aðgang að af Loftmyndum ehf. Auðveldar þetta mikið vinnu við túnkortagerð og vann ég nokkur túnkort fyrir bændur á árinu.

Önnur verkefni

Ég hef haft umsjón með Fréttabréfi BHS, séð að mestu um uppsetningu og frágang til prentunar, auk þess að skrifa í það. Einnig hef ég séð um að taka saman efni í ársrit BHS og unnið við heimasíðuna.

Undir endurmenntun fellur Fræðaping landbúnaðarins og fleiri fundir.

Drjúgur tími fer í búfjárefirlit og er það næststærsti liður vinnu-
skýrslunnar.

Félagsleg verkefni eru ætíð nokkur, má þar telja aðstoð við umsóknir í Bjargráðasjóð, Framleiðnisjóð og önnur umsóknavinna. Einnig vinna við ýmiss konar úttektir, fundarsetur, skipulagning ýmissa funda og fleira þess háttar.

Flesta daga fer síðan nokkur tími í óskilgreind verkefni og má þar telja til ýmis konar tölvuvinnu, símsvörun og önnur skrifstofustörf sem flokkast undir ýmislegt.

Að lokum vil ég þakka bændum á starfssvæði Búnaðarsambandsins fyrir gott samstarf á liðnu ári.

Anna Margrét Jónsdóttir

Kristján Óttar Eymundsson

Starfsskýrsla 2007

Ég var í fullu starfi á árinu. Vinnan skiptist eftirfarandi eftir verkefnum:

Verkefni	Hlutfall
Sauðfjárrækt	37%
Nautgriparækt	10%
Hrossarækt	10%
Jarðrækt og þróunarverkefni	7%
Búfjáreftilit	16%
Miðlun	5%
Endurmenntun	4%
Annað	11%
	100%

Sauðfjárrækt

Stærsti hluti minnar vinnu fór í sauðfjárræktina. Lambaskoðun að haustinu vegur þar þyngst. Einnig fór töluverður tími í sjálft skýrsluhaldið, bæði við að aðstoða bændur og síðan við umsýslu á gögnum. Í framhaldi af nýju skýrsluhaldskerfi á netinu þurfti töluvert að aðstoða bændur sem voru að byrja í því. Uppgjör afkvæmarannsóknna fór fram í netFjávísi en umfang þeirra hefur aldrei verið meira en nú. Eins fór töluverð vinna í kynbótastarfið er tengist sæðingum og hrútakaupum. Fyrir stóran hluta bænda þarf líka að sjá um að panta merki í ásetningsslömb. Sá að hluta til um rekstrargreiningar og búrekstraráætlanagerð fyrir sauðfjárbændur.

Nautgriparækt

Sá um skýrsluhaldið í nautgriparæktinni í byrjun árs þegar Þórður var í fæðingarorlofi. Það fól í sér að yfirfara mjólkurskýrslurnar og senda til BÍ og koma þeim svo til bænda aftur. Skrifaði pistla með mjólkurskýrslum og sá um nautsmæðralista. Skráði inn hjarðbækur hjá þeim bændum sem ekki eru í skýrsluhaldi og hjálpaði til við merkjapantanir. Sá að hluta til um rekstrargreiningar og búrekstraráætlanagerð fyrir kúabændur.

Hrossarækt

Vinnan við hrossaræktina fól fyrst og fremst í sér innslátt á árlegum skýrsluhaldsgögnum, örmerkingum og DNA-greiningum. Aðstoðaði einnig bændur við skil á skýrslum, eigendaskipti og við að gera leiðréttingar í Worldfeng. Vann við kynbótasýningar sem voru haldnar í júní og ágúst á Blönduósi.

Jarðrækt og þróunarverkefni

Sinnti jarðvegssýnatöku sem var með minnsta móti þetta árið. Kom lítillega að áburðarleiðbeiningum. Skipulagði með Árna Snæbjörnssyni skurðamælingar í byrjun júlí. Hafði umsjón með jarðabótaúttektum og skránum á þeim. Úttektir fólust m.a. í því að mæla uppgröft úr skurðum og kornakra hjá bændum. Eins voru teknar út vatnsveituframkvæmdir og endurbætur á útihúsum. Opnaður var aðgangur að lofmyndagrunni Loftmynda ehf á árinu en þar voru teiknaðir inn kornakrar og upphreinsanir úr skurðum. Hóf undirbúning að túnkortagerð í loftmyndagrunninum í lok árs.

Búfjáreftilit

Mikill tími fór í búfjáreftilitið. Það var fyrst og fremst vegna heimsókna að vorinu en einnig vegna skila á forðagæsluskýrslum að haustinu. Fylgdist með framgangi skila á skýrslum og úttektum að vori.

Miðlun

Kom töluvert að útgáfu fréttabréfs, bæði með skrifum í það og fjölritun á því. Setti inn fréttir og fróðleik inn á heimasíðuna og skrifaði skýrslur í ársritið.

Endurmenntun

Sinnti endurmenntun ekki mikið á árinu. Mætti þó á Fræðaping Landbúnaðarins og samráðsfund ráðunauta í febrúar.

Annað

Flesta daga fer nokkur tími í óskilgreind verkefni. Þar má telja ýmis konar tölvuvinnu, símsvörun og þrif á skrifstofuhúsnæði. Þarna er líka einhver akstur eins og til og frá Hvammstanga. Hluti af tímanum fór í að fylla út umsóknir til Bjargráðasjóðs og Framleiðnisjóðs.

Þakka samstarfsfólki og bændum á svæðinu ánægjulegt samstarf á árinu.

Kristján Óttar Eymundsson

Þórður Pálsson

Starfsskýrsla 2007

Nautgriparækt	35%
Sauðfé	18%
Hross	10%
Búfjárefirlit	24%
Jarðrækt	2%
Ýmislegt	11%

Fyrsta einn og hálfra mánuð ársins var ég í fæðingarorlofi og var því ekki í vinnu hjá Búnaðarsambandinu þann tíma. Var að öðru leyti í 100% starfi.

Nautgriparækt

Sinni skýrsluhaldi í nautgriparækt fyrir allt svæðið, starfið er aðallega að fara yfir mjólkurskýrslur og koma þeim til uppgjörs. Auk þess fer alltaf allnokkur tími í leiðréttingar í Markinu. Í maí fór ég í kvíguskoðun með Jóni Viðari og voru skoðaðar um 300 kýr og er þetta líklega í síðasta skipti sem Jón Viðar kemur og dæmir kýr á svæðinu þar sem hann er hættur sem landsráðunautur í nautgriparækt. Í framtíðinni munu nautgriparæktar-ráðunautar sjá um dóma hver á sínu svæði. Fór á tvö námskeið í notkun fóðurátlanakerfisins Norfor sem stendur til að taka upp í framtíðinni.

Hrossarækt

Starfaði við fótaskoðun og mælingar á síðsumarssýningu á Blönduósi auk þess sem ég aðstoðaði við ýmis konar verk við skýrsluhaldið.

Sauðfjárrækt

Lambadómar tók mestan hluta af tíma mínum á haustmánuðum, einnig aðstoðaði ég við skipulag sæðinga en að öðru leyti kem ég lítið að sauðfjárrækt .

Búfjárefirlit

Á vormánuðum fer mikill tími í búfjárefirlit og umsýslu samfara því.

Jarðrækt

Tók sýni fyrir grasþroskaverkefni á vegum BÍ þar sem fylgst er með þroska og sprettu á tünnum. Hélt utan um hverjir væru að stunda kornrækt á svæðinu og hverjir ættu rétt á styrkjum því tengdu. Tók nokkur heysýni, aðallega fyrir kúabændur.

Búrekstraráætlanir


Vann nokkrar áætlanir fyrir bændur, bæði kúabændur og sauðfjárbændur. Mikið af þessum áætlunum tengdust framkvæmdum ýmis konar. Ekki er mikill áhugi meðal bænda að taka þátt í búrekstraráætlunarverkefnum.

Pórður Pálsson

Sauðfjárræktin 2007

Anna Margrét Jónsdóttir

Engin afurðamet voru slegin árið 2007 enda vor og sumar með eindæmum þurrt sem leiddi til þess að gróður í úthaga var í seinna lagi til og féll snemma. Einnig var minni haustbeit víða og grænófóðurrækt brást sums staðar nær algerlega. Má þó segja að Strandamenn hafi staðið þessi áföll einna best af sér.



Fjöldi virkra skýrsluhaldara á öllu svæðinu voru 240 á árinu og er það fjölgun um 3 frá árinu áður. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá afurðir í félögunum, sýslunum og á svæði BHS í heild sinni síðan 2002.

Fjárræktarfélag	Fél	Ær á skýrslu	kg/á		Fædd lömb e. 100 ær	Lömb til nytja e. 100 ær
			lambi	Kg/hv á		
Hólmavíkurhrepps	7	1.209	31,1	29,2	179	167
Blævur	3	711	33,2	31,6	184	172
Kaldrananeshrepps	4	914	31,1	29,8	184	172
Kirkjubólshrepps	12	2.590	31,8	30,5	190	176
Norðri	11	2.727	29,8	28,2	181	169
Stefnir	15	6.152	28,4	27,1	182	170
Von	10	2.047	29,9	28,8	184	172
Strandasýsla 2007	64	16.798	30,0	28,6	184	171
Strandasýsla 2006	65	17.057	30,4	28,8	183	170

Strandasýsla 2005	65	17.477	30,4	28,6	183	170
Strandasýsla 2004	63	15.517	30,5	29,0	184	172
Strandasýsla 2003	58	13.529	30,3	28,9	183	172
Strandasýsla 2002	53	12.435	29,7	28,3	184	172
Staðarhrepps	12	3.781	29,3	27,7	185	169
Víðdælinga	12	2.792	28,1	26,1	179	164
Ytri-Torfustaðahr.	18	3.918	29,0	27,1	180	167
Fr-Torfustaðahr.	14	4.446	27,4	25,7	178	163
Vatnsnesinga	23	5.330	32,5	31,1	190	178
V-Hún 2007	79	20.267	29,5	27,8	183	169
V-Hún 2006	82	20.079	30,7	28,6	184	167
V-Hún 2005	78	19.234	30,5	28,3	184	168
V-Hún 2004	79	19.226	29,6	27,6	182	168
V-Hún 2003	65	15.129	30,1	28,4	184	171
V-Hún 2002	61	13.082	29,8	28,0	181	168
Sveinstaðahrepps	27	9.715	26,6	24,6	176	161
Svínavatnshrepps	28	5.685	24,8	21,9	166	148
Skagahrepps	15	3.475	25,0	23,1	170	151
Engihlíðarhrepps	10	1.860	25,3	23,3	171	152
A-Hún 2007	97	24.755	25,5	23,3	171	154
A-Hún 2006	90	23.394	26,7	23,8	171	152
A-Hún 2005	90	22.323	26,9	24,2	172	155
A-Hún 2004	68	15.686	26,7	23,9	174	157
A-Hún 2003	55	12.427	27,4	25,3	176	161
A-Hún 2002	54	11.101	26,2	24,3	175	160
BHS 2007	240	61.820	28,0	26,2	178	164
RHS 2006	237	60.530	29,1	26,8	179	162
RHS 2005	164	40.454	30,1	28,0	183	167
RHS 2004	210	50.429	28,9	26,8	180	165
RHS 2003	163	37.942	29,5	27,8	182	169
RHS 2002	168	36.618	28,7	26,9	180	167

Mestar afurðir eftir hverja vetrarfóðraða á má sjá fyrir hverja sýslu fyrir sig, í töflunni hér fyrir neðan. Til grundvallar liggja bú með 100 eða fleiri skýrslufærðar ær.

Fimm afurðahæstu búin í hverri sýslu fyrir sig með 100 skýrslufærðar ær eða fleiri árið 2007

Sýsla	Eigendur	Bær	Fjöldi áa	Kjöt kg e. hv. á	Lömb til nytja
Strandir	Ragnar og Sigríður	Heydalsá	281	36,7	194
Strandir	Indriði og Lóa	Skjaldfönn	185	34,8	178
Strandir	Reynir og Ólöf	Hafnardal	318	34,5	185
Strandir	Jón og Erna	Broddanesi 1	248	33,6	174
Strandir	Björn og Guðbrandur	Smáhömrum	279	33,5	178
V-Hún	Ellert og Heiða	Sauðá	353	38,2	198
V-Hún	Heimir og Þóra	Sauðadalsá	398	37,9	194
V-Hún	Benedikt og Sigrún Birna	Bergsstöðum	367	35,1	185
V-Hún	Baldur og Olga	Saurbæ	369	33,9	188
V-Hún	Konráð og Ragna	Böðvarshólum	356	32,7	175
A-Hún	Lúther og Sigríður	Forsæludalur	167	31,5	186
A-Hún	Pétur og Þorbjörg	Hólabæ	193	28,7	170
A-Hún	Steingrímur og Halldóra	Litlu-Giljá	301	28	173
A-Hún	Jóhanna og Gunnar	Akri	166	27,9	173
A-Hún	Eiður Magnússon	Miðhúsum	161	27,9	168

Hér fyrir neðan má sjá besta gerðarmat sláturlamba í hverri sýslu fyrir sig. Miðað er við að frá búunum séu lagðir inn að lágmarki 100 lömb.

Sýsla	Eigendur	Bær	Fj. sláturlamba	Fallþungi	Gerð	Fita
Strandir	Jón og Erna	Broddanesi 1	387	18,42	11,19	8,10
Strandir	Björn og Bjarnheiður	Melum 1	469	16,82	10,96	6,86
Strandir	Ragnar og Sigríður	Heydalsá	467	17,98	10,83	7,54
Strandir	Kristján Albertsson	Melum 2	162	17,15	10,43	7,25
Strandir	Björn og Guðbrandur	Smáhömrum	363	17,51	10,40	7,69
V-Hún.	Benedikt og Sigrún B.	Bergsstöðum	644	18,66	11,33	8,05
V-Hún	Sigvaldi og Þóra	Urriðaá	441	18,04	11,21	8,60
V-Hún.	Ari G og Elín Anna	Bergsstöðum	658	17,26	10,51	8,22
V-Hún	Ellert og Heiða	Sauðá	734	18,68	10,13	8,47

V-Hún	Gunnar og Matthildur	Póroddsstöðum	596	16,21	9,87	6,80
A-Hún	Jóhanna og Gunnar	Akri	266	15,59	10,47	6,58
A-Hún	Ægir og Gerður	Stekkjardalur	167	17,75	10,05	7,11
A-Hún	Sævar og Anna Margrét	Sölvabakka	675	16,29	9,66	7,37
A-Hún	Magnús og Líney	Steinnesi	849	16,98	9,54	7,10
A-Hún	Gauti og Rannveig	Hvammi	192	16,03	9,34	7,30

Ræktunaráhugi fer sívaxandi á svæðinu sem sést best í árlegri aukningu á notkun lambamælinga að hausti og sæðinga. Eins og undanfarin ár var boðið upp á 9 sæðingadaga á öllu svæðinu og nýttu bændur sér það vel. Afar heppilegt er fyrir þá sem vilja sæða ósamstillt að hafa svona marga daga í boði, því þá eru meiri líkur á að hitta á tímabil þegar margar ær eru að ganga og hægt að velja vel.

Umfang sæðinga með fersku sæði árin 2002 – 2007

	2002	2003	2004	2005	2006	2007
A-Hún	1089	1144	1.378	1.733	1.740	1966
V-Hún	1229	838	1.174	1.193	1.375	1396
Strandir	586	463	338	558	407	412
Samtals	2.904	2.445	2.890	3.484	3.522	3.774

Alltaf fjölgar þeim bændum sem láta ómmæla og stiga lömb að hausti og alltaf fjölgar þeim lömbum sem hver og einn lætur skoða. Ljóst er að við getum því ekki gert mikið annað frá um 20. september til 20. október en sinnt lambaskoðunum, þar sem nær hver einasti virkur dagur var þétt skipaður og flestar helgar líka. Við fengum með okkur nýjan starfskraft á ómtækid, Stefaníu Egilsdóttur á Breiðavaði í A-Hún og munaði heilmikið um það.

Umfang lambaskoðunar haustin 2002 - 2007

	2002	2003	2004	2005	2006	2007
A-Hún	2.813	4.060	4.255	4.435	4.844	5.253
V-Hún	3.861	4.442	4.296	5.525	6.071	6.617
Strandir	4.838	4.768	5.321	5.239	5.656	6.073
Samtals	11.512	13.270	13.872	15.199	16.571	17.943


Með stærri skoðuðum gimbrahjörðum á mörgum bæjum, færast afkvæmarannsóknir einnig í vöxt. Gerðar voru upp 76 afkvæmarannsóknir sem skiptust þannig: Strandasýsla 28, V-Hún 29 og A-Hún 19. Eru þetta 9 fleiri afkvæmarannsóknir en árið áður og hafa þær aldrei verið fleiri né jafn stórar að umfangi.

Nautgriparáæktin 2007

Þórður Pálsson

Skýrsluhald – fjöldi þátttakenda og hvaða afurðir

29 aðilar voru í skýrsluhaldi í Austur Húnavatnssýslu árið 2007 og þrír framleiðendur stóðu utan skýrsluhalds. Í Vestur Húnavatnssýslu eru 18 bú í skýrsluhaldi og þrjú bú utan skýrsluhalds. Einn framleiðandi í Strandasýslu er í skýrsluhaldi og einn utan þess. Alls eru 1828 kýr á skýrslu á svæðinu og 1.298 árskýr. Afurðir á svæðinu aukast á milli ára. Í Vestur Húnavatnssýslu eru 5.569 kg eftir árskúna, í Austur Húnavatnssýslu eru það 5.333 kg og á Ströndum 4.653 kg.



Mestur tími nautgriparáæktarráðunauts fer í umsjá með skýrsluhaldinu og að halda utan um skráningar í gagnagrunninn Mark.

Á árinu var byrjað á tilraun í Vestur Húnavatnssýslu með að láta bændur senda ráðunauti mjólkurskýrslur í tölvupósti eftir að þær hafa verið skráðar í exel. Þetta reyndist í flestum tilfellum vel og auðveldaði ráðunaut umsjóslu með skýrslum frá þessum bæjum.

Nú er í burðarliðnum nýtt skýrsluhaldskerfi fyrir mjólkurframleiðendur sem ber nafnið Huppa og mun það koma í stað forritsins Ískýr sem hefur verið í notkun um nokkurt skeið. Umsýsla ráðunautar mun breytast nokkuð með kerfinu. Ekki verða sendar skýrslur suður til innsláttar heldur mun ráðunautur annast það auk yfirferðar eftir því sem við á. Auðvitað er stefnan sú að sem flestir mjólkurframleiðendur skrái sínar mjólkurskýrslur sjálfir heima á búinu. Fyrstu prófanir á kerfinu hafa farið fram og lofa góðu. Reiknað er með að það verði komið í almenna notkun í sumar. Annað forrit er einnig að koma fram á sjónarsviðið en það er hið samnorræna fóðurforrit Nor-For og fóru Þórður Pálsson og Gunnar

Ríkarðsson á námskeið í notkun þess. Þetta mun vonandi auka möguleika okkar til að gefa betri fóðurleiðbeiningar í nautgripærkt.

Einn af föstu liðunum í starfinu á síðustu árum hefur verið að fara með landsráðunaut um svæðið og dæma kvígur. Það var að sjálfsögðu einnig gert árið 2007 og var enn eitt árið slegið met í fjölda á dæmdum kvígum þetta árið en um 300 kvígur voru dæmdar. Nú í ár verður nokkur breyting á starfsháttum við kvígudóma því nú verður horfið frá því að fá landsráðunaut á svæðið til dómstarfa en undirritaður fer og dæmir kvígurnar á svæðinu. Reiknað er með að fara oftar um svæðið en gert hefur verið og vera helst búin að dæma kvígurnar 3 mánuðum eftir burð. Kvíguskoðun fer af stað nú að lokinni forðagæslutörn.

Afurðahæstu kýr í Austur-Húnavatnssýslu 2007

Kýr	Mjólkg	Prótein %	Bú
Sóley 149	10.956	3,22	Steinnýjarstaðir
Heiðbrá 140	9.460	3,70	Hnjúkur
Villa 250	9.353	2,98	Auðólsstaðir
Grýla 328	9.270	3,40	Brúsastaðir

Afurðahæstu kýr í Vestur-Húnavatnssýslu 2007

Kýr	Mjólkg	Prótein %	Bú
Flóra 127	10.241	3,39	Syðri-Valdarás
Snotra 128	9.126	3,34	Bessastaðir
Skessa 306	8.863	3,17	Syðsti-Ós
Spurning 234	8.751	3,23	Neðri-Torfustaðir

Afurðahæstu bú í Austur-Húnavatnssýslu 2007

Bú	Mjólkg	Prótein %	Árskýr
Brúsastaðir	6.613	3,47	47,0
Hlíð	6.156	3,45	14,8
Höskuldsstaðir	6.014	3,58	55,4
Hnjúkur	5.936	3,36	33,9
Auðólsstaðir	5.800	3,17	42,3
Tjörn	5.752	3,40	34,3

Afurðahæstu bú í Vestur-Húnavatnssýslu 2007

Bú	Mjólkg	Prótein %	Árskýr
Neðri-Svertingsstaðir	7.018	3,23	13,7
Bessastaðir	6.675	3,31	29,4
Neðri-Torfustaðir	6.549	3,47	26,8
Syðri-Valdarás	6.522	3,42	20,8
Syðsti-Ós	6.170	3,24	37,7

Hrossaræktin 2007

Gunnar Ríkharðsson

Skv vinnuskýrslum fara nú um 8-9% af vinnutíma ráðunauta í verkefni tengd hrossaræktinni og virðist sá tími heldur vera að aukast enda sífelld gerðar meiri kröfur um skýrsluhald í hrossarækt eins og í öðrum búgreinum. Er nú t.d. krafist dna greiningar til staðfestingar á ætterni ef hross eiga að fá svokallaða A-vottun á ætterni og þurfa þá að vera til dna sýni úr báðum foreldrum viðkomandi grips.

Stærsti hluti vinnunnar tengist skýrsluhaldinu en einnig er nokkur vinna í tengslum við kynbótasýningu í héraðinu og einnig ýmsar aðrar upptökur. Sú breyting varð á árinu 2007 að nú voru haldnar tvær kynbótasýningar á nýjum reiðvelli á Blönduósi, önnur á hefðbundnum tíma í byrjun júní en einnig síðsumarsýning um miðjan ágúst. Tókust þær ágætlega og alls voru sýnd um 80 hross á þessum sýningum. Sama fyrirkomulag verður viðhaft næsta sumar.

BHS sér nú um allt skýrsluhald í hrossarækt á starfssvæði sínu og fær greitt fyrir það frá Bændasamtökum Íslands í samhengi við fjölda skráðra folalda á hverju ári.

Ekki er ólíklegt að svipuð þróun muni eiga sér stað í öðrum búgreinum þegar allt gagnasafn þeirra verður komið á netið og því hægt að sinna því hvar á landinu sem er. Einnig munu beinar skráningar bænda á eigin skýrsluhaldi aukast.

Á síðasta ári var tekin upp sú nýjung að bjóða bændum upp á heimsókn kynbótadómara til að meta ungfola heima á bæjum og gefa um þá skriflega umsögn varðandi byggingu og hreyfingar. Líkaði þetta vel en ekki er útséð hvort hægt verður að bjóða upp á þetta nú í vor.

Ég þakka bændum og starfsmönnum ánægjuleg samskipti á liðnu ári.

Gunnar Ríkharðsson


Jarðræktin 2007

Kristján Óttar Eymundsson

Síaukið starf fer í jarðræktina á hverju ári. Í byrjun árs fer töluverður tími í að ganga frá umsóknum vegna jarðabótastyrkja. Það felst fyrst og fremst í vinnu við skráningu á lið sem er um endubætur á húsum til bættrar aðbúnaðar gripa og/eða bættrar vinnuaðstöðu. Á þessum tíma eru áburðarátlanir fyrir bændur í fullum gangi en það er þjónusta sem fleiri bændur mættu nýta sér. Á vormánuðum mættu ráðunautar á aðalfundi hjá búnaðarfélögum ef þess var óskað. Þar var m.a. rætt um mikilvægi endurræktunar og kölkunar. Fyrstu vikuna í júlí kom Árni Snæbjörnsson á svæðið til að aðstoða við að mæla fyrir skurðum á nokkrum bæjum. Bændur tóku þeim leiðbeiningum mjög vel.

Búnaðarsambandið tók þátt í sameiginlegu átaki á landinu í að fylgjast með grasþroska um sumarið. Niðurstöðurnar sýndu að þurrkarnir í júní höfðu mikil áhrif á vöxt og viðkomu túngrasanna. Grös tóku fyrir að skríða og því féll fóðurgildið hratt.

Það sést vel á línuritinu hér til hliðar en þetta eru sýni sem tekin voru í Sauðanesi í A-Hún. Árið 2005 var kalt sumar og orkugildi nýræktar-grassins féll hægt fram eftir sumri. Árið



2006 var ágætis sprettusumar og vætusamt og má ætla að orkugildið hafið fallið nokkuð eðlilega með tíma. Árið 2007 var júnímánuður mjög þurr og niðurstöður sýna að orkugildið féll mjög hratt á milli vikna. Svipaða sögu mátti segja um eldri tún.

Vorið 2007 sáðu 13 bændur korni til þroska í 74 ha í A-Hún en 7 bændur fóru yfir í aðrar sýslur og sáðu korni þar í 73 ha. Alls sáðu Austur-Húnvetningar því korni í 147 ha en það er mikil aukning frá árinu áður en þá var sáð í alls 110 ha. Til að sjá hvernig til hafi tekist fóru ráðunautar í kornskoðunarferðalag seinnipart ágústmánaðar. Kornakrar litu misjafnlega út og ljóst að uppskeran í heild yfir héraðið yrði undir meðallagi. Afgerandi munur var á korninu eftir jarðvegsgærd. Miklir þurrkar um sumarið höfðu komið illa við kornið sem var ræktað á grynna landi, sem

er jú algengasta kornræktarlandið. Þar var það víða lágvaxið og með stutt öx. Hálmurinn varð þ.a.l. lítil og kornuppskera líka. Þessir akrar urðu samt þroskaðir og það korn sem náðist var vel þurrt. Þar sem korn var í vatnsheldnum jarðvegi var kornuppskeran góð. Samkvæmt forðagæslutölum var heildaruppskeran í A-Hún um 172 tonn af votverkuðu byggi sem gerir um 2,3 tonn af korni á ha.

Þó að kornuppskeran á síðasta ári hafi verið lítil verða ráðunautar varir við síaukinn áhuga hjá bændum. Hjálpast þar eflaust ýmislegt að eins og hækkandi kjarnfóðurverð og almenn ræktunaryrkning á svæðinu. Aðstoðað var við að athuga kornræktarmöguleika á Bakásum í A-Hún en fyrirhugað er að rækta þar korn nú í vor. V-Húnvetningar eru líka farnir að hugsa sér til hreyfings og ætla nokkrir bændur að rækta þar korn í vor.

Lítill áhugi var á jarðvegssýnatöku á svæðinu þetta árið. Í heildina voru ekki tekin nema 20 sýni. Með hækkandi áburðarverði er ljóst að þetta er þáttur sem bændur verða að nýta sér betur til að geta verið með nákvæmari áburðargjöf. Það hefur líka komið ljós í gegnum árin að sýrustig túna er víða alltof lágt. Víða þarf að kalka mýrartún og eitthvað sem ætti skilyrðislaust að fylgjast að með endurræktun túna.

Um haustið voru jarðabæturnar teknar út. Vinnan fólst fyrst og fremst í úttekjum á framkvæmdum vegna vinnuhagræðingar og bættar aðbúnaðar í útihúsum, uppgreftri úr skurðum og þreskingu á korni. Eins sjá ráðunautar um að taka út vatnsveituframkvæmdir.

Með nýjum loftmyndagrunni (LUK) sem búnaðarsambönd fengu aðgang að á árinu opnuðust nýir möguleikar til að þjónusta bændur. Í þeim grunni er nú hægt að gera túnkort fyrir bændur. Vinna hófst við það seint á árinu og nú í vetur verða sennilega gerð túnkort fyrir 15-20 jarðir. Inn í þennan grunn voru einnig teiknaðir inn allir kornakrar á landinu og upphreinsun úr skurðum. Þessi grunnur bíður líka upp á það að hnitsetja lóðir og landamerki. Í framtíðinni er gert ráð fyrir að bændur geti fengið aðgang að sinni jörð í grunninum og að þar verði hægt að safna saman öllum jarðræktarupplýsinum á einn stað eins og hey- og jarðvegssýnaniðurstöðum, heyuppskeru og áburðargjöf.

Fjöldi búfjár á svæði BHS veturinn 2007-2008

Nautgripir á svæðinu 2007-2008

	Kýr	Holdakýr	Kvígur	Geldneyti	Kálfar	Samtals
Blönduósbær	106		11	62	175	354
Höfðahreppur				8	8	16
Skagabyggð	234		40	227	164	665
Húnavatnshreppur	600	81	150	412	539	1.782
A-Hún Samt. 2007	940	81	201	709	886	2.817
A-Hún Samt. 2006	933	75	236	756	806	2.806
Mismunur	7	6	-35	-47	80	11
Húnaþing vestra	577	134	112	589	563	1.975
V-Hún Samt. 2007	577	134	112	589	563	1.975
V-Hún Samt. 2006	513	140	138	576	540	1.907
Mismunur	64	-6	-26	13	23	68
Árneshreppur						0
Kaldrananeshreppur						0
Bæjarhreppur	57		11	65	47	180
Strandabyggð						0
Strandir Samt. 2007	57	0	11	65	47	180
Strandir Samt. 2006	60	1	12	66	59	198
Mismunur	-3	-1	-1	-1	-12	-18
Svæðið Samt. 2007	1.574	215	324	1.363	1.496	4.972

Sauðfé á svæðinu 2007-2008

	Ær	Hrútar	L.gimbrar	L.hrútar	Samtals
Blönduósbær	2.048	72	560	35	2.715
Höfðahreppur	149	2	14	2	167
Skagabyggð	4.191	127	910	59	5.287
Húnavatnshreppur	20.849	652	4.300	411	26.212
A-Hún Samt. 2007	27.237	853	5.784	507	34.381
A-Hún Samt. 2006	27.266	876	5.634	421	34.197
Mismunur	-29	-23	150	86	184
Húnaþing vestra	21.653	652	4.984	419	27.708
V-Hún Samt. 2007	21.653	652	4.984	419	27.708

V-Hún Samt. 2006	21.234	646	4.992	423	27.295
Mismunur	419	6	-8	-4	413
Árneshreppur	2.113	54	409	42	2.618
Kaldraneshreppur	967	40	185	35	1.227
Bæjarhreppur	6.473	192	1.219	114	7.998
Strandabyggð	7.539	233	1.587	174	9.533
Strandir Samt. 2007	17.092	519	3.400	365	21.376
Strandir Samt. 2006	17.571	525	3.521	373	21.990
Mismunur	-479	-6	-121	-8	-614
Svæðið Samt. 2007	65.982	2.024	14.168	1.291	83.465

Hross á svæðinu 2007-2008

	Hryssur	Hestar	Tryppi	Folöld	Samtals
Blönduósbær	384	275	216	100	975
Höfðahreppur	93	72	32	18	215
Skagabyggð	361	161	84	55	661
Húnavatnshreppur	2.283	957	915	370	4.525
A-Hún Samt. 2007	3.121	1.465	1.247	543	6.376
A-Hún Samt. 2006	3.006	1.436	1.332	513	6.287
Mismunur	115	29	-85	30	89
Húnaþing vestra	1.873	907	1.050	396	4.226
V-Hún Samt. 2007	1.873	907	1.050	396	4.226
V-Hún Samt. 2006	1.786	908	945	395	4.034
Mismunur	87	-1	105	1	192
Árneshreppur					0
Kaldraneshreppur	8	5	3	5	21
Bæjarhreppur	89	75	42	8	214
Strandabyggð	49	68	9	6	132
Strandir Samt. 2007	146	148	54	19	367
Strandir Samt. 2006	153	146	41	23	363
Mismunur	-7	2	13	-4	4
Svæðið Samt. 2007	5.140	2.520	2.351	958	10.969

Niðurstöður heysýna 2007

Anna Margrét Jónsdóttir

Í töflu hér fyrir neðan má sjá meðaltöl heysýna sem tekin voru á svæði BHS sumarið 2007. Alls voru tekin 84 sýni en þar af voru 3 grænfóðursýni. Langstærsti hluti heysýna eða 90% er úr rúlluheyi.

	Grænfóður	Rúlluhey	Vothey	Þurrhey	Alls
Fjöldi	3	73	5	3	84
Þurrefni %	21,7	54,6	38,8	78,4	52,9
Meltanleiki %	72,7	68,7	71,2	70,3	69,1
FEm/kg þe	0,84	0,78	0,81	0,80	0,78
Hráprótein % þe	22,4	14,8	18,6	15,7	15,5
AAT g/kg þe	84	70	71	86	71
PBV g/kg þe	75	27	64	6	31
Kalsíum (Ca) g/kg þe	4,6	3,6	4,0	3,6	3,7
Fosfór (P) g/kg þe	3,2	3,0	3,2	2,9	3,0
Magnesium (Mg) g/kg þe	2,1	2,3	2,5	2,3	2,3
Kalíum (K) g/kg þe	29	16	17	15	16
Natríum (Na) g/kg þe	5,4	1,3	1,3	0,5	1,5

Hér má sjá fjölda og niðurstöður heysýna eftir sýslum að grænfóðursýnum slepptum. Í heildina má sjá að heyin eru heldur þurrari en árið áður eða 54,1% á móti 50% árið áður. Orkugildi (meltanleiki, FEm) og próteingildi lækka hins vegar milli ára sem skýrist e.t.v. af miklum þurrkum sem einkenndu sumarið og seinni sláttutíma sem fylgdi því hvað spretta fór hægt af stað.

	A-Hún	V-Hún	Strandir	2007	2006	2005
Fjöldi	30	34	17	81	62	94
Þurrefni %	57,3	52,4	51,9	54,1	50,0	58,0
Meltanleiki %	69,6	68,6	68,5	69,0	69,3	69,8
FEm/kg þe	0,79	0,78	0,77	0,78	0,79	0,79
Hráprótein % þe	15,5	15,4	14,3	15,2	16,8	17,9
AAT g/kg þe	73	70	69	71	70	75
PBV g/kg þe	29	33	24	29	47	48
Kalsíum (Ca) g/kg þe	3,9	3,6	3,6	3,7	3,9	3,8
Fosfór (P) g/kg þe	3,0	2,9	3,3	3,0	3,5	3,7
Magnesium (Mg) g/kg þe	2,3	2,3	2,3	2,3	2,5	2,5
Kalíum (K) g/kg þe	17	17	13	16	18	20

Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi, Laugarbakka þriðjudaginn 22. apríl 2008

Dagskrá:

1. Fundarsetning og skipan starfsmanna (fundarstjóri, fundarritari, kjörbréfanefnd)
2. Skýrsla formanns
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
4. Reikningar kynntir
5. Umræður um skýrslur og reikninga
Matarhlé
6. Niðurstaða kjörbréfanefndar
7. Erindi gesta:
Jón Gíslason, forstjóri Matvælastofnunar
8. Umræður um erindi
9. Mál lögð fram til nefnda:
10. Nefndarstörf og afgreiðsla mála
11. Kosningar skv samþykktum BHS:
Tveir menn úr V-Hún í stjórn BHS til þriggja ára og tveir til vara
Tveir skoðunarmenn reikninga til eins árs og tveir til vara
12. Önnur mál
13. Fundarslit

Fundarsetning

Formaður BHS Jón Gíslason setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann lagði til að Júlíus Guðni Antonsson stýrði fundi og Anna Margrét Jónsdóttir ritaði fundargerð. Hann tilnefndi auk þess í kjörbréfanefnd Matthías Lýðsson, Gísli Magnússon og Halldór Guðmundsson. Engar athugasemdir komu fram við það og tóku þau því til starfa.

Skýrsla formanns.

Jón Gíslason flutti skýrslu stjórnar. Í henni kom fram að stjórnin sem kjörin var á síðasta aðalfundi hafði skipt þannig með sér verkum að hann er formaður og Skúli Einarsson varaformaður. Aðrir stjórnarmenn starfa þá sem meðstjórnendur þar sem framkvæmdastjóri ritar fundargerð á stjórnarfundum. Ákveðið var að ráðunautar flyttu sínar starfsskýrslur á formannafundi sem haldinn er í nóvember þar sem þá væri betri tími til að ræða slík mál en á aðalfundi Búnaðarsambandsins. Á síðasta formannafund mætti landbúnaðarráðherra Einar K. Guðfinnsson og flutti erindi.

BÍ stóð fyrir fundi frambjóðenda í kjördæminu sem haldinn var í Staðarflöt síðastliðið vor. Ekki voru haldnir aðrir almennir bændafundir á árinu enda stóðu Bændasamtökin ekki fyrir neinni fundaherferð síðasta vetur. Ekki er búið að leggja gömlu Búnaðarsamböndin niður formlega ennþá en vonandi tekst það á næsta ári. Rætt hefur verið hvort BHS eigi að koma að brunaeftirlits- og tryggingamálum í héraðinu og óskaði Jón eftir álit

fundarmanna um það. Einnig hefur verið rætt hvort BHS eigi að koma að öryggismálum varðandi vélar og tæki á bæjum. Hann kynnti tillögur stjórnar sem lagðar verða fyrir aðalfund. Hann fór yfir afgreiðslur þeirra mála sem Búnaðarsambandið lagði fyrir síðasta Búnaðarþing. Þau vörðudu sauðfjárveikivarnir, internetsamband, innlenda áburðarframleiðslu, frestun skatts vegna hagnaðar á búum þar sem skorið hefur verið niður vegna riðu og almennt um hagsmunagæslu vegna kjaramála bænda.

Skýrsla framkvæmdastjóra

Gunnar Ríkhartðsson flutti skýrslu framkvæmdastjóra og fór yfir starf ráðunauta á árinu 2007. Virkir félagar í Búnaðarsambandinu eru nú 533 talsins. Starfsmenn skiluðu um 3,6 ársverkum á árinu sem er ívið minna en árið á undan, þar sem hann sjálfur vann minna vegna anna á öðrum stöðum. Auk þess hætti Svanborg störfum síðasta vor. Hann fór yfir skiptingu vinnu milli búgreina en þar virðist heldur hafa minnkað sá hluti sem fer í nautgriparækt en aukist það starf sem fer í sauðfjárrækt, hrossarækt og búfjárefirlit. Rekstur Búnaðarsambandsins hefur gengið nokkuð vel og skilar hagnaði á árinu.

Stöðug aukning er á afurðum í nautgriparæktinni. Nýtt skýrsluhaldskerfi er væntanlegt á árinu og sömuleiðis nýtt forrit til fóðuráætlanagerðar. Slegið var met í kvígudómum síðastliðið vor en nú verður breytt fyrirkomulag á þeim, þar sem landsráðunautur mun ekki lengur fara um og dæma heldur mun héraðsráðunautur að mestu sjá um dómana. Reynt verður að dreifa kvígudómunum meira yfir árið.

Greinilegur hugur er í mönnum í kynbótastarfi í sauðfjárrækt, sæðingar og lambaskoðanir aukast stöðugt.

Starf sem fer í jarðræktina fer heldur vaxandi á hverju ári. Árni Snæbjörnsson kom og aðstoðaði við skurðamælingar síðastliðið sumar. Kornyrkja á svæðinu fer sívaxandi. Nú getur búnaðarsambandið boðið upp á túnkortagerð með aðgangi að loftmyndagrunni á netinu og hafa nokkrir bændur nýtt sér það nú þegar og lítur út fyrir að mikið verði að gera í því í nánustu framtíð.

Búnaðarsambandið hefur séð alfarið um skýrsluhald í hrossarækt á svæðinu og fær greitt fyrir það frá BÍ í samhengi við fjölda skráðra folalda á hverju ári. Haldnar voru tvær kynbótasýningar síðasta sumar, önnur að vorinu og svo síðsumarsýning.

Reikningar

Gunnar fór yfir reikninga Búnaðarsambandsins fyrir árið 2007. Rekstrartekjur námu alls 41.090.869 kr og rekstrargjöld 35.435.147 kr. Fjármagnstekjur umfram fjármagnsgjöld námu 1.370.806 kr og nam hagnaður ársins því 7.026.528 kr. Eignir Búnaðarsambandsins í lok árs námu 26.912.490 en skuldir 14.089.967 kr.

Kúasæðingarnar skiluðu tekjum upp á 12.775.171 kr og námu gjöld vegna þeirra 10.791.871 kr. Hagnaður af rekstri þeirra nam því 1.983.300 kr.

Fundarstjóri þakkaði Jóni og Gunnari sínar skýrslur. Hann kynnti tillögur um að starfandi verði þrjár nefndir á fundinum, Allsherjarnefnd, Fjárhagsnefnd og Þróunarsjóðsnefnd og verða menn beðnir að skrifa sig á lista fyrir þá nefnd sem menn vilja starfa í. Hann lagði síðan til að gert yrði matarhlé fyrir næsta dagskrárlið.

Matarhlé

Álit kjörbréfanefndar

Gísli G. Magnússon formaður kjörbréfanefndar kynnti álit hennar:

Bf. Skagahrepps: Guðjón Ingimarsson, Hofi

Bf. Engihlíðarhrepps : Sævar Sigurðsson Sölvabakka

Bf. Víðdælinga : Örn Óli Andrésson Bakka; Júlíus Guðni Antonsson Auðunnarstöðum

Félag sauðfjárbænda í Strandasýslu : Guðbrandur Björnsson Smáhömrum, Guðbrandur Sverrisson Bassastöðum, Gunnar Benonýsson, Bæ

Félag kúabænda í A-Hún: Jens Jónsson Brandaskarði, Gróa Lárusdóttir Brúsastöðum, Ingibjörg Sigurðardóttir Auðólfstöðum

Bf. Svínvatnshrepps: Ægir Sigurgeirsson Stekkjardal, Halldór Guðmundsson Holti

Bf. Bitrufjarðarhrepps : Rögnvaldur Gíslason, Gröf

Bf. Áshrepps: Egill Herbertsson Haukagili, Ingþór Kristmundsson, Gilá

Nautgriparæktarfélag V-Hún: Sigtryggur Sigurvaldason, Litlu Ásgeirsá, Valgerður Kristjánsdóttir Mýrum

Bf. Sveinsstaðahrepps: Gunnar Ellertsson, Bjarnastöðum, Sigurður Magnússon, Hnjúki

Bf. Miðfirðinga : Gísli Magnússon, Staðarbakka, Kristófer Jóhannesson, Finnmörk,

Helgi Pálsson, Heggstöðum

Bf. Staðarhrepps: Ásgeir Sverrisson Brautarholti

Bf. Vatnsnesinga : Rúnar Bragason, Vatnshorni

Samtök hrossabænda, A-Hún : Magnús Jósefsson, Steinnesi, Gunnar Ríkharðsson Þingeyrum

Félag sauðfjárbænda A-Hún: Gísli H. Geirsson Mosfelli; Jakob Sigurjónsson Hóli

Bf. Kirkjubólshrepps : Matthías Lýðsson Húsavík

Bf. Árneshrepps: Björn Torfason Melum

Félag sauðfjárbænda í V-Hún: Gunnar Þorgeirsson Neðri Fitjum, Ari G Guðmundsson Bergsstöðum, Gunnar Þórarinnsson Þóroddsstöðum

Bf. Nauteyrarhrepps: Þórður Halldórsson, Laugarholti

Hrossaræktarsamband V-Hún: Ingvar J. Jóhannsson, Víðidalstungu,

Jóhann Magnússon, Bessastöðum, Þórir Ísólfsson Lækjamóti

Enginn mætti frá Búnaðarfélagum Torfalækjarhrepps, Bólstaðarhlíðarhrepps og Kaldrananeshrepps. Mættir voru því 37 af 46 fulltrúum aðildarfélaga.

Umræður um skýrslur og reikninga

Gunnar Þórarinsson tók til máls, þakkaði skýrslur. Hann spurði um skiptingu milli búgreina á framlagi BÍ vegna Búnaðarsjóðs. Hann gagnrýndi að ekki hefði verið staðið fyrir almennum bændafundum á árinu og beindi því til stjórnar að huga að því á næsta starfsári. Hann sagðist einnig vilja sjá hvaða áherslur væru fyrirhugaðar í starfi ráðunauta á næstu misserum en þau atriði hefðu verið rædd á formannafundi.

Gunnar Ríkhartsson svaraði nafna sínum. Ekki hefur verið sundurgreint á framlögum frá BÍ hvernig skipting milli búgreina kemur inn í framlag vegna Búnaðarsjóðs en sagði sjálfsagt að afla sér upplýsinga um það. Hann sagði jafnframt að litlar breytingar hafi orðið á áherslum í starfi ráðunauta milli ára og kvaðst myndu skoða betur kynningu á því.

Skúli Einarsson kom upp og ræddi kúasæðingar. Hann sagði að æskilegt væri að gera átak í haust til að auka kvígusæðingar og fangskoðun kúa og mæltist til að nautgriparæktarfélagin á svæðinu sameinuðust um það með ráðunautum í haust.

Erindi Jóns Gíslasonar, forstjóra Matvælastofnunar.

Jón Gíslason, forstjóri Matvælastofnunar flutti erindi sitt. Í því fjallaði hann m.a. um hlutverk Matvælastofnunar almennt en hún tók til starfa um síðastliðin áramót. Hún varð til við sameiningu Landbúnaðarstofnunar og matvælasviða Umhverfisstofnunar og Fiskistofu. Stærstu hlutverk hennar eru að hafa eftirlit með áburði, fóðri og sáðvöru, standa vörð um heilbrigði dýra og plantna og hollustu og öryggi afurða úr landbúnaði og sjávarútvegi. Tvö meginvið eru starfrækt hjá stofnuninni; annars vegar Heilbrigði og velferð dýra sem Yfirdýralæknir veitir forstöðu og hins vegar Matvælaöryggi og neytendamál sem hefur sér forstöðumann.

Jón ræddi jafnframt nokkuð um Matvælalöggjöf EB, forsögu framkominna tillagna um breytingar á lögum og reglum vegna EES-samningsins og tilgang þeirra. Búið var fyrir nokkru að innleiða eldri matvælalöggjöf EB á EES og þar með á Íslandi, fyrir sjávarafurðir, fisksjúkdóma og fyrir unnar matvörur en hún gildi ekki fyrir búfjárafurðir. Staðan er sú að ekki er samræmi milli ESB- og EFTA ríkja á EES þar sem eldri EB löggjöf er í gildi í EFTA ríkjum en ný EB löggjöf í ESB-ríkjum. Þetta var farið að hafa áhrif á viðskipti milli þessara ríkja og því var ákveðið að innleiða nýja löggjöf EB í önnur ríki. Undanþága Íslands varðandi búfjárafurðir og dýraheilbrigði átti auk þess alltaf að vera tímabundin. Samræmd löggjöf innan EES verður ekki vandamál varðandi unnar matvörur, fóður, sjávarafurðir og fisksjúkdóma, né heldur varðandi aukaafurðir á dýrum en öðru máli gegnir um búfjárafurðir og dýraheilbrigði. Ákvarðanir EFTA og ESB eru m.a. að áfram verður bannað að flytja hér inn lifandi dýr, löggjöf um dýraheilbrigði verður að mestu óbreytt, nema skylt verður að taka DNA sýni vegna erfðagreiningar á riðuáhættu við fjárkaup á riðubæi.

Tvær megin ástæður eru fyrir því að verið er að skoða þessa löggjöf núna: Annars vegar hagsmunir sjávarútvegs og hins vegar að undanþága Íslands

var tímabundin og forsendur ekki nógu sterkar til að viðhalda henni á grundvelli varna gegn dýrasjúkdómum. Ísland mun framfylgja EES reglum sem þýðir að sömu grunnreglur gilda fyrir öll matvæli. Þegar undanþágan okkar fellur niður verður frjálst flæði vöru innan EES landanna. Þetta hefur ekki áhrif á tolla eða magnkvóta. Með þessu verðum við hluti af innri markaði á EES, þannig að þegar búið er að samþykkja vöru inn í eitthvert EES ríkjanna, getur hún farið áfram til annarra landa innan EES. Þetta þýðir jafnframt að innlend matvælafyrirtæki sem standast eftirlit Matvælastofnunar þurfa ekki sér vottun fyrir útflutning til EES landa. Ekki verður skylda að merkja unna kjötvöru upprunalandi til neytenda. Matvælaölggjöfinni mun fylgja að afnumið verður bann í lögum við innflutningi á ófrystu hráa kjöti, en áhrif tolla og magnkvóta verða óbreytt. Reglan hefur verið sú að innflutt hrá kjötvara hefur orðið að bíða í frysti í 30 daga til að hafa öryggisventil á að hægt væri að endursenda vöruna komi upp hættulegur sjúkdómur á því svæði sem varan kom frá en ekki verður hægt að standa á þessari kröfu, verði nýja löggjöfin innleidd. Markaðseftirlit verður með vörum frá EES og hægt verður að sækja um viðbótartryggingar vegna salmonellu ef við getum sént fram á að við höfum mikla sérstöðu varðandi það. Þá getum við heimitað vottorð með öllum vörum að þær séu ekki salmonellusýktar. Þetta er ekki hægt með camphylobacter þar sem ekki er til nein sérstök löggjöf um það innan EES. Dýraheilbrigðislöggjöf á EES svæðinu er býsna öflug og verði vegna dýrasjúkdóma bannað að flytja matvæli frá ákveðnum ríkjum eða svæðum þá mun sjálfkrafa verða bannað að flytja það hingað til lands. Við erum aðilar að tilkynningakerfum um hættulegar vörur og dýrasjúkdóma og fylgja þá jafnan yfirlit yfir hvert vörunni hefur verið dreift, svo þá er auðvelt að taka hana af markaði. Matvælastofnun mun bera ábyrgð á að veita upplýsingar um það ef innflutt aðföng eða matvæli standast ekki þær kröfur sem gerðar eru í löggjöfinni. Við þessa löggjöf breytast kröfur um eftirlit á vegum Matvælastofnunar. Gert er ráð fyrir ákveðnum aðskilnaði milli eftirlits og þjónustu sem þýðir t.d. að héraðsdýralæknar myndu ekki mega sinna þjónustu við bændur. Þetta þýðir fækkun embætta héraðsdýralækna úr 16 niður í 6 en ekki hefur verið ákveðið hversu margir eftirlitsdýralæknar verða. Breytingar vegna búfjárafurða og eftirlits með þeim munu taka gildi í lok árs 2009. Breytingar varðandi unnin matvæli, sjávarafurðir og fóður eiga að taka gildi við samþykkt laga. Löggjöfin sem nú er í afgreiðslu hjá Alþingi er í raun einungis heimildalöggjöf en í framhaldi hennar munu síðar fylgja margar EES-reglugerðir sem innleiða þessi atriði sem hér hafa verið rædd ásamt fleirum.

Umræður um erindi Jóns Gíslasonar

Nokkrar umræður fóru fram úr sætum samhliða flutningi Jóns á erindinu en auk þess stigu nokkrir í pontu undir þessum lið. Matthías Lýðsson var fyrstur. Hann þakkaði gott erindi. Hann kvað alveg ljóst að í þessari löggjöf fælust miklar hættur varðandi frjálssari reglur um innflutning sem gætu leitt til þess að íslenskur landbúnaður yrði verulega

undir í samkeppni við innflutta matvöru. Hann gagnrýndi jafnframt störf Landbúnaðarstofnunar/Matvælastofnunar varðandi sauðfjárveikivarnir og viðhald girðinga vegna þeirra. Einnig nefndi hann þá slæmu útreið sem Matvælastofnun fékk hjá umboðsmanni Alþingis vegna bótaákvæðana og aðra meðferð mála við riðuniðurskurð. Hann taldi að Matvælastofnun hefði tapað miklu trausti meðal bænda vegna þessara mála og sagði mikilvægt að hún reyndi að vinna það upp á ný.

Valgerður Kristjánsdóttir talaði um að vanda yrði til við endurskipulagningu héraðsdýralækna og eftirlitsdýralækna, svo þetta bitnaði ekki á almennri dýralæknaþjónustu við bændur.

Skúli Einarsson lagði áherslu á að það væri margt að varast varðandi þessa löggjöf og hvatti fundarmenn til að láta heyra í sér við þingmenn okkar. Nú væru einungis eftir tollkvótarnir til að verja innlenda framleiðslu og óvíst að sjá fyrir hvernig stjórnvöld muni taka á þeim málum í framtíðinni.

Jón Gíslason, Stóra-Búrfelli kvað sér hljóðs. Honum fannst óeðlilegt að þetta frumvarp hafi ekki komið til umsagnar hjá Búnaðarsamböndunum. Hann kvað einnig sérkennilegt að þetta hefði ekki verið kynnt á Búnaðarþingi, þar sem fram hefur komið að þetta hafi legið fyrir síðan í október. Það hljóti að vera ástæða fyrir þessum feluleik í kringum þetta frumvarp, að menn séu hræddir við afleiðingar þess. Hann spurði nafna sinn út í kostnað við landamærastöðvar sem munu fylgja í kjölfar löggjafarinnar. Hann nefndi einnig að ekki sé hægt að treysta of mikið á að tollkvótar takmarki innflutning, því það geti verið fljótt að breytast.

Halldór Guðmundsson spurði framsögumann hvað honum fyndist um áhrif þessarar löggjafar á bændur sem matvælaframleiðendur til langframa.

Gísli Magnússon gagnrýndi að alltaf væri verið að auka kostnað við eftirlit og taldi hættu á að þessi nýja löggjöf myndi auka enn á það. Allt skilaði þetta sér til neytenda að lokum. Hann gagnrýndi jafnframt löggjöfina varðandi fækkun héraðsdýralækna.

Jón Gíslason framsögumaður sté á ný í pontu og svaraði fyrirspurnum eftir bestu getu. Hann sagði að gagnrýni varðandi meðferð mála við riðuniðurskurði ætti frekar að beinast að Landbúnaðarráðuneytinu en Matvælastofnun, þar sem álit umboðsmanns væri fyrst og fremst gagnrýni á að reglugerð um riðuniðurskurði ætti sér ekki nógu sterka lagastöð. Matvælastofnun væri bara milligönguaðili í þeim málum. Hann sagði að kostnaður við rekstur landamærastöðva félli á Matvælastofnun. Varðandi fjárhagslega hagsmuni framleiðenda treysti hann sér ekki til að svara þar sem það væri meira pólitískt mál. Hann taldi hins vegar að löggjöfin væri góð að því leyti til að hún ýtti enn frekar undir vandaða innlenda matvælaframleiðslu.

Mál lögð fram til nefnda

Skipaðar voru þrjár nefndir og formenn þeirra eftirfarandi:

Fyrir Þróunarsjóðsnefnd fer Valgerður Kristjánsdóttir

Fyrir Allsherjarnefnd fer Ægir Sigurgeirsson

Fyrir Fjárhagsnefnd fer Gunnar Þórarinnsson

Stjórn skipti málum sem fyrir lágu niður á nefndir. Auk þess gaf fundarstjóri orðið laust um fleiri mál sem lögð skyldu fyrir nefndir.

Gunnar Ríkharðsson beindi því til fundarins að senda þeim sem kærðu riðuniðurskurðarmál til Umboðsmanns Alþingis, stuðningsyfirlýsingu.

Gísli Magnússon kynnti tillögu frá aðalfundi Búnaðafélags Miðfirðinga og var henni vísað til allsherjarnefndar.

Örn Óli Andrússon kynnti tillögu frá aðalfundi Búnaðarfélags Víðdælinga og var henni vísað til allsherjarnefndar.

Þá var gert kaffihlé og tóku nefndir til starfa í framhaldi af því.

Nefndarstörf og afgreiðsla mála

Ægir Sigurgeirsson kynnti tillögur Allsherjarnefndar:

1. Aðalfundur BHS haldinn 22. apríl 2008 í Ásbyrgi samþykkir að beina því til stjórnar BHS að hafa forgöngu um að koma af stað vinnu við hnitsetningu landamerkja jarða á starfssvæði sínu.

Samþykkt samhljóða

2. Aðalfundur BHS haldinn 22. apríl 2008 í Ásbyrgi sendir þeim Sigríði Jónsdóttur og Sævari Bjarnhéðinssyni, ábúendum í Arnarholti í Biskupstungum, bestu þakkir fyrir að hafa haft forgöngu um að réttur verði hlutur þeirra bænda gagnvart stjórnvöldum sem þurfa að skera niður fjárstofn sinn vegna riðuveiki.

Samþykkt samhljóða.

3. Aðalfundur BHS haldinn 22. apríl 2008 í Ásbyrgi mótmælir harðlega öllum hugmyndum um óheftan innflutning á ferskum, hráum kjötvörum eins og lagt er til í fyrirbyggjandi frumvarpi frá landbúnaðarráðherra án þess að áður séu rækilega könnuð áhrif þess á framleiðslu, sölu og úrvinnslu á íslenskum kjötvörum. Einnig mælist fundurinn til að kannaðar verði afleiðingar þess á búsetu í landinu. Fundurinn lýsir þungum áhyggjum yfir að dýraheilbrigði og þeirri góðu sjúkdómastöðu sem er hér á landi sé stefnt í voða ef þessi áform ganga óbreytt eftir. Einnig átelur fundurinn harðlega að innleiðing á matvælalöggjöf EB hafi ekkert verið kynnt fyrir bændum fyrir en málið virðist frágengið.

Samþykkt samhljóða

Matthías Lýðsson kynnti tillögur Þróunarsjóðsnefndar:

4. Aðalfundur BHS haldinn 22. apríl 2008 í Ásbyrgi samþykkir að reglur þróunarsjóðs verði eftirfarandi:

1. Sjóðurinn heitir Þróunarsjóður BHS
2. Stjórn sjóðsins er stjórn BHS
3. Stofnframlag BHS í sjóðnum er 5,2 milljónir. Heimilt er að taka við framlögum og styrkjum frá öðrum aðilum.

4. Sjóðurinn veitir styrki til nýsköpunar og þróunarverkefna í landbúnaði á félagssvæði BHS og veitir framlög til landbúnaðarnáms.
5. Einstaklingar og félög innan BHS geta sótt um framlög úr sjóðnum. Æskilegt er að móttframlag fái á móti veittum styrk.
6. Heimilt er að veita árlega styrki úr sjóðnum sem nemur vöxtum hans.
7. Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum sem skulu berast fyrir 1. október ár hvert.

Viðaukatillaga:

Aðalfundur BHS haldinn 22. apríl 2008 í Ásbyrgi beinir því til stjórnar BHS að leita leiða til að efla þróunarsjóð BHS með aðkomu fleiri aðila. Niðurstöður þess verkefnis verði kynntar á aðalfundi BHS 2009.

Skúli Einarsson kvað sér hljóðs um tillögurnar Hann óttaðist að það færi mikill tími í að veita litlu fé úr þessum sjóð.

Júlíus Guðni Antonsson kvaðst sammála Skúla að nokkru leyti en sagði að þess vegna hefði nefndin komið með viðaukatillöguna til að freista þess að efla sjóðinn.

Fyrir tillagan samþykkt samhljóða en sú síðari með þorra atkvæða gegn einu.

Gróa M. Lárusdóttir kynnti fyrstu tillögu Fjárhagsnefndar:

5. Aðalfundur BHS haldinn 22. apríl 2008 í Ásbyrgi Laugarbakka samþykkir að frá og með 1. maí 2008 verði veittur afsláttur af gjaldskrá kúasæðinga þannig að kvígusæðing verði á 500 kr, kúasæðing á 1.500 kr. og sæðing á kúm utan skýrsluhalds og hjá framleiðendum utan BHS verði 2.500 kr. Fangskoðun á kúm verði án gjalds næsta árið.

Enn fremur lagt til að gert verði átak á svæðinu varðandi kvígusæðingar og fangskoðanir kúa í samráði við ráðunauta BHS og BÍ.

Samþykkt samhljóða

Gísli Magnússon kynnti aðra tillögu fjárhagsnefndar.

6. Aðalfundur BHS haldinn 22. apríl 2008 í Ásbyrgi samþykkir að árgjald árið 2008 verði 3.000 kr á hvern félagsmann. Hjón og sambýlisfólk greiði eitt gjald. Framkvæmdastjóra BHS verði falið að leita hagkvæmstu leiða í innheimtu á félagsgjöldum. Greiða skal árgjald fyrir áramót.

Samþykkt samhljóða

Björn Torfason kynnti þriðju tillögu fjárhagsnefndar.

7. Aðalfundur BHS haldinn 22. apríl 2008 í Ásbyrgi samþykkir að fulltrúar á aðalfundi BHS fái greitt sem nemur árgjaldi til BHS fyrir fundinn auk aksturspeninga fyrir akstur umfram 120 km skv. reikningi.

Samþykkt samhljóða.

Halldór Guðmundsson flutti fjórðu tillögu fjárhagsnefndar.

8. Aðalfundur BHS haldinn 22. apríl 2008 í Ásbyrgi samþykkir að laun stjórnarmanna verði sem hér segir:

Formaður fái 50.000 kr á ári

Aðrir stjórnarmenn fái 20.000 kr á ári

Auk þess fái stjórnarmenn 8.000 kr fyrir hvern fund svo og akstur skv. ríkistaxta.

Skoðunarmenn fái 10.000 kr á ári og akstur skv. ríkistaxta.

Samþykkt samhljóða

Gunnar Þórarinnsson flutti fimmtu tillögu fjárhagsnefndar.

9. Aðalfundur BHS haldinn 22. apríl 2008 í Ásbyrgi samþykkir reikninga BHS fyrir árið 2007 eins og þeir hafa verið lagðir fram á fundinum.

Samþykkt samhljóða.

Kosningar:

Tveir menn úr V-Hún í stjórn BHS til þriggja ára og tveir til vara.

Stungið var upp á Skúla Einarssyni og Ólafi Benediktssyni sem aðalmönnum í stjórn áfram. Til vara Örn Óli Andrússon og Matthildur Hjálmarsdóttir. Ekki komu fram aðrar tillögur og voru þau kjörin með lófataki.

Tveir skoðunarmenn reikninga til eins árs og tveir til vara.

Stungið var upp á Stefáni Á. Jónssyni og Ólafi B. Óskarssyni sem skoðunarmönnum áfram og til vara Máni Laxdal og Rafn Benediktsson. Ekki komu fram aðrar tillögur og voru þeir kjörnir með lófataki.

Önnur mál

Ólafur Benediktsson kom upp og hvatti fundarmenn til að nýta betur heimasíðu BHS. Senda þangað inn fundarboð og fleiri fréttir til að halda henni lifandi.

Skúli Einarsson kom upp og tók undir tillögu Ólafs. Hann hvatti fundarmenn og starfsmenn BHS jafnframt til að vera duglegri að koma fréttum úr héraðinu meira á framfæri í Bændablaðinu og á öðrum vettvangi.

Jakob Sigurjónsson kom upp og vildi forvitnast um afgreiðslu tillögu frá síðasta aðalfundi um að haldið yrði vinnuvélanámskeið á svæðinu. Hann tók jafnframt undir með þeim Skúla og Ólafi að við þyrftum að láta meira bera á okkur.

Guðbrandur Björnsson spurði stjórn hvort ekki hefði borist erindi frá Fjárræktarfélagi Kirkjubólshrepps.

Gunnar Ríkharðsson kom upp og sagði frá því að hann hefði haft samband við Ríkisútvarpið og sagt þeim frá þessum aðalfundi okkar í dag og að Jón Gíslason forstjóri Matvælastofnunar myndi mæta.

Gísli Magnússon tók undir þetta með kynningarmálin. Hann spurði einnig eftir fundargerð frá formannafundi. Hann velti fyrir sér hvort búfjárefirlitið ætti að gera athugasemdir við það þegar skepnur t.d. sauðfé eru greinilega offóðraðar. Auk þess væri víða loftræstingu ábótavant í gripahúsum og þyrfti að taka betur á því.

Ingvar Jón Jóhannsson gagnrýndi að búfjárefirlitið sé ekki búið á tilskyldum tíma. Einnig taldi hann að betur þyrfti að forgangsraða á hvaða bæi er farið fyrst.

Gunnar Ríkharðsson kom upp og svaraði fyrirspurnum. Hann sagði m.a. frá að þeir sem fá athugasemdir í búfjárefirliti væru heimsóttir snemma árið eftir.

Fundarstjóri gerði það að tillögu sinni að fundargerð yrði send til fundarmanna í tölvupósti og þeim gefin vika til að gera við hana athugasemdir áður en hún yrði skoðuð sem samþykkt. Var ekki hreyft mótmælum við því.

Jón Gíslason, formaður BHS kom upp og svaraði því sem til stjórnar var beint. Hann þakkaði jafnframt fundarmönnum fyrir góðan fund og starfsmönnum Búnaðarsambandsins fyrir gott samstarf á árinu. Að því loknu sleit hann fundi.

Rekstrarreikningur BHS árið 2007

	Skýr.	2007	2006
Rekstrartekjur:			
<i>Seldar vörur og þjónusta:</i>			
Nautgriparékt	1	4.558.600	240.000
Sauðfjárrékt	2	1.258.030	1.174.462
Hrossarékt	3	626.882	1.450.152
Búfjárefurlit		2.221.723	2.059.800
Ýmis þjónusta		0	375.596
Sauðfjárrékt - vörusala	7	1.500.000	1.346.044
Seldar vörur og þjónusta alls		10.165.235	7.078.304
<i>Ýmsar tekjur</i>			
Árgjald BHS		1.278.000	0
Akstur m vsk		79.559	16.500
Ýmsar tekjur		1.357.559	69.230
<i>Framlög og styrkir</i>			
BÍ-v. Búnaðarsjóður		9.037.703	9.039.689
BÍ-v. Grunnframlag		7.964.111	7.167.464
BÍ-v. Jöfnunarframlag		1.763.963	1.741.550
Framlag v. nautgriparéktar		471.100	454.471
Kúasæðingar - kynbótafé		5.995.806	0
Kúasæðingar - frjótæknar		1.715.525	0
Kúasæðingar - framlag á sæddar kýr		505.240	0
Framlag v. sauðfjárréktar		349.282	1.166.198
Framlag v. hrossaréktar		435.345	442.000
Framlög v búrekstraráætla		1.330.000	650.000
Framlög og styrkir		29.568.075	20.661.372
Rekstrartekjur alls		41.090.869	27.808.906
Rekstrargjöld:			
Vörunotkun - Nautgriparékt	10	1.897.298	0
Vörunotkun - Sauðfjárrékt	11	1.330.514	1.143.236
Vörunotkun - Hrossarékt	12	248.350	797.720
Laun og starfsmannatengdur kostnaður	13	18.987.212	20.245.747
Aðkeypt þjónusta til endursölu	14	9.613.317	892.076
Húsnæðiskostnaður:	15	593.091	972.969
Rekstur áhalds og tækja:		27.056	238.008
Skrifstofukostnaður:	16	957.935	879.016
Ýmiss kostnaður	17	969.200	829.242
Búfjárefurlit		14.978	21.235
Afskriftir		270.000	290.000
Rekstur bifreiða án vsk:		526.196	494.449
Rekstrargjöld alls		35.435.147	26.803.698
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		5.655.722	1.005.208
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur		1.628.848	272.150
Innheimtu og þjónustugjöld banka	(101.512)	(67.670)
Fjármagnstekjuskattur	(156.530)	0
		1.370.806	203.992
Hagnaður (tap) ársins		7.026.528	1.209.200

Efnahagsreikningur BHS 31. des. 2007

	Skýr.	2007	2006
Eignir			
Fastafjármunir:			
Bífreiðar		1.800.000	2.090.000
Fyrming ársins		(270.000)	(290.000)
Fastafjármunir alls:		<u>1.530.000</u>	<u>1.800.000</u>
Veltufjármunir:			
Skammtímakröfur		3.942.269	2.542.427
Handbært fé:			
Tékkareikningur 2650		68.146	183.731
Markaðsreikningur rekstur 300565		12.313.623	5.272.999
Markaðsreikningur framlag BSVH		1.506.677	0
Kúasæðingar - sjóður		1.912.015	0
Prónarsjóður		5.639.760	0
Handbært fé		<u>21.440.221</u>	<u>5.456.730</u>
Veltufjármunir alls		<u>25.382.490</u>	<u>7.999.157</u>
Eignir samtals		<u>26.912.490</u>	<u>9.799.157</u>
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé:			
Óráðstafað fé frá fyrra ári		5.795.995	4.586.795
Hagnaður (tap) ársins		7.026.528	1.209.200
Eigið fé alls		<u>12.822.523</u>	<u>5.795.995</u>
Langtímaskuldir:			
BSVH		5.100.000	0
BSAH		3.400.000	0
Langtímaskuldir alls		<u>8.500.000</u>	<u>0</u>
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		4.638.730	2.679.626
Ógreitt vegna starfsfólks		628.629	626.669
Virðisaukaskattur		225.119	599.780
Skammtímaskuldir		97.489	97.087
Skammtímaskuldir alls		<u>5.589.967</u>	<u>4.003.162</u>
Skuldir alls		<u>14.089.967</u>	<u>4.003.162</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>26.912.490</u>	<u>9.799.157</u>

Sundurlíðanir 2007

	2007	2006
1. Nautgripærækt		
Kúasæðingar - kvígur	253.000	0
Kúasæðingar - kýr	3.866.000	0
Kúasæðingar - utan skýrsluhalds	439.600	0
Nautgripærækt alls	4.558.600	240.000
2. Sauðfjárrækt		
Lambaskoðun, ráðunautar	1.011.169	948.143
Lambaskoðun, aðstoðarmenn	147.859	149.219
Sauðfjársæðingar	59.402	49.500
Sauðfjársvampanir	39.600	27.600
Sauðfjárrækt alls	1.258.030	1.174.462
3. Hrossarækt		
Kynbótadómar	435.694	373.493
Örmerki í hross	44.413	156.719
Leiga á sónartækjum v hrossa	42.570	61.045
dna - efniskostnaður	13.802	108.310
dna - greining	73.600	571.200
Hrossarækt alls	626.882	1.450.152
7. Vörusala - Sauðfjárrækt		
Sæði	1.500.000	1.304.637
Svampar	0	15.900
Sæðingateki	0	25.507
Sauðfjárrækt alls	1.500.000	1.346.044
Húsaleigutekjur	0	14.000
10. Vörunotkun - Nautgripærækt		
Nautasæði - kvígur	198.364	0
Nautasæði - kýr	1.636.994	0
Nautgripasæðingar - ýmislegt	61.940	0
Vörunotkun alls	1.897.298	0
11. Vörunotkun - Sauðfjárrækt		
Hrútasæði	1.314.450	1.135.204
Ýmislegt til endursölu	16.064	8.032
Vörunotkun alls - Sauðfjárrækt	1.330.514	1.143.236
12. Vörunotkun - Hrossarækt		
Örmerki	59.600	103.970
dna - sýnaglós	188.750	693.750
Vörunotkun alls - Hrossarækt	248.350	797.720
13. Laun og starfsmannatengdur kostnaður:		
Laun og launatengd gjöld	15.724.982	16.409.653
Tryggingar starfsfólks	48.000	50.000
Námskeið starfsmanna án vsk	71.200	82.060
Árshátíð og fl. vegna starfsmanna	54.436	73.000
Akstur (í staðgr.)	498.588	501.199
Akstur (undanþ. staðgr.)	1.055.006	1.465.835
Dagpeningar	1.535.000	1.664.000
Laun og starfsmannatengdur kostnaður	18.987.212	20.245.747

Sundurliðanir 2007

	2007	2006
14. Aðkeypt þjónusta til endursölu:		
Aðkeypt þjónusta v nautgripa m vsk	8.894.573	0
Aðkeypt þjónusta v sauðfjár m/vsk	229.145	231.869
Aðkeypt þjónusta v hrossa m vsk	228.654	130.530
Aðkeypt þjónusta v hrossa án vsk	92.155	168.500
Ýmis aðkeypt þjónusta m vsk	168.790	311.177
Ýmis aðkeypt þjónusta án vsk	0	50.000
Aðkeypt þjónusta til endursölu	9.613.317	892.076
15. Húsnæðiskostnaður:		
Rafmagn 24,5 % vsk	49.266	49.193
Hiti 14% vsk	4.304	24.657
Hiti án vsk	14.630	13.867
Hiti 7% vsk	21.712	0
Húsnæði Hvammstangi	133.415	216.696
Húsnæði Blönduós	225.525	480.000
Húsnæði Borðeyri	45.000	180.000
Húsnæði Hvammstangi m vsk	85.398	0
Húsnæði Blönduós m vsk	6.932	0
Hreinlætisvörur	6.909	8.556
	593.091	972.969
16. Skrifstofukostnaður:		
Sími og net Hvammstangi	115.914	91.728
Sími og net Blönduós	184.562	155.983
Sími og net Borðeyri	55.743	88.512
Skrifstofukostnaður	0	60.000
Burðargjöld án vsk	145.716	180.420
Burðargjöld m vsk	11.695	18.284
Innlendar bækur, blöð og tímarit	0	66.743
Innlendar bækur, blöð og tímarit 7%	66.424	0
Rekstrarvörur v skrifstofu	17.273	37.071
Pappír, prentun og ritföng	156.393	92.566
Rekstur tölvakerfis	204.215	87.709
	957.935	879.016
17. Ýmiss kostnaður:		
Funda og námskeiðskostnaður án vsk	372.700	50.000
Funda og námskeiðskostn m/vsk	17.680	0
Ferðakostnaður	432.227	422.583
Kaffi kostnaður	28.676	27.732
Auglýsingar m/vsk	66.421	33.052
Auglýsingar og styrkir án vsk	43.000	46.000
Annar kostnaður m 24,5% vsk	0	41.309
Annar kostnaður m 14% vsk	0	8.958
Annar kostnaður m 7% vsk.	8.496	0
Óendurkræfur innskattur	0	199.608
Ýmiss kostnaður	969.200	829.242

BHS
Starfsárið 2008

Efnisyfirlit – Ársrit BHS v. starfsemi 2008

Stjórn, starfsfólk og formenn aðildarféлага BHS 2008	84
Skýrslur starfsmanna	
<i>Gunnar Ríkharðsson</i>	85
<i>Anna Margrét Jónsdóttir</i>	89
<i>Kristján Óttar Eymundsson</i>	91
<i>Þórður Pálsson</i>	93
Starfsemi í einstökum búgreinum 2008	
<i>Sauðffjarræktin AMJ</i>	94
<i>Nautgriparæktin – ÞP</i>	98
<i>Hrossaræktin - GR</i>	100
<i>Jarðræktin – KÓE</i>	101
Fjöldi búfjár veturinn 2008-2009	103
Niðurstöður heysýna 2008.....	105
Fundargerð aðalfundar BHS 21. apríl 2009.....	106
Reikningar BHS 2008	117

Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda

Stofnað 1. janúar 2007

Stjórn, starfsfólk og formenn aðildarféлага BHS 2008

Stjórn BHS:

Aðalmenn:

Jón Gíslason, Stóra-Búrfelli
Linda Björk Ævarsdóttir, Steinnýjarstöðum
Jóhann Ragnarsson, Laxárdal
Ólafur Benediktsson, Miðhópi
Skúli Einarsson, Tannstaðabakka

Varamenn:

Jón Kristófer Sigmarsson, Hæli
Jakob Sigurjónsson, Hóli
Rögnvaldur Gíslason, Gröf
Matthildur Hjálmarsdóttir, Þóroddsstöðum
Örn Óli Andrésson, Bakka

Skoðunarmenn BHS

Ólafur B. Óskarsson, Víðidalstungu
Stefán Á. Jónsson, Kagaðarhóli

Formenn búgreinafélaga á svæði BHS

Félag sauðfjárbænda í A-Hún: Birgir Ingþórsson, Uppsölum
Félag sauðfjárbænda í V-Hún: Böðvar Sigvaldi Böðvarsson, Mýrum
Félag sauðfjárbænda á Ströndum: Guðbrandur Björnsson, Smáhömrum
Félag kúabænda í A-Hún: Magnús Sigurðsson, Hnjúki
Nautgriparæktarfélag V-Hún: Pétur Sigurvaldason, N-Torfustöðum
Samtök hrossabænda í A-Hún: Magnús Jósefsson, Steinnesi
Hrossaræktarsamtök V-Hún: Þórir Ísólffsson, Lækjamóti

Ráðunautar:

Gunnar Ríkharðsson, framkvæmdastjóri
Anna Margrét Jónsdóttir
Þórður Pálsson
Kristján Óttar Eymundsson

**Gunnar Ríkhartðsson,
framkvæmdastjóri**

Starfsemi BHS 2008

Vegna banka- og efnahagshruns sem varð á haustdögum verður seint sagt að árið 2008 hafi verið hefðbundið ár. Þó varð starfsemi BHS nokkuð hefðbundin á árinu og sveiflaðist með árstíðunum eins og venja er. Sauðfjárræktin að haustinu og búfjárefirlitið seinni part vetrar eru aðal álagstímarnir en þess á milli er vinnan nokkuð stöðug og síðan er skrifstofum lokað um mitt sumar.

Á félagssvæði BHS eru nú 16 búnaðarfélög og 7 búgreinafélög. Alls voru félagar í þessum félögum um 940 skv félagatölum sem bárust til BHS, en margir eru í fleiru en einu félagi. Alls eru nú um 540 virkir félagar í BHS, það eru þeir sem eru félagar í einhverju aðildarfélagi BHS og standa skil á árgjaldi til BHS og njóta þar með afsláttar af gjaldskrá.

Fundur formanna aðildarfélaga BHS var haldinn í Skagabúð 10. nóv 2008 og voru gestir fundarins þau Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi Norðurlands vestra og Jóhanna Lind viðskiptafræðingur hjá Bændasamtökum Íslands.

Starfsemi og starfsfólk

Á árinu 2008 var skráð vinna starfsmanna BHS um 6.300 klst eða um 3,9 ársverk og skiptust þau á 6 ráðunauta. Er þetta svipað vinnuframlag og undanfarin ár. Anna Margrét var í fæðingarorlofi frá júní til desember en annars í fullu starfi og skilaði því um hálfu starfi á síðasta ári. Þórður og Kristján voru í fullu starfi allt árið, Svanborg í um 10% vinnu og Hallfríður í um 33% vinnu. Sjálfur var ég í um 75% vinnu.

Í meðfylgjandi töflu má sjá hlutfallslega skiptingu vinnutíma hjá starfsmönnum BHS á einstaka vinnuliði. Undir “Miðlun” flokkast m.a. vinna við fréttabréf, ársrit o.þ.h. en undir “Ýmislegt” fellur m.a. stjórnun og umsýsla, vinna við bókhald, þróunarverkefni, fundir ofl. Vinna við búrekstraráætlanir flokkast undir viðkomandi búgrein en vinna við þann þátt virðist ekki hafa vaxið þrátt fyrir erfitt efnahagsástand.

Tafla 1 Hlutfallsleg (%) skipting vinnutíma hjá starfsmönnum BHS á einstaka vinnuliði árið 2008 og skipting vinnu á búgreinar hjá BHS

VINNA	Vinna alls 2008 %						%	%	%
	2008						2008	2007	2006
	ÞP	SE	KOE	GR	AMJ	HO	BHS	BHS	BHS
Nautgripir	45	0	1	3	2	0	13,6	12,9	15,6
Sauðfé	20	73	38	0	34	70	28,4	30,9	27,0

Hross	5	0	10	18	6	5	9,3	9,1	8,5
Jarðrækt	8	0	8	0	14	0	6,4	3,5	4,7
Búfjáreftilit	15	27	14	3	11	25	12,8	13,2	10,9
Ýmislegt	3	0	19	71	17	0	22,5	21,3	24,1
Símenntun	1	0	5	4	6	0	3,3	3,7	3,8
Miðlun	1	0	4	1	8	0	2,7	4,0	4,7
Annað	2	0	1	0	2	0	0,8	1,4	0,8
VINNA ALLS	100	100	100	100	100	100	100	100	100

Ekki eru miklar breytingar á hlutfallslegri vinnu við einstaka vinnuliði milli ára. Þó má greina aukningu í vinnu tengda jarðrækt og helgast það mest af aukinni tunkortagerð á árinu.

Útgáfumál voru með svipuðu sniði og undanfarin ár, fréttabréf send út eftir þörfum og efni sett á heimasíðuna www.rhs.is til að koma því á framfæri til bænda. Í vaxandi mæli höfum við reynt að nota tölvupóst til að koma upplýsingum til bænda enda mjög fljótleg og ódýr leið til að miðla þekkingu og upplýsingum.

Seinni partinn í ágúst hélt Búnaðarsamband Suðurlands stóra landbúnaðarsýningu á Hellu í samvinnu við ýmsa aðila. Stjórn BHS ákvað að auglýsa hópfærð bænda á svæðinu á sýninguna og fóru rúmlega 50 manns í rútu og var það bæði fróðleg og skemmtileg ferð. Ýmsar hugmyndir hafa verið um bændaferðir innan okkar svæðis en þær hafa ekki komist til framkvæmda enn sem komið er.

Undanfarin ár hefur árshátíð BHS verið haldin í tengslum við Uppskeruhátíð búgreinafélaganna í A-Hún og í ár var hún haldin á Skagaströnd og tókst vel.

Þróunarsjóður

Á aðalfundi BHS árið 2008 voru samþykktar úthlutunarreglur fyrir Þróunarsjóðinn og fór fyrsta úthlutun fram haustið 2008. Stjórnin ákvað að þessu sinni að styrkja námsmenn af svæði BHS sem eru í landbúnaðartengdu námi. Eftirtaldir nemar fengu 50 þús kr styrk hver:

Sigríður Ólafsdóttir, Víðidalstungu - er á fyrsta ári í framhaldsnámi (meistaránámi) í búvísindum við Landbúnaðarháskóla Íslands - hefur numið í Noregi að undanfögnu

Sonja Líndal, Lækjamóti - er á fyrsta ári í dýralæknanámi í Kaupmannahöfn

Eyrún Ösp Skúladóttir, Tannstaðabakka - er á öðru ári í búvísindanámi við LBHÍ

Eydfís Ósk Indriðadóttir, Grafarkoti - er á öðru ári í háskólanámi í hestafræðum sem er námslína sem er kennd að hluta til við LBHÍ og að hluta við Háskólann á Hólum

Einar Reynisson, Syðri Völlum - er á öðru ári í háskólanámi í hestafræðum sem er námslína sem er kennd að hluta til við LBHÍ og að hluta við Háskólann á Hólum

Gunnar Reynisson, Syðri Völlum - er á öðru ári í háskólanámi í hestafræðum sem er námslína sem er kennd að hluta til við LBHÍ og að hluta við Háskólann á Hólum

Stella Guðrún Ellertsdóttir, Sauðá - er á fyrsta ári í háskólanámi í hestafræðum sem er námslína sem er kennd að hluta til við LBHÍ og að hluta við Háskólann á Hólum

Ingveldur Ása Konráðsdóttir, Böðvarshólum - er á öðru ári í Búfræðinámi við LBHÍ

Sigríður Ása Guðmundsdóttir, Hvammstanga - er á öðru ári í Búfræðinámi við LBHÍ

Þorkatla Inga Karlsdóttir, Þorfinnsstöðum - er á fyrsta ári í Búfræðinámi við LBHÍ

Búfjáreftilit

Búfjáreftiliti var sinnt á árinu 2008 í samræmi við samkomulag þar að lútandi við sveitarfélögin og eru skráningar vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt teknar út samhliða eftirliti. Eins og sést í töflunni fer um 13 % af vinnutíma í þetta verkefni á árinu 2008 og er það mjög svipað og árið á undan en þessar heimsóknir á bæi gefa mjög góða tengingu við alla bændur á eftirlitssvæðinu.

Rekstur BHS á árinu 2008

Ég hef séð um að færa allt bókhald BHS og gera það upp en BHS er ekki framtalsskylt en þarf að skila öllum upplýsingum til skattayfirvalda um launagreiðslur og virðisaukaskatt.

Rekstur BHS á árinu 2008 gekk nokkuð vel og skilaði um 4,3 milljónum í hagnað fyrir utan fjármagnsliði en að þeim meðtöldum varð hagnaður um 6,3 milljónir. Veltan á árinu var um 45 milljónir en það er um 10% aukning frá árinu áður. Búnaðarsjóður skilar okkur um 9,9 milljónum eða 22% af heildartekjum en á síðasta búnaðarþingi var samþykkt tillaga um að endurskoða innheimtu búnaðargjalds.

Laun og starfsmannatengdur kostnaður var um 20,5 milljónir. Laun frjótækna eru greidd sem verktakalaun og eru því ekki inni í þessari tölu en alls fengu þeir greiddar um 9,2 milljónir á árinu en innifalið í þeirri upphæð eru bæði vinna og akstur.

Búnaðarsambandið á nú tvær bifreiðar og gekk rekstur þeirra nokkuð vel á árinu. Alls voru eknir á þeim um 40 þús km og var kostnaður á ekinn km um 41 kr að teknu tilliti til afskrifta en ekki vaxta af fjárfestingu.

Nú liggur fyrir að fara þarf í ákveðnar endurbætur á húsnæði á Blönduósi. Mála á húsið að utan í sumar og endurbæta gler og glugga. Ennfremur má ekki dragast mikið lengur að fara í lagfæringar á sameiginlegu rými efri hæðar hússins en það er anddyri, stigagangur og klósett. Nokkuð treglega hefur þó gengið að fá alla viðkomandi aðila til að samþykkja þessar endurbætur og er nú leitað leiða til að leysa þessi mál.

Ég vil þakka bændum og starfsmönnum ánægjuleg samskipti á liðnu ári.

Gunnar Ríkharðsson

Anna Margrét Jónsdóttir

Starfsskýrsla 2008

Verkþættir	Hlutfall
Sauðfjárrækt	36
Nautgriparækt	2
Hrossarækt	7
Jarðrækt og þróunarverkefni	14
Fréttabréf, ársrit og heimasíða	9
Endurmenntun	6
Búfjárefirlit	11
Fundir	2
Ýmislegt	13

Árið 2008 fór að hálfu leyti í allt önnur störf en hjá Búnaðarsambandinu, en ég fór í fæðingarorlof um mitt árið og kom aftur til starfa í byrjun apríl 2009.

Sauðfjárrækt

Stærsti hluti minnar vinnu á árinu fór í sauðfjárrækt sem fyrr, þrátt fyrir að ég missti af hausttörminni. Þarna er drjúgur hluti sem fer í fjárræktarfélagafundi en ég mætti á flesta slíka fundi á svæðinu. Einhver tími fór í uppgjör sæðinga í janúar, aðstoð við skýrsluhald, lokafrágang á afkvæmarannsóknunum og önnur uppgjör á skýrsluhaldi og kynbótastarfi. Einnig fer alltaf einhver tími í merkjapantanir, aðstoð við gæðastýringu og ýmislegt minni háttar.

Nautgriparækt

Afar lítill tími hjá mér fer beint í nautgriparækt.

Hrossarækt

Sá hluti minnar vinnu sem flokkast undir hrossarækt, felur fyrst og fremst í sér vinnu við flettingar í Worldfeng, grunnskráningar og aðra aðstoð vegna skýrsluhaldsins.

Jarðrækt

Áburðaráætlanagerð hefur að mestu verið á minni könnu og voru áætlanir fyrir 2008 að mestu leyti unnar eftir áramót, sökum þess hvað verðskrár birtust seint frá áburðarsölum. Reynt er að nýta jarðvegs- og heysýni sem mest í þessari vinnu ásamt reynslu fyrri ára. Talsverður tími fór í gerð túnkorta en með nýjum loftmyndagrunni auðveldast sú vinna töluvert. Þónokkur áhugi hefur verið meðal bænda að nýta sér þetta og endurnýja túnkortin.

Önnur verkefni

Ég hef haft umsjón með Fréttabréfi BHS, séð að mestu um uppsetningu og frágang til prentunar, auk þess að skrifa í það. Einnig hef ég séð um að taka saman efni í ársrit BHS og unnið við heimasíðuna.

Undir endurmenntun fellur Fræðaðing landbúnaðarins og fleiri fundir.

Drjúgur tími fer í búfjárefirlit að vanda.

Flesta daga fer síðan nokkur tími í óskilgreind verkefni og má þar telja til ýmis konar tölvuvinnu, símsvörun og önnur skrifstofustörf sem flokkast undir ýmislegt. Einnig fer í þennan flokk aðstoð við umsóknir í Bjargráðasjóð, Framleiðnisjóð og önnur umsóknavinna, fundarsetur, skipulagning og fleira þess háttar.

Að lokum vil ég þakka bændum á starfssvæði Búnaðarsambandsins fyrir gott samstarf á liðnu ári.

Anna Margrét Jónsdóttir

Kristján Óttar Eymundsson

Starfsskýrsla 2008

Ég var í fullu starfi á árinu. Vinnan skiptist eftirfarandi eftir verkefnum:

Verkefni	Hlutfall
Sauðfjárrækt	38%
Nautgriparækt	1%
Hrossarækt	10%
Jarðrækt og þróunarverkefni	18%
Búfjárefirlit	14%
Miðlun	4%
Endurmenntun	5%
Annað	10%
	100%

Sauðfjárrækt

Sem fyrr fer stærsti hluti minnar vinnu í sauðfjárræktina. Lambaskoðun að haustinu vegur þar þyngst. Einnig fór töluverður tími í sjálft skýrsluhaldið, bæði við að aðstoða bændur og síðan við umsýslu á gögnum. Mjög margir bændur eru farnir að nota netFjávís og þurfti að aðstoða bændur töluvert með hann. Uppgjör afkvæmarannsóknna fór fram í netFjávísi en umfang þeirra hefur aldrei verið meira en nú. Eins fór töluvert vinna í kynbótastarfið er tengist sæðingum og hrútakaupum. Fyrir stóran hluta bænda þarf líka að sjá um að panta merki í ásetningslömb. Sá um rekstrargreiningar og búrekstraráætlanagerð fyrir sauðfjárþændur. Enn eru bændur að koma inn í gæðastýringuna og aðstoðaði ég nokkra bændur með þær umsóknir og eins vegna nýliðunarstyrkja. Tvö Fjávísnámskeið voru haldin á árinu og eins var ég með Jóni Viðari á fundum um sæðingastöðvarhrútanna í Sævangi og Víðihlíð í lok nóvember. Var með Sigurði Sigurðarsyni á fundi um sauðfjársjúkdóma í lok apríl. Mætti á riðufund með ráðherra og yfirdýralækni sem haldinn var á Borðeyri í júní.

Nautgriparækt

Ég kom nánast ekki nálægt kú á árinu.

Hrossarækt

Vinnan við hrossaræktina fól fyrst og fremst í sér innslátt á árlegum skýrsluhaldsgögnum og örmerkingum. Aðstoðaði einnig bændur við skil á skýrslum, eigendaskipti og við að gera leiðréttingar í Worldfeng. Vann við kynbótasýningar sem voru haldnar í júní og ágúst á Blönduósi.

Jarðrækt og þróunarverkefni

Sinni jarðvegssýnatöku sem hefur verið umfangslítill síðustu ár. Kom lítillaga að áburðarleiðbeiningum. Skipulagði og vann með Árna Snæbjörnssyni við skurðamælingar í lok júní. Hafði umsjón með jarðabótaúttektum og skráningum á þeim. Úttektir fólust m.a. í því að mæla uppröft úr skurðum og kornakra hjá bændum. Eins voru teknar út vatnsveituframkvæmdir og endurbætur á útihúsum. Nú var í fyrsta skipti farið að styrkja bændur vegna gras- og grænófóðurræktunar og skapaðist mikil vinna í kringum þær úttektir. Í loftmyndagrunn Loftmynda ehf teiknaði ég inn nokkur túnkort fyrir bændur og auk þess jarðabótaúttektirnar. Var á kornræktarfundum með bændum á Blönduósi í lok febrúar og á áburðarnámskeiði með bændum í Ásbyrgi í lok nóvember. Mætti einnig á nokkra búnaðarfélagsskjalum.

Búfjárefntilvit

Mikill tími fór í búfjárefntilvit. Það var fyrst og fremst vegna heimsóknna að vorinu en einnig vegna skila á forðagæsluskýrslum að haustinu. Fylgdist með framgangi skila á skýrslum og úttektum að vori.

Miðlun

Kom töluvert að útgáfu fréttabréfa, bæði með skrifum í þau og fjölrítun á þeim. Setti inn fréttir og fróðleik inn á heimasíðuna og skrifaði skýrslur í ársritið.

Endurmenntun

Mætti á Fræðing Landbúnaðarins í febrúar. Fór á samráðsfund sauðfjárræktarráðunauta í Reykjavík í mars og á samræmingarnámskeið sauðfjárdómara á Blönduósi í byrjun september. Í apríl fór ég á túnkortanámskeið í Reykjavík og í desember á samráðsfund jarðræktarráðunauta í Borgarfirði.

Annað

Flesta daga fer nokkur tími í óskilgreind verkefni. Þar má telja ýmis konar tölvuvinnu, símsvörun og þríf á skrifstofuhúsnæði. Þarna er líka einhver akstur eins og til og frá Hvammstanga. Hluti af tímanum fór í að fylla út umsóknir til Bjargráðasjóðs og ganga frá úttektarvottorðum til Framleiðnisjóðs. Tók einnig GPS punkta á bökkum Víðidalsár og Fitjár til að mæla bakkalengd jarða fyrir veiðifélag ána.

Þakka samstarfsfólki og bændum á svæðinu ánægjulegt samstarf á árinu.

Kristján Óttar Eymundsson

Pórður Pálsson

Starfsskýrsla 2008

Nautgriparækt	44%
Sauðfé	20%
Hross	6%
Jarðrækt	8%
Búfjáreftirlit	15%
Endurmenntun	1%
Ýmislegt	6%
	100%

Nautgriparækt

Sá um umsjón með skýrsluhaldi í nautgriparækt á svæði búnaðarsambandsins. Aðstoðaði bændur við að taka upp Huppu nýtt skýrsluhaldskerfi í nautgriparækt, auk þess að sjá um skráningar fyrir þá sem enn skila mjólkurskýrslum á pappír. Fór og dæmdi kýr á svæði búnaðarsambandsins og voru þær um 360 sem skoðaðar voru.

Hrossarækt

Starfaði sem mælinga og fótaskoðunarmaður á vor og síðsumarsýningum kynbótahrossa. Sinnti einnig tilfallandi skráningum í Worldfeng.

Sauðfé

Aðkoma mín að sauðfjárrækt er aðallega í gegnum lambaskoðanir auk þess að aðstoða við skipulagningu sauðfjársæðinga og taka niður pantanir á sæði.

Jarðrækt

Óvenju mikill tími fór í jarðrækt á þessu ári en það skýrist aðallega af því hve mikill tími fór í skráningu og mælingar á jarðabótum. Einnig sá ég um að taka sýni fyrir svokallaða grasþroskaverkefni þar sem fylgst er með grasþroska og skriði og áhrifum þess á efnainnihald grasanna.

Búfjáreftirlit

15% af vinnutíma mínum fóru í búfjáreftirlit. Auk venjulegra heimsóknna fór ég í nokkrar aukahémsóknir til þeirra sem fengið höfðu athugasemdir í fyrri heimsóknum.

Pórður Pálsson


Sauðfjárræktin 2008

Anna Margrét Jónsdóttir

Árið 2008 reyndist gott ár í sauðfjárræktinni. Afurðir voru talsvert meiri en árið á undan enda vorið sérlega gott, sumarið hlýtt og haustið áfallalaust. Í heild jukust afurðir eftir hverja vetrarfóðraða á um 1 kg frá árinu 2007.

Fjárræktarfélag	Fél	Fjöldi áa	Kg/á m.lambi	Kg/hv.á	Fædd	Lömb til
					lömb e. 100 ær	nytja e. 100 ær
Hólmavíkurrepps	7	1.185	33,3	31,3	183	171
Blævur	2	452	34,8	29,9	166	155
Kaldrananeshrepps	4	957	31,9	30,4	181	167
Kirkjubólshrepps	11	2.633	34,3	31,9	192	178
Norðri	10	2.578	30,2	28,1	179	166
Stefnir	15	6.407	29,2	27,6	184	171
Von	10	2.046	32,0	30,3	185	174
Strandasýsla 2008	61	16.685	31,2	29,3	184	171
Strandasýsla 2007	64	16.798	30,0	28,6	184	171
Staðarhrepps	11	3.789	29,8	27,8	184	169
Víðdælinga	12	2.661	29,5	27,8	182	168
Ytri-Torfustaðahr.	18	3.888	30,1	28,0	182	168
Fr-Torfustaðahr.	15	4.597	28,2	26,2	179	163
Vatnsnesinga	23	5.653	33,3	31,5	190	177
V-Hún 2008	79	20.588	30,4	28,5	184	169
V-Hún 2007	79	20.267	29,5	27,8	183	169
Sveinstaðahrepps	28	10.067	28,1	25,8	177	162
Svínavatnshrepps	27	5.443	26,2	23,9	172	155
Skagahrepps	15	3.733	26,4	24,8	171	154
Engihlíðahrepps	11	2.100	27,9	25,8	175	157
A-Hún 2008	99	25.347	26,9	24,7	172	157
A-Hún 2007	97	24.755	25,5	23,3	171	154
BHS 2008	239	62.620	29,2	27,2	179	165
BHS 2007	240	61.820	28,0	26,2	178	164

Afurðir síðustu ára eru settar fram myndrænt hér fyrir neðan þar sem súlurnar sýna fædd lömb eftir hverja vetrarfóðraða á og línurnar sýna afurðir í kg eftir hverja vetrarfóðraða á. Þar sést glöggt munurinn sem er á milli Vestur-Hún og Stranda annars vegar og Austur-Hún hins vegar en A-Húnvetningar eiga enn verulegt sóknarfæri í sauðfjárræktinni ef miðað er við nágrannana í vestri. Myndi þar muna mest um að ná upp frjóseminni og verður greinilega að gera sérstakt átak í því.



Mestar afurðir eftir vetrarfóðraða á – að lágmarki 100 ær.



Sýsla	Eigendur	Bær	Fjöldi áa	Kjöt kg e. hv. á	Lömb til nytja
Strandir	Indriði og Lóa	Skjaldfönn	218	37,5	1,76
Strandir	Ragnar og Sigríður	Heydalsá	290	37,4	1,94
Strandir	Guðbrandur og Björn	Smáhömrum	278	35	1,84
Strandir	Jón og Erna	Broddanesi 1	280	34,6	1,81
Strandir	Haraldur Guðmundsson	Stakkanesi	218	33,7	1,73
V-Hún	Þormóður og Borghildur	Sauðadalsá	435	37,9	1,99
V-Hún	Ellert og Heiða	Sauða	374	36,9	1,9
V-Hún	Benedikt og Heiðrún	Neðri-Torfustöðum	223	33,6	1,89
V-Hún	Þorbjörg og Óskar	Þorgrímsstöðum	295	33,5	1,82
V-Hún	Baldur og Olga	Saurbæ	399	33,4	1,91
A-Hún	Jóhanna og Gunnar	Akri	167	32,7	1,76
A-Hún	Magnús og Líney	Steinnesi	538	32,1	1,80
A-Hún	Lúther og Sigríður	Forsæludal	196	30,7	1,74
A-Hún	Sigursteinn Bjarnason	Stafni	274	29,9	1,77
A-Hún	Sævar og Anna Margrét	Sölvabakka	471	28,7	1,66

Í töflunni hér fyrir ofan má sjá þá sem mestar afurðir höfðu eftir hverja vetrarfóðraða á, í hverri sýslu fyrir sig. Miðað er við að á búunum séu að lágmarki 100 skýrslufærðar ær. Gaman er að segja frá því að af 5 efstu búum yfir landið eru 4 af svæði BHS eða Sauðadalsá, Skjaldfönn, Heydalsá og Sauða enda stórglæsilegur árangur í sauðfjárræktinni á öllum þessum búum.

Í næstu töflu hér fyrir neðan má sjá þá bæi sem hæst stóðu í hverri sýslu fyrir sig hvað gerðarmat sláturlamba snertir. Sem fyrr er miðað við að til grundvallar liggja mat á að lágmarki 100 sláturlömbum frá hverju búi. Þar standa hæst á svæðinu hjónin á Akri í A-Hún en þau voru jafnframt í þriðja sæti yfir landið sem er stórglæsilegur árangur.

Sýsla	Eigendur	Bær	Fj. slátur- lamba	Fall- þungi	Gerð	Fita
Strandir	Jón og Erna	Broddanesi 1	389	18,7	11,19	7,71
Strandir	Ragnar og Sigríður	Heydalsá	376	18,17	10,82	7,18
Strandir	Björn og Bjarnheiður	Melum 1	484	17,18	10,57	6,68
Strandir	Björn og Guðbrandur	Smáhömrum	365	18,07	10,52	7,73
Strandir	Kristján Albertsson	Melum 2	127	17,36	10,22	6,98
V-Hún.	Sigvaldi og Þóra	Urriðaa	526	18,08	10,93	8,02
V-Hún	Indriði og Herdís	Grafarkoti	101	19,27	10,38	8,34
V-Hún.	Benedikt og Sigrún B.	Bergsstöðum	605	18,14	10,31	7,02
V-Hún	Gerður og Indriði	Syðri-Reykjum	141	18,99	10,19	7,7
V-Hún	Ellert og Heiða	Sauða	705	18,95	10,09	8,1
A-Hún	Jóhanna og Gunnar	Akri	259	18,22	11,36	7,93
A-Hún	Ægir og Gerður	Stekkjardalur	177	18,29	10,05	7,14
A-Hún	Kristján og Linda	Steinýjarstöðum	105	17,8	9,97	6,66
A-Hún	Sævar og Anna Margrét	Sölvabakka	754	17	9,66	7,33
A-Hún	Magnús og Líney	Steinnesi	918	17,2	9,34	7,27

Næstu tvær myndir sýna annars vegar umfang lambaskoðana og hins vegar sæðinga á árinu 2008. Lambaskoðun dróst heldur saman milli ára en eins og sjá má á myndinni hefur á síðustu árum orðið gríðarleg aukning milli ára sem getur auðvitað ekki haldið endalaust áfram. Sæðingar aukast hins vegar enn jafnt og þétt og sýnir það vonandi áframhaldandi aukinn áhuga á ræktunarstarfinu.



Nautgriparáæktin 2008

Þórður Pálsson

Á svæði Búnaðarsambandsins eru nú 52 mjólkurframleiðendur, 46 bú í skýrsluhaldi og 6 bæir utan skýrsluhalds. Af þessum 46 sem eru í skýrsluhaldi eru 28 að skila mjólkurskýrslum í Huppu, hinu nýja skýrsluhaldsforriti í nautgriparáækt. Huppan er nú rúmlega árgömul um þessar mundir. Mikil auka vinna hefur orðið til í kringum innleiðingu Huppunnar. Jafnframt því að nýtt skýrsluhaldskerfi var tekið í notkun var hætt að senda suður til skráningar þær skýrslur sem koma á pappír frá bændum. Við innleiðingu Huppunnar hafa komið upp ýmis vandamál þannig að upplýsingar til bænda hafa oft á tíðum verið seinar að skila sér til þeirra. Til dæmis hefur ekki verið reiknað að fullu nýtt kynbótamat fyrir kýrnar á þessu ári og er það nokkrum mánuðum seinna en venjulega.

Námskeið voru haldin þar sem Magnús B. Jónsson nautgriparáæktaráðunautur, Sveinbjörn Eyjólfsson, Gunnfríður Hreiðarsdóttir og Berglind Ósk Óðinsdóttir héldu fyrirlestra um nautgriparáækt, skýrsluhald og fóðrun.

Á árinu var tekin upp sú nýbreytni að ráðunautar skoðuðu kýr á sínum svæðum en fram til þessa hafði landsráðunautur farið í yfirferð og dæmt kýr á öllu landinu. Í heildina gengu dómastörf vel og dæmdar voru 360 kýr sem er nýtt met. Hæst dæmdu kýrnar á svæðinu eru :

- Drífa 305 Neðri Torfustöðum 88 stig
- Snekkja 295 Tannstaðabakka 88 stig
- Gata 242 Stóra-Búrfelli 88 stig

Afurðir á svæðinu á síðasta ári voru 5389 kg /árskú prótein 3,38 og fita 4,13.

1341,3 árskýr koma á skýrslu en heilsárskýr voru 931. Þetta eru nokkru minni afurðir heldur en voru árið áður.

Afurðahæstu búin 2008

Bú	Mjólk kg	Prótein %
Syðri-Valdarás	6.664	3,56
Steinýjarstaðir	6.512	3,41
Neðri-Torfustaðir	6.476	3,47
Bessastaðir	6.373	3,26
Höskuldsstaðir	6.191	3,27
Brúsastaðir	6.102	3,49
Neðri-Svertingsstaðir	6.096	3,34

Afurðahæstu kýrnar 2008

Kýr	Mjólkg	Prótein %	Bú
Sóley 149	11.909	3,12	Steinnýjarstaðir
Askja 111	10.309	3,27	Ártún
Huppa 164	10.131	3,41	Steinnýjarstaðir
Heiðbrá 140	9.418	3,34	Hnjúkur

Gæðastýring í mjólkurframleiðslu var innleidd nú í upphafi árs 2009 þar sem bændum er greitt fyrir að skila mjólkurskýrslunum sínum á réttum tíma, hafa ákveðinn standard á gæðum skýrslanna og taka 5 mjólkursýni úr hverri kú yfir árið.

Hrossaræktin 2008

Gunnar Ríkharðsson

Skv vinnuskýrslum fara nú um 9% af vinnutíma ráðunauta BHS í verkefni tengd hrossaræktinni og virðist sá tími heldur vera að aukast enda sífellt gerðar meiri kröfur um skýrsluhald í hrossarækt eins og í öðrum búgreinum. BHS sér nú um allt skýrsluhald í hrossarækt á starfssvæði sínu og fær greitt fyrir það frá Bændasamtökum Íslands í samræmi við fjölda skráðra folalda á hverju ári. Starfið er unnið í góðri samvinnu við Samtök hrossabænda í héraðinu og við Bændasamtök Íslands.

Samkvæmt núverandi reglum fá einungis þau hross A-vottun sem hafa verið DNA greind með tilliti til ætternis. Á árinu 2008 tók ég um 230 stroksýni úr nös á hrossum til DNA greininga og staðfestingar á ætterni. Til algjörra undantekninga heyrir að skráð ætterni sé ekki í samræmi við ætterni skv. DNA greiningu þó dæmi séu þó til staðar um það.

Skil á gögnum til okkar í skýrsluhald hrossaræktarinnar gengur nokkuð vel en gjarnan mættu þó folaldaskýrslur skila sér fyrir að haustinu. Það er óþarfi að geyma það fram yfir jól að skila og nú geta þeir sem hafa aðgang að Worldfeng sjálfir skráð afdrif og sölu á eigin hrossum.

BHS sér um kynbótasýningar hrossa í héraðinu og á árinu 2008 voru tvær sýningar haldnar og báðar á Blönduósi, önnur í byrjun júní og hin um miðjan ágúst og er svipað fyrirkomulag fyrir árið 2009.

Á sýninguna í júní mættu 57 hross til dóms og þar af voru 10 stóðhestar. Fjögur hross fengu farmiða á landsmótið á Hellu en það voru fjögurra vetra stóðhestarnir Tryggvi Geir frá Steinnesi og Penni frá Glæsibæ, báðir undan Parker frá Sólheimum, og fimm vetra hryssurnar Líf frá Syðri-Völlum og Sóllilja frá Seljabrekku en þær eru undan Núma og Huginn frá Haga. Dómarar á þessari sýningu voru þau Sigbjörn Björnsson, Ágúst Sigurðsson og Steinunn Anna Halldórsdóttir.

Á sýningunni í ágúst voru dæmd 51 hross og þar af 3 stóðhestar. Dómarar á þeirri sýningu voru Jón Vilmundarson, Svanhildur Hall og Elisabeth Jansen en hæst dæmda hrossið á þeirri sýningu var Krafla frá Brekku, undan Gusti frá Hóli, með 8,20 í aðaleinkunn.

Jarðræktin 2008

Kristján Óttar Eymundsson

Töluverð vinna fór í jarðræktina á árinu eða 6,4% af vinnu ráðunauta. Í byrjun árs fer töluverður tími í að ganga frá umsóknum vegna jarðabótastyrkja. Á þessum tíma eru áburðaráætlanir fyrir bændur í fullum gangi en það er þjónusta sem fleiri bændur mættu nýta sér. Í lok febrúar var góð mæting á stórskemmtilega kornfundi þar sem Jónatan Hermannsson og Gunnar Sigurðsson á Stóru-Ökrum héldu erindi. Á vormánuðum mættu ráðunautar á aðalfundi hjá búnaðarfélagum ef þess var óskað. Þar var m.a. rætt um mikilvægi endurræktunar og kölkunar. Seinni partinn í júní kom Árni Snæbjörnsson á svæðið til að aðstoða við að mæla fyrir skurðum á nokkrum bæjum. Bændur tóku þeim leiðbeiningum mjög vel.

Búnaðarsambandið hefur undanfarin ár tekið þátt í sameiginlegu átaki á landinu í að fylgjast með þroska túngrasa. Þessar mælingar nýttust þó ekki sem skildi nú í sumar því sláttur byrjaði óvenju snemma og byrjað var á mælingum of seint.

Vorið 2008 sáðu 32 bændur korni til þroska í 127 ha í A-Hún en 4 bændur fóru yfir í Skagafjörðinn og sáðu korni þar í 54 ha. Alls sáðu Austur-Húnvetningar því korni í 181 ha en það er mikil aukning frá árinu áður en þá var sáð í alls 147 ha. Munar þar mestu um félagsrækt Svínheppinga á Bakásun. V-Húnvetningar sáðu nú korni með mjög góðum árangri. Í heild má segja að korn hafi víða verið mikið og gott. Fyrirsjáanleg er áframhaldandi aukning í kornrækt á árinu 2009 en ljóst er að V-Húnvetningar munu bæta mikið við sig í korni.

Jarðrækt alls í hekturum árið 2008 (samkvæmt úttektum)

	Fjöldi bæja	Korn	Gras	Grænfóður
A-Hún	81	181	147	259
V-Hún	46	16	117	140
Strandir	13	0	17	40
Samtals:	140	197	281	439

Um haustið voru jarðabæturnar teknar út. Nú var í fyrsta skipti farið að styrkja gras- og grænfóðurræktun. Bættist við mikil úttektarvinna samhliða því. Jafnframt þurfti að taka út framkvæmdir vegna vinnuhagræðingar og bættis aðbúnaðar í útihúsum, uppgröft úr skurðum og þreskingu á korni. Eins sjá ráðunautar um að taka út vatnsveituf framkvæmdir.

Of lítill áhugi hefur verið á jarðvegssýnatöku á svæðinu. Með hækkandi áburðarverði er ljóst að þetta er þáttur sem bændur verða að nýta sér betur til að geta verið með nákvæmari áburðargjöf. Það hefur líka komið ljós í gegnum árin að sýrustig túna er víða alltof lágt. Víða þarf að kalka

mýrartún og eitthvað sem ætti skilyrðislaust að fylgjast að með endurræktun túna.

Áburðar- og jarðræktarnámskeið var haldið í lok nóvember í Ásbyrgi. Kennari var Ríkharr Brynjólfsson. Þátttaka var mjög góð eða um 25 manns.

Með nýjum loftmyndagrunni sem búnaðarsambönd fengu aðgang að á árinu 2007 opnuðust nýir möguleikar til að þjónusta bændur. Í þeim grunni er nú hægt að gera túnkort fyrir bændur. Á árinu 2008 voru teiknuð 16 túnkort fyrir bændur og fyrir liggur að teikna mun fleiri á árinu 2009. Inn í þennan grunn var einnig teiknuð inn öll korn-, gras- og grænfróðurrækt á landinu og upphreinsun úr skurðum.

Fjöldi búfjár á svæði BHS veturinn 2008-2009

Nautgripir á svæði BHS veturinn 2008-2009

	Kýr	Holda- kýr	Kvígur	Geld- neyti	Kálfar	Samt.
Blönduósbær	76		10	86	149	321
Húnavatnshreppur	581	60	160	413	406	1.620
Höfðahreppur				3	8	11
Skagabyggð	232		73	233	193	731
A-Hún Samt. 2008-2009	889	60	243	735	756	2.683
A-Hún Samt. 2007-2008	940	81	201	709	886	2.817
Mismunur	-51	-21	42	26	-130	-134

Húnaþing vestra	541	140	137	637	565	2.020
V-Hún Samt. 2008-2009	541	140	137	637	565	2.020
V-Hún Samt. 2007-2008	577	134	112	589	563	1.975
Mismunur	-36	6	25	48	2	45

Árneshreppur						0
Kaldrananeshreppur						0
Bæjarhreppur	62		10	58	49	179
Strandabyggð						0
Strandir Samt. 2008-2009	62	0	10	58	49	179
Strandir Samt. 2007-2008	57	0	11	65	47	180
Mismunur	5	0	-1	-7	2	-1

Svæðið samtals 2008-2009	1.492	200	390	1.430	1.370	4.882
---------------------------------	-------	-----	-----	-------	-------	-------

Sauðfé á svæði BHS veturinn 2008-2009

	Ær	Hrútar	Gemlingar	Samtals
Blönduósbær	2.309	69	546	2.924
Húnavatnshreppur	21.417	647	4.308	26.372
Höfðahreppur	155	9	12	176
Skagabyggð	4.197	130	1.038	5.365
A-Hún Samt. 2008-2009	28.078	855	5.904	34.837
A-Hún Samt. 2007-2008	27.237	853	6.291	34.381
Mismunur	841	2	-387	456

Húnaþing vestra	21.798	642	5.612	28.052
V-Hún Samt. 2008-2009	21.798	642	5.612	28.052
V-Hún Samt. 2007-2008	21.653	652	5.403	27.708

Mismunur	145	-10	209	344
Árneshreppur	2.084	50	594	2.728
Kaldrananeshreppur	993	40	245	1.278
Bæjarhreppur	6.485	208	1.148	7.841
Strandabyggð	7.410	244	1.784	9.438
Strandir Samt. 2008-2009	16.972	542	3.771	21.285
Strandir Samt. 2007-2008	17.092	519	3.765	21.376
Mismunur	-120	23	6	-91

Svæðið samtals 2008-2009	66.848	2.039	15.287	84.174
---------------------------------	--------	-------	--------	--------

Hross á svæði BHS veturinn 2008-2009

	Hryssur	Hestar	Tryppi	Fölöld	Samtals
Blönduósþær	373	273	226	115	987
Húnavatnshreppur	2.202	876	855	419	4.352
Höfðahreppur	78	77	28	24	207
Skagabyggð	347	175	106	40	668
A-Hún Samt. 2008-2009	3.000	1.401	1.215	598	6.214
A-Hún Samt. 2007-2008	3.121	1.465	1.247	543	6.376
Mismunur	-121	-64	-32	55	-162

Húnaþing vestra	1.823	971	1.029	373	4.196
V-Hún Samt. 2008-2009	1.823	971	1.029	373	4.196
V-Hún Samt. 2007-2008	1.873	907	1.050	396	4.226
Mismunur	-50	64	-21	-23	-30

Árneshreppur					0
Kaldrananeshreppur	7	5	7	2	21
Bæjarhreppur	96	63	46	20	225
Strandabyggð	66	86	24	7	183
Strandir Samt. 2008-2009	169	154	77	29	429
Strandir Samt. 2007-2008	146	148	54	19	367
Mismunur	23	6	23	10	62

Svæðið samtals 2008-2009	4.992	2.526	2.321	1.000	10.839
---------------------------------	-------	-------	-------	-------	--------

Niðurstöður heysýna 2008

Anna Margrét Jónsdóttir

Hér má sjá fjölda og niðurstöður heysýna eftir sýslum en alls voru tekin 41 heysýni síðastliðið sumar. Í heildina má sjá að heyin eru ívið þurrari en árið áður eða 55% á móti 54,1% árið áður. Þurrust eru þau í A-Húnavatnssýslu. Orkugildi (meltanleiki, FEm) og próteingildi hækka nokkuð milli ára en sumarið var einstaklega gott heyskaparsumar og spretta almennt með betra móti.

	A-Hún	V-Hún	Strandir	2008	2007	2006
Fjöldi	18	20	3	41	81	62
Þurrefni %	57,4	53,9	47,8	55,0	54,1	50,0
Meltanleiki %	69,3	70,3	68,0	69,7	69,0	69,3
FEm/kg þe	0,79	0,8	0,77	0,79	0,78	0,79
Hráprótein % þe	15,6	15,1	16,9	15,5	15,2	16,8
AAT g/kg þe	73	71	67	30	29	53
PBV g/kg þe	30	29	53	32	29	47
Kalsíum (Ca) g/kg þe	3,5	3,4	3,7	3,5	3,7	3,9
Fosfór (P) g/kg þe	2,9	2,9	3,1	2,9	3,0	3,5
Magnesíum (Mg) g/kg þe	2,3	2,1	2,2	2,2	2,3	2,5
Kalíum (K) g/kg þe	17	20	22	19	16	18

Í töflu hér fyrir neðan má sjá breytileika milli heysýna eftir því hvort þau voru tekin úr þurrhegi eða rúlluhegi en einungis 2 sýni eða tæp 5% voru tekin úr þurrhegi. Engin sýni voru tekin á árinu af grænfóðri eða vothegi.

	Rúlluhey	Þurrhey	Alls
Fjöldi	39	2	41
Þurrefni %	53,5	83,2	55
Meltanleiki %	69,7	69,5	69,7
FEm/kg þe	0,79	0,79	0,79
Hráprótein % þe	15,5	14,7	15,5
AAT g/kg þe	71	84	71
PBV g/kg þe	33	-1	32
Kalsíum (Ca) g/kg þe	3,4	4,2	3,5
Fosfór (P) g/kg þe	3,0	2,7	2,9
Magnesíum (Mg) g/kg þe	2,2	2,5	2,2
Kalíum (K) g/kg þe	19	14	19
Natríum (Na) g/kg þe	1,7	0,8	1,7

Aðalfundur BHS Ásbyrgi, Miðfirði 21. apríl 2009

Dagskrá aðalfundar 21. apríl 2009:

1. Fundarsetning og skipan starfsmanna (fundarstjóri, fundarritari, kjörbréfanefnd)
2. Ávarp formanns BHS
3. Skýrsla framkvæmdastjóra BHS
4. Umræður um skýrslur
5. Reikningar kynntir
Matarhlé
6. Niðurstaða kjörbréfanefndar
7. Erindi gesta:
Erna Bjarnadóttir hagfræðingur hjá Bændasamtökunum
8. Umræður um erindi
9. Mál lögð fram til nefnda:
10. Nefndarstörf og afgreiðsla mála
11. Kaffihlé
12. Kosningar skv samþykktum BHS:
Einn af Ströndum í stjórn BHS til þriggja ára og einn til vara
Tveir skoðunarmenn reikninga til eins árs og tveir til vara
13. Kosning fulltrúa BHS á Búnaðarþing
Kjósa þarf þrjá aðalmenn og þrjá varamenn til þriggja ára
14. Önnur mál
15. Fundarslit

Fundarsetning

Formaður BHS Jón Gíslason setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann lagði til að Júlíus Guðni Antonsson stýrði fundi og Anna Margrét Jónsdóttir ritaði fundargerð. Hann tilnefndi auk þess í kjörbréfanefnd Guðbrand Sverrisson, Gísli Magnússon og Ægi Sigurgeirsson. Engar athugasemdir komu fram við það og tóku þau því til starfa.

Skýrsla formanns.

Jón Gíslason flutti skýrslu stjórnar og ræddi þar m.a. um erfiða stöðu í þjóðfélaginu eftir efnahagshrunið á síðasta ári. Hann fór yfir tillögur frá síðasta aðalfundi og hvað hefði verið gert í framhaldi þeirra. Þar kom m.a. fram að Búnaðarsambandið keypti á síðasta ári GPS tæki til hnitsetningar m.a. til að hnitsetja landamerki. Stjórnin kom mótmælum síðasta aðalfundar við matvælafrumvarpið til skila á ýmsum stöðum. Veittur var styrkur úr þróunarsjóði BHS til 10 landbúnaðarnema úr héraðinu. Gjaldskrá vegna kúasæðinga var breytt 1.maí sl. í samræmi við það sem ákveðið var á aðalfundi. Hann ræddi jafnframt um þær hugmyndir sem BHS ýtti ásamt öðrum af stað um nýja áburðarverksmiðju á Íslandi. Niðurstaða þeirrar hugmyndavinnu var að eftir að olía lækkaði aftur í Evrópu, þá var ekki grundvöllur fyrir að framleiða ammoníumnítrat úr

andrúmslofti hér með rafmagni nema þá ef verksmiðjan myndi framleiða tífalt meira af áburði en fyrir íslenskan landbúnað. Sú verksmiðja myndi kosta um 35 milljarða og var því þessi hugmynd lögð til hliðar í bili. Fram kom að komið er að viðhaldi á húsnæði Búnaðarsambandsins á Húnaþingi 13, Blönduósi. Hann vék einnig að kjaramálum starfsmanna en Hagsmunafélag ráðunauta gekk inn í Félag íslenskra náttúrufræðinga á síðasta ári. Samningar eru lausir hjá frjótæknum.

Skýrsla framkvæmdastjóra

Gunnar Ríkharðsson flutti skýrslu framkvæmdastjóra. Starfsemi BHS var nokkuð hefðbundin á árinu og sveiflaðist með árstíðunum eins og venja er. Sauðfjárræktin að haustinu og búfjárefirlitið seinni part vetrar eru aðal álagstímarnir en þess á milli er vinnan nokkuð stöðug og síðan er skrifstofum lokað um mitt sumar. Á félagssvæði BHS eru nú 16 búnaðarfélög og 7 búgreinafélög. Alls voru félagar í þessum félögum um 940 skv félagatölum sem bárust til BHS, en margir eru í fleiru en einu félagi. Alls eru nú um 540 virkir félagar í BHS, það eru þeir sem eru félagar í einhverju aðildarfélagi BHS og standa skila á árgjaldi til BHS og njóta þar með afsláttar af gjaldskrá. Fundur formanna aðildarfélaganna BHS var haldinn í Skagabúð 10. nóv 2008 og voru gestir fundarins þau Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi Norðurlands vestra og Jóhanna Lind viðskiptafræðingur hjá Bændasamtökum Íslands.

Á árinu 2008 var skráð vinna starfsmanna BHS um 6.300 klst eða um 3,9 ársverk og skiptust þau á 6 ráðunauta. Er þetta svipað vinnuframlag og undanfarin ár. Anna Margrét var í fæðingarorlofi frá júní til desember en annars í fullu starfi og skilaði því um hálfu starfi á síðasta ári. Þórður og Kristján voru í fullu starfi allt árið, Svanborg í um 10 % vinnu og Hallfríður í um 33 % vinnu. Sjálfur var Gunnar í um 75 % vinnu. Ekki eru miklar breytingar á hlutfallslegri vinnu við einstaka vinnuliði milli ára. Þó má greina aukningu í vinnu tengda jarðrækt og helgast það mest af aukinni túnkortagerð á árinu. Útgáfumál voru með svipuðu sniði og undanfarin ár, fréttabréf send út eftir þörfum og efni sett á heimasíðuna www.rhs.is til að koma því á framfæri til bænda. Í vaxandi mæli höfum við reynt að nota tölvupóst til að koma upplýsingum til bænda enda mjög fljótleg og ódýr leið til að miðla þekkingu og upplýsingum.

Seinni partinn í ágúst hélt Búnaðarsamband Suðurlands stóra landbúnaðarsýningu á Hellu í samvinnu við ýmsa aðila. Stjórn BHS ákvað að auglýsa hópferð bænda á svæðinu á sýninguna og fóru rúmlega 50 manns í rútu og var það bæði fróðleg og skemmtileg ferð. Ýmsar hugmyndir hafa verið um bændafeðir innan okkar svæðis en þær hafa ekki komist til framkvæmda enn sem komið er. Undanfarin ár hefur árshátíð starfsmanna og stjórnar BHS verið haldin í tengslum við Uppskeruhátíð búgreinafélaganna í A-Hún og í ár var hún haldin á Skagaströnd og tókst vel.

Á aðalfundi BHS árið 2008 voru samþykktar úthlutunarreglur fyrir Þróunarsjóðinn og fór fyrsta úthlutun fram haustið 2008. Stjórnin ákvað að

Þessu sinni að styrkja námsmenn af svæði BHS sem eru í landbúnaðartengdu námi og fengu 10 nemendur 50 þús kr styrk hver.

Búfjáreftirliti var sinnt á árinu 2008 í samræmi við samkomulag þar að lútandi við sveitarfélögin og eru skráningar vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt teknar út samhliða eftirliti. Gefa þessar heimsóknir á bæi mjög góða tengingu við alla bændur á eftirlitssvæðinu.

Rekstur BHS á árinu 2008 gekk nokkuð vel og skilaði um 4,3 milljónum í hagnað fyrir utan fjármagnsliði en að þeim meðtöldum varð hagnaður um 6,3 milljónir. Veltan á árinu var um 45 milljónir en það er um 10% aukning frá árinu áður. Búnaðarsjóður skilar okkur um 9,9 milljónum eða 22% af heildartekjum en á síðasta búnaðarþingi var samþykkt tillaga um að endurskoða innheimtu búnaðargjalds. Laun og starfsmannatengdur kostnaður var um 20,5 milljónir. Laun frjótekna eru greidd sem verktakalaun og eru því ekki inni í þessari tölu en alls fengu þeir greiddar um 9,2 milljónir á árinu en innifalið í þeirri upphæð eru bæði vinna og akstur. Búnaðarsambandið á nú tvær bifreiðar og gekk rekstur þeirra nokkuð vel á árinu. Alls voru eknir á þeim um 40 þús km og var kostnaður á ekinn km um 41 kr að teknu tilliti til afskrifta en ekki vaxta af fjárfestingu.

Nú liggur fyrir að fara þarf í ákveðnar endurbætur á húsnæði á Blönduósi. Mála á húsið að utan í sumar og endurbæta gler og glugga. Ennfremur má ekki dragast mikið lengur að fara í lagfæringar á sameiginlegu rými efri hæðar hússins en það er anddyri, stigagangur og klósett. Nokkuð treglega hefur þó gengið að fá alla viðkomandi aðila til að samþykkja þessar endurbætur og er nú leitað leiða til að leysa þessi mál.

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu störf innan búgreinanna. Á síðasta ári var tekið í notkun nýtt skýrsluhaldskerfi í nautgriparækt og fór mikill tími í að laga gögn við færslu þeirra inn í það. Námskeið um nautgriparækt, skýrsluhald og fóðrun voru haldin á árinu. Sú nýbreytni varð að kúadómar færðust frá landsráðunauti heim í hérað og fór Þórður því um og dæmdi kvígur á svæðinu. Skýrsluhald var á síðasta ári gert upp í einu lagi fyrir allt svæðið. Útkoma í sauðfjárræktinni var góð, aukning á afurðum um 1 kg eftir hverja vetrarfóðraða á. Aukning var á sæðingum en aðeins samdráttur í lambaskoðun. Talsvert var unnið af túnkortum á árinu, mikil vinna fór í úttekt á jarðabótum en greiddir voru styrkir á alla endurræktun, grænófóðurrækt og kornrækt á svæðinu, alls 917 ha. Mikið var tekið af DNA sýnum úr hrossum á svæðinu, tvær kynbótasýningar voru haldnar og hefðbundin vinna fór í umsjón með skýrsluhaldi. Hann fór stuttlega yfir niðurstöður heysýna en heldur fá heysýni voru tekin á síðasta ári og þyrfti að gera átak í að auka það og þá í framhaldinu notkun þeirra.

Að lokum þakkaði framkvæmdastjóri bændum og starfsmönnum ánægjuleg samskipti á liðnu ári.

Reikningar

Gunnar fór yfir reikninga Búnaðarsambandsins fyrir árið 2008. Rekstrartekjur námu alls 45.017.518 kr og rekstrargjöld 40.750.164 kr. Fjármagnstekjur umfram fjármagnsgjöld námu 2.072.529 kr og nam hagnaður ársins því 6.339.883 kr. Eignir Búnaðarsambandsins í lok árs námu 35.474.163 kr. en skuldir 16.311.757 kr.

Kúasæðingarnar skiluðu tekjum upp á 13.361.900 kr og námu gjöld vegna þeirra 11.201.959 kr. Hagnaður af rekstri þeirra nam því 2.159.941 kr. Hann kynnti einnig áætlun um gjaldskrá kúasæðinga fyrir 2009 sem lögð yrði fyrir fundinn síðar.

Umræður um skýrslur og reikninga

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslur og reikninga.

Guðný Helga Björnsdóttir kvað sér hljóðs. Hún sagði að ákveðið hefði verið á aðalfundi Landssambans kúabænda um að reyna að samræma gjaldtöku kúasæðinga um allt land. Hún spurði út í búrekstraráætlanir, hvernig sú vinna gengi. Einnig ræddi hún nýafstaðnar breytingar á samningum við bændur. Hún taldi miður hvað kynbótastarfið í nautgriparékt hafi verið í pattstöðu síðasta vetur, vegna vandræða við gagnaflutning milli skýrsluhaldskerfa.

Skúli Einarsson ræddi kúasæðingar og taldi að gjald þurfi að vera þannig stillt af að kúasæðingarnar séu ekki að safna hagnaði, ekki síst með tilliti til efnahagsástandsins núna. Hann ræddi einnig árs hátíð BHS.

Böðvar Sigvaldi Böðvarsson spurði út í árs hátíð BHS en fram kom í skýrslu framkvæmdastjóra að stjórn og starfsmenn BHS hefðu haldið sína árs hátíð í tengslum við árs hátíð búgreinafélaganna í A-Hún.

Fundarstjóri kynnti tillögur um að starfandi verði þrjár nefndir á fundinum, Allsherjarnefnd, Fjárhagsnefnd og Búfjár- og jarðræktarnefnd og verða menn beðnir að skrifa sig á lista fyrir þá nefnd sem menn vilja starfa í.

Gunnar Ríkhartsson svaraði fyrirspurnum.

Ekki kváðu fleiri sér hljóðs undir þessum lið og lagði fundarstjóri því til að gert yrði matarhlé fyrir næsta dagskrárlið.

Matarhlé**Álit kjörbréfanefndar**

Gísli G. Magnússon formaður kjörbréfanefndar kynnti álit hennar:

Bf. Skagahrepps: Guðjón Ingimarsson Hofi.

Bf. Engihlíðarhrepps: Ragnar H. Sigtryggsson Bakkakoti.

Bf. Víðdælinga: Örn Óli Andrésson Bakka, Júlíus Guðni Antonsson Auðunnarstöðum.

Félag sauðfjárbænda í Strandasýslu: Guðbrandur Björnsson Smáhömrum, Guðbrandur Sverrisson Bassastöðum, Rósa Jósefsdóttir Fjarðarhorni.

Félag kúabænda í A-Hún: Jens Jónsson Brandaskarði, Gróa Lárusdóttir Brúsastöðum, Magnús Sigurðsson Hnjúki.

Bf. Svínavatnshrepps: Ægir Sigurgeirsson Stekkjardal, Þóroddur Þorsteinsson Geithömrum

Bf. Bæjarhrepps og Bitru: Magnús Sveinsson Þambárvöllum og Sigurður Kjartansson Hlaðhamri.
 Bf. Áshrepps: Sigurður Ólafsson Brúsastöðum og Haukur Suska Garðarsson Hvammi.
 Nautgriparæktarfélag V-Hún: Sigtryggur Sigurvaldason Litlu Ásgeirsá, Guðný Helga Björnsdóttir Bessastöðum.
 Bf. Sveinsstaðahrepps: Gunnar Ellertsson Bjarnastöðum, Ólafur Magnússon Sveinsstöðum.
 Bf. Miðfirðinga: Gísli Magnússon Staðarbakka, Kristófer Jóhannesson, Finnörk, Stefán Einar Böðvarsson Mýrum.
 Bf. Staðarhrepps: Ásgeir Sverrisson Brautarholti.
 Bf. Vatnsnesinga : Eggert Ó. Levy Klömburum.
 Samtök hrossabænda, A-Hún: Björn Magnússon Hólabaki, Þórður Pálsson Blönduósi.
 Félag sauðfjárbænda A-Hún: Jón Kristófer Sigmarsson Hæli, Anna Margrét Jónsdóttir Sölvabakka.
 Bf. Kirkjubólshrepps: Matthías Lýðsson Húsavík.
 Bf. Árneshrepps: Björn Torfason Melum.
 Félag sauðfjárbænda í V-Hún: Böðvar Sigvaldi Böðvarsson Mýrum, Matthildur Hjálmarasdóttir Þóroddsstöðum, Gunnar Þorgeirsson Efri-Fitjum.
 Bf. Nauteyrarhrepps: Þórður Halldórsson Laugarholti.
 Hrossaræktarsamband V-Hún: Ingvar J. Jóhannsson Víðidalstungu.
 Bf. Torfalækjarhrepps: Gunnar Kristjánsson.
 Enginn mætti frá Búnaðarfélögum Bólstaðarhlíðahrepps og Kaldrananeshrepps. Mættir voru því 37 af 45 fulltrúum aðildarféлага

Erindi Ernu Bjarnardóttur.

Erna Bjarnadóttir flutti erindi. Fjallaði hún fyrst um nýgerðar breytingar á samningum ríksins við bænda en þar er fyrst og fremst um að ræða skerðingu á vísitöluhluta búvörusamninga, bæði mjólkursamnings og sauðfjársamnings auk þess sem samningarnir eru framlengdir um tvö ár. Með þessum breytingum fylgir sú bókun að samningsaðilar skuli vinna að könnun um skuldastöðu bænda og vinna að úrlausnum í þeim málum. Eftir er að leggja þessar breytingar fyrir atkvæðagreiðslu bænda. Búnaðarlaga-samningur er enn opinn og má vera að þar verði skorið meira niður sem kann þá að bitna á Bændasamtökunum og búnaðarsamböndum. Erna fjallaði einnig um búnaðargjald en rætt var á Búnaðarþingi hvort leggja ætti búnaðargjald af. Búnaðargjald er nú tæpar 290 milljónir og skiptist á búgreinarnar, þannig að nautgriparækt leggur mest til, þar næst sauðfjárrækt og þar á eftir kemur framlag úr grænmetis- og blómarækt. Forsenda þess að aflagning þessa gjalds er rædd er sú að engan megi þvinga til að vera í félagi. Búnaðargjald skiptist síðan á Bændasamtökin, búnaðarsamböndin, búgreinafélögin og Bjargráðasjóð. Verði búnaðargjald afnumið verða tekjur þessa samtaka að koma með félagsgjöldum og sölu á þjónustu en líklegt má teljast að á þessum tekjum yrði talsverður niðurskurður. Sett hafa verið ný lög um Bjargráðasjóð og skv. þeim verður m.a. greiddur styrkur til áburðarkaupa en eftir er að útfæra reglur um úthlutun hans. Landbúnaðarráðuneytið er að vinna í að skoða fjárhagsstöðu

bænda. Einnig fjallaði Erna um þróun landbúnaðarstefnu ESB sem hefur breyst mikið á síðustu árum. Þar er mikið verið að hverfa frá stuðningi við búgreinar og framleiðslu. Verið er að auka áhrif markaðarins á verðmyndun búvara, auka vægi grænna greiðslna og byggðastyrkja og í heild sinni minnka útgjöld til landbúnaðarmála. Ljóst er að frumskilyrði inngöngu í ESB er undantekningalaus þátttaka í skyldum og réttindum sem kerfi og samþykktir ESB kveða á um. Ekki eru möguleikar til aðlögunar þegar kemur að afnámi tolla eða öðrum sértækum markaðsinngripum, við aðild. Landbúnaðarsamþykktir ESB munu gilda alfarið frá fyrsta degi. Engin almenn ákvæði eru til um aðlögunartíma í landbúnaði og yrði það háð niðurstöðu aðildarsamnings. Framtíðarskuldbinding yrði síðan til að fylgja breytingum á styrkjastefnu ESB til landbúnaðar. Að lokum sýndi Erna samanburð á vísitölu neysluverðs og vísitölu framleiðsluverðs en sú síðarnefnda hefur frá ársbyrjun 2008 hækkað umtalsvert meira. Einnig sýndi hún þróun verðs á ýmsum aðföngum landbúnaðar sem einnig hafa hækkað gífurlega á síðustu mánuðum. Áburður hefur þó verið að lækka á heimsmarkaði síðan stuttu fyrir síðustu áramót og gera danskar spár ráð fyrir að áburður fyrir 2010 muni verða 64% af áburðarverði 2008.

Að loknu erindi Ernu gaf fundarstjóri orðið laust fyrir fyrirspurnir og umræður.

Skúli Einarsson spurði um kjötkvóta og mjólkurkvóta

Gunnar Kristjánsson spurði um búnaðargjald, hvort þetta væri eina atvinnugreinin sem fjármagnaði sig með þessum hætti.

Jóhann Ragnarsson óskaði eftir að Erna færi betur yfir hvaða þættir yrðu skornir niður ef skorið yrði niður í Búnaðarlagasamningi.

Böðvar Sigvaldi Böðvarsson spurði út í skerðingu vísitöluhluta búvörusamninga.

Erna svaraði þeim fyrirspurnum sem komnar voru.

Magnús Sigurðsson spurði út í Bjargráðasjóð og reglur varðandi áburðarstyrki.

Guðný Helga Björnsdóttir sagði frá því sem stjórn LK hefði nýverið rætt um varðandi breytingar á mjólkursamningnum. Miðað við sölu undanfarið eru horfur á að heildargreiðslumark verði skert um 2 milljónir lítra á næsta ári.

Gunnar Ríkharðsson spurði hvernig Erna sæi fyrir sér að greiðslumarkskerfið bregðist við auknu innleggi mjólkur utan greiðslumarks sem ekki fer á erlendan markað.

Jón Gíslason spurði einnig út í hvernig fyrirséð er að búvörulögin verði styrkt og þá tekið á því mjólkurinnleggi sem ekki er farið með skv. búvörulögum.

Gunnar Kristjánsson spurði út í tekjuskerðingu hjá finnskum bændum í kjölfar inngöngu Finnlands í ESB.

Erna svaraði fyrirspurnum.

Mál lögð fram til nefnda

Fundarstjóri óskaði eftir tillögum sem skipað skyldi til nefnda.

Jón Gíslason kynnti drög að tillögum frá stjórn BHS sem lagðar verða fyrir nefndir.

Skipaðar voru þrjár nefndir og formenn þeirra eftirfarandi:
Fyrir Allsherjarnefnd fer Gunnar Þorgeirsson
Fyrir Fjárhagsnefnd fer Matthildur Hjálmarsdóttir
Fyrir Búfjár- og jarðræktarnefnd fer Magnús Sigurðsson
Tóku þessar nefndir þegar til starfa.

Kaffihlé

Afgreiðsla mála

Í fjárhagsnefnd sátu: **Matthildur Hjálmarsdóttir**, Björn Torfason, Matthías Lýðsson, Gróa Lárusdóttir, Gunnar Ellertsson, Þóroddur Þorsteinsson, Gunnar Kristjánsson, Björn Magnússon, Stefán Böðvarsson og Eggert Ó Levy.

Í búfjár- og jarðræktarnefnd sátu **Magnús Sigurðsson**, Sigurður Kjartansson, Rósa Jósefsdóttir, Guðbrandur Sverrisson, Guðbrandur Björnsson, Linda Björk Ævarsdóttir, Sigurður Ólafsson, Jens Jónsson, Jón Kristófer Sigmarsson, Ólafur Magnússon, Ragnar H. Sigtryggsson, Gísli G. Magnússon, Ingvar Jón Jóhannsson, Sigtryggur Sigurvaldason og Böðvar Sigvaldi Böðvarsson.

Í allsherjarnefnd sátu **Gunnar Þorgeirsson**, Þórður Halldórsson, Guðjón Ingimarsson, Magnús Sveinsson, Ægir Sigurgeirsson, Kristófer Jóhannsson, Haukur Suska Garðarsson, Guðný Helga Björnsdóttir, Skúli Einarsson, Örn Óli Andrésson, Ásgeir Sverrisson, Þórður Pálsson og Júlíus Guðni Antonsson.

Kynntar voru eftirfarandi tillögur:

Búfjár- og jarðræktarnefnd

Aðalfundur BHS haldinn 21. apríl 2009 í Ásbyrgi Laugarbakka samþykkir að frá og með 1. maí 2009 verði veittur afsláttur af gjaldskrá kúasæðinga þannig að kvígusæðing verði á 500 kr, kúasæðing á 500 kr. og sæðing á kúm utan skýrsluhalds og hjá framleiðendum utan BHS verði 2.200 kr. Fangskoðun á kúm verði án gjalds næsta árið. Samþykkt samhljóða

Aðalfundur BHS haldinn 21. apríl 2009 í Ásbyrgi Laugarbakka skorar á sláturleyfishafa að gera bændum grein fyrir því ef þeir hafa slátrað kindum sem eru lambfullar.

Greinargerð: Ljóst er að bændur eru farnir að slátra í auknum mæli í vetrarslátrun kindum sem talið er að séu geldar og eru farnir að treysta á fangskoðun sem er ekki örugg.

Guðbrandur Sverrisson, Ingvar J. Jóhannsson og Guðbrandur Björnsson kváðu sér hljóðs um tillöguna

Samþykkt samhljóða

Aðalfundur BHS haldinn 21. apríl 2009 í Ásbyrgi Laugarbakka skorar á landbúnaðarráðherra að standa við gefna yfirlýsingu um viðhald og endurnýjun á varnarlínum vegna sauðfjársjúkdóma.

Jóhann Ragnarsson, Haukur Suska Garðarsson og Jón Gíslason kváðu sér hljóðs um tillöguna.

Samþykkt samhljóða

Aðalfundur BHS haldinn 21. apríl 2009 í Ásbyrgi Laugarbakka krefst þess að Matvælastofnun geri bændum grein fyrir niðurstöðu greininga á sýnum sem tekin eru í sláturhúsum úr þeirra sláturhóp og gildir þá einu hver sjúkdómurinn er.

Ingvar J. Jóhannsson, Gunnar Ríkharðsson, Gunnar Ellertsson, Guðbrandur Björnsson og fleiri kváðu sér hljóðs um tillöguna.

Böðvar Sigvaldi Böðvarsson bar upp eftirfarandi breytingatillögu:

Aðalfundur BHS haldinn 21. apríl 2009 í Ásbyrgi Laugarbakka krefst þess af Matvælastofnun að hún geri bændum grein fyrir niðurstöðu greininga á sýnum sem tekin eru í sláturhúsum úr þeirra sláturhóp og gildi þá einu hvað er rannsakað.

Guðný Helga Björnsdóttir bar upp eftirfarandi breytingatillögu:

Aðalfundur BHS haldinn 21. apríl 2009 í Ásbyrgi Laugarbakka krefst þess að Matvælastofnun geri bændum grein fyrir niðurstöðu greininga á öllum sýnum sem tekin eru í sláturhúsum úr þeirra sláturhóp hvort sem niðurstaðan er neikvæð eða jákvæð.

Breytingatillaga Guðnýjar var borin upp fyrst og var hún samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða. Því næst var tillagan borin upp í heild sinni eins og hún leit út eftir breytingatillögu Guðnýjar og var hún þannig samþykkt samhljóða. Því var breytingatillaga Böðvars Sigvalda ekki borin undir fundinn.

Fjárhagsnefnd

Aðalfundur BHS haldinn 21. apríl 2009 í Ásbyrgi samþykkir að árgjald árið 2009 verði 3.000 kr á hvern félagsmann. Hjón og sambýlisfólk greiði eitt gjald. Framkvæmdastjóra BHS verði falið að leita hagkvæmstu leiða í innheimtu á félagsgjöldum. Greiða skal árgjald fyrir áramót. Samþykkt samhljóða

Aðalfundur BHS haldinn 21. apríl 2009 í Ásbyrgi samþykkir að fulltrúar á aðalfundi BHS fái greitt sem nemur árgjaldi til BHS fyrir fundinn auk aksturspeninga skv. ríkistaxta fyrir akstur umfram 120 km gegn framvísun reiknings. Samþykkt samhljóða

Aðalfundur BHS haldinn 21. apríl 2009 í Ásbyrgi samþykkir að laun stjórnarmanna verði sem hér segir:

Formaður fái 50.000 kr á ári

Aðrir stjórnarmenn fái 20.000 kr á ári

Auk þess fái stjórnarmenn 8.000 kr fyrir hvern fund svo og akstur skv. ríkistaxta.

Skoðunarmenn fái 10.000 kr á ári og akstur skv. ríkistaxta. Samþykkt samhljóða

Aðalfundur BHS haldinn 21. apríl 2009 í Ásbyrgi samþykkir reikninga BHS fyrir árið 2008 eins og þeir hafa verið lagðir fram á fundinum. Samþykkt samhljóða.

Allsherjarnefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda haldinn í Ásbyrgi 21. apríl 2009 tekur undir ályktun Búnaðarþings um að skipuð verði nefnd til að endurskoða innheimtu búnaðargjalds. Aðalfundurinn leggur áherslu á:

- að skoðað verði sérstaklega hvort komi til greina að setja inn hámarksgreiðslu einstaklinga og lögaðila,
- að skoðað verði hvort möguleikar séu á að hagræða í rekstri BÍ og búnaðarsambanda til að koma til móts við breytingu á búnaðargjaldsinnheimtu,
- að skoðaðar verðir leiðir til að fjármagna starfsemi BÍ með öðrum hætti en með búnaðargjaldi, t.d. með meiri þjónustugjöldum en nú er og með félagsgjöldum bænda.

Samþykkt samhljóða

Endurbætur á húsnæði á Blönduósi

Aðalfundur BHS haldinn 21. apríl 2009 í Ásbyrgi Laugarbakka felur stjórn að boða til fundar með eignaraðilum efri hæðar á Húnabraut 13 þar sem farið verður yfir hvaða viðhald þarf að fara fram og hvað það kostar. Forgangsræða viðhaldsverkefnum þannig að kostnaður fari ekki úr böndum. Nefndin skorar á stjórn BHS að láta á það reyna með formlegum hætti hvort aðrir eignaraðilar séu tilbúnir að taka þátt í þeim kostnaði sem þeim ber.

Jón Gíslason, Gunnar Ríkharðsson og Skúli Einarsson kváðu sér hljóðs um tillöguna.

Samþykkt samhljóða

Aðalfundur BHS haldinn 21. apríl 2009 í Ásbyrgi Laugarbakka samþykkir að beina því til stjórnar að athugað verði að aðalfundur BHS verði haldinn ekki síðar en 10. apríl ár hvert.

Guðný Helga Björnsdóttir, Guðbrandur Sverrisson, Björn Torfason og Jón Gíslason kváðu sér hljóðs um tillöguna. Haukur Suska Garðarsson kvað sér hljóðs fyrir hönd allsherjarnefndar og dró tillöguna til baka.

Kosningar:

Einn maður úr Strandasýslu í stjórn BHS til þriggja ára og einn til vara. Jóhann Ragnarsson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Stungið var upp á Matthíasi Lýðssyni sem aðalmanni í stjórn. Til vara Rósu Jósefsdóttur Ekki komu fram aðrar tillögur og voru þau kjörin með lófataki.

Tveir skoðunarmenn reikninga til eins árs og tveir til vara.

Stungið var upp á Rafni Benediktssyni og Ólafi B. Óskarssyni sem skoðunarmönnum og til vara Máni Laxdal og Rafn Sigurbjörnsson. Ekki komu fram aðrar tillögur og voru þeir kjörnir með lófataki.

Kosning fulltrúa BHS á Búnaðarþing

Fundarstjóri kynnti reglur um kosningu fulltrúa á Búnaðarþing.

Anna Margrét Jónsdóttir óskaði eftir hlutfallskosningu fyrir A-Húnavatnssýslu.

Óskað var eftir fundarhléi og var það þá gefið.

Að loknu fundarhléi bar fundarstjóri upp tillögu um hlutfallskosningu fyrir A-Hún og var hún samþykkt samhljóða með meira en 1/3 hluta atkvæða. Hann kallaði þar næst eftir framboðslistum vegna hlutfallskosningar.

Anna Margrét bar upp framboðslista þar sem aðalmaður er Jón Gíslason, Stóra-Búrfelli og varamaður Anna Margrét Jónsdóttir, Sölvabakka.

Ekki komu fram fleiri framboðslistar og lýsti fundarstjóri því fyrrgreindan lista sjálfkjörinn.

Ekki komu fram óskir um hlutbundna kosningu í Strandasýslu og V-Hún og voru fulltrúar úr þeim sýslum því kosnir með óhlutbundinni kosningu. Niðurstöður þeirrar kosningar voru að fyrir V-Hún var Gunnar Þorgeirsson kjörinn aðalmaður og Ingi H. Bjarnason kjörinn varamaður en fyrir Strandasýslu var Jóhann Ragnarsson kjörinn aðalmaður og Matthías Lýðsson kjörinn varamaður.

Önnur mál

Skúli Einarsson kvað sér hljóðs með svohljóðandi tillögu: Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 21. apríl 2009 mótmælir harðlega öllum áformum um innflutning á hráum ófrosnum kjötafurðum til landsins.

Greinargerð: Heilbrigði íslensks búfjár er ómetanlegt en um leið viðkvæmt ef út af bregður og því er með öllu óverjandi að taka einhverjar áhættur í því efni.

Matthías Lýðsson kvað sér hljóðs um tillöguna

Samþykkt samhljóða.

Ólafur Benediktsson kvað sér hljóðs, þakkaði Jóhanni fyrir gott samstarf í stjórninni og bauð Matthías velkominn. Hann óskaði einnig eftir því að settur yrði kraftur í að klára bókaútgáfu Búnaðarsambands Strandamanna svo hægt verði að leggja niður búnaðarsamböndin gömlu.

Matthildur Hjálmarsdóttir kvað sér hljóðs og sagði að hún hefði fengið þær fregnir að mikill samdráttur sé væntanlegur í sauðfjárframleiðslu í Ástralíu og Nýja-Sjálandi og því sé nú lag fyrir okkur að gefa í og auka framleiðslu lambakjöts á Íslandi. Víða væri hægt að auka framleiðslu án þess að fjölga fé eða kosta miklu til, margir þyrftu eingöngu að skipuleggja betur hjá sér í búskapnum.

Jóhann Ragnarsson kvað sér hljóðs og þakkaði gott samstarf í stjórn BHS á síðustu árum. Hann sagði einnig að vel gengi með bókaútgáfu Strandamanna.

Skúli Einarsson kvað sér hljóðs, þakkaði Jóhanni fyrir gott samstarf í stjórninni og bauð Matthías velkominn í hana. Hann ræddi einnig bókaútgáfu Strandamanna.

Gísli G. Magnússon kvað sér hljóðs og tók undir með Matthildi. Hann velti því einnig fyrir sér hvort BHS ætti að standa fyrir árhátíð bænda á svæðinu.

Fundarstjóri tók undir með Matthildi og sagði að nauðsynlegt væri að efla framleiðslu íslenskra landbúnaðarafurða enda er öll framleiðsla umfram það sem neytt er á innanlandsmarkaði gjaldeyrisskapandi. Breyta þyrfti umræðu um landbúnað á Íslandi.

Jón Gíslason kom upp og svaraði því sem til stjórnar var beint. Hann þakkaði jafnframt Jóhanni Ragnarssyni fyrir gott samstarf í stjórninni og bauð Matthías velkominn í hana. Einnig þakkaði hann fundarmönnum fyrir góðan fund og starfsmönnum Búnaðarsambandsins fyrir gott samstarf á árinu. Að því loknu sleit hann fundi.



Rekstrarreikningur BHS árið 2008

	Skýr.	2008	2007
Rekstrartekjur:			
<i>Seldar vörur og þjónusta:</i>			
Nautgriparékt	1	4.066.454	4.558.600
Sauðfjárrékt	2	1.500.122	1.258.030
Hrossarékt	3	1.654.388	626.882
Búfjárefirlit		2.615.441	2.221.723
Sauðfjárrékt - vörusala	7	1.912.965	1.500.000
Seldar vörur og þjónusta alls		12.126.070	10.165.235
<i>Ýmsar tekjur</i>			
Árgjald BHS		1.119.000	1.278.000
Akstur m vsk		26.800	79.559
Ýmsar tekjur		1.232.980	1.357.559
<i>Framlög og styrkir</i>			
BÍ-v. Búnaðarsjóður		9.866.952	9.037.703
BÍ-v. Grunnframlag		8.109.151	7.964.111
BÍ-v. Jöfnunarframlag		1.808.422	1.763.963
Framlag v. nautgriparéktar		477.319	471.100
Kúasæðingar - kynbótafé		7.118.046	5.995.806
Kúasæðingar - frjóteknar		1.948.402	1.715.525
Kúasæðingar - framlag á sæddar kýr		518.400	505.240
Framlag v. sauðfjárréktar		347.901	349.282
Framlag v. hrossaréktar		421.875	435.345
Framlög v búrekstraráætlanu		1.042.000	1.330.000
Framlög og styrkir		31.658.468	29.568.075
Rekstrartekjur alls		45.017.518	41.090.869
Rekstrargjöld:			
Vörunotkun - Nautgriparékt	10	2.003.800	1.897.298
Vörunotkun - Sauðfjárrékt	11	1.697.479	1.330.514
Vörunotkun - Hrossarékt	12	626.971	248.350
Vörunotkun - Ýmislegt	13	150.000	0
Laun og starfsmannatengdur kostnaður	14	20.509.062	18.987.212
Aðkeypt þjónusta til endursölu	15	10.423.204	9.613.317
Húsnæðiskostnaður:	16	584.257	593.091
Rekstur áhalda og tækja:		106.128	27.056
Skrifstofukostnaður:	17	979.856	957.935
Ýmiss kostnaður	18	1.577.209	969.200
Búfjárefirlit		9.398	14.978
Afskriftir		800.000	270.000
Rekstur bifreiða án vsk:		1.282.800	526.196
Rekstrargjöld alls		40.750.164	35.435.147
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		4.267.354	5.655.722
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur		3.035.950	1.628.848
Vaxtagjöld (styrkir) Próunarsjóður	(500.000)	0
Innheimtu og þjónustugjöld banka	(165.506)	(101.512)
Fjármagnstekjuskattur	(297.915)	(156.530)
		2.072.529	1.370.806
Hagnaður (tap) ársins		6.339.883	7.026.528

Efnahagsreikningur BHS 31. des. 2008

	Skýr.	2008	2007
Eignir			
Fastafjármunir:			
Bífreiðar 1. jan		1.530.000	1.800.000
Keypt á árinu		2.700.000	0
Fyrning ársins	(800.000)	(270.000)
Fastafjármunir alls:		<u>3.430.000</u>	<u>1.530.000</u>
Veltufjármunir:			
Skammtímakröfur		5.604.611	3.942.269
Handbært fé:			
Tékkareikningur 2650		251.011	68.146
Sparisjóður bók 403160		5.037	0
Markaðsreikningur 300565		16.438.965	12.313.623
Markaðsreikningur 300757		1.697.441	1.506.677
Markaðsreikningur 300758		2.154.100	1.912.015
Próunarsjóður BHS		5.892.998	5.639.760
Handbært fé		<u>26.439.552</u>	<u>21.440.221</u>
Veltufjármunir alls		<u>32.044.163</u>	<u>25.382.490</u>
Eignir samtals		<u>35.474.163</u>	<u>26.912.490</u>
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé:			
Óráðstafað fé frá fyrra ári		12.822.523	5.795.995
Hagnaður (tap) ársins		6.339.883	7.026.528
Eigið fé alls		<u>19.162.406</u>	<u>12.822.523</u>
Langtímaskuldir:			
BSVH		5.100.000	5.100.000
BSAH		3.400.000	3.400.000
Langtímaskuldir alls		<u>8.500.000</u>	<u>8.500.000</u>
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		5.851.805	4.638.730
Ógreitt vegna starfsfólks		1.325.141	628.629
Virðisaukaskattur		410.979	225.119
Skammtímaskuldir		223.832	97.489
Skammtímaskuldir alls		<u>7.811.757</u>	<u>5.589.967</u>
Skuldir alls		<u>16.311.757</u>	<u>14.089.967</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>35.474.163</u>	<u>26.912.490</u>

Sundurliðanir 2008

	2008	2007
1. Nautgriparékt		
Kúasæðingar - kvígur	145.512	253.000
Kúasæðingar - kýr	3.206.533	3.866.000
Kúasæðingar - utan skýrsluhalds	425.007	439.600
Nautgriparékt alls	4.066.454	4.558.600
2. Sauðfjárrækt		
Lambaskoðun, ráðunautar	1.354.520	1.011.169
Lambaskoðun, aðstoðarmenn	25.000	147.859
Sauðfjársæðingar	63.901	59.402
Sauðfjársvampanir	56.701	39.600
Sauðfjárrækt alls	1.500.122	1.258.030
3. Hrossarékt		
Kynbótadómar	888.732	435.694
Örmerki í hross	132.315	44.413
Leiga á sónartækjum v hrossa	65.600	42.570
dna - efniskostnaður	0	13.802
dna - greining	477.510	73.600
Hrossarékt alls	1.654.388	626.882
7. Vörusala - Sauðfjárrækt		
Sæði	1.912.965	1.500.000
Sauðfjárrækt alls	1.912.965	1.500.000
10. Vörunotkun - Nautgriparékt		
Nautasæði - kvígur	160.500	198.364
Nautasæði - kýr	1.789.050	1.636.994
Nautgripasæðingar - ýmislegt	54.250	61.940
Vörunotkun alls	2.003.800	1.897.298
11. Vörunotkun - Sauðfjárrækt		
Hrútasæði	1.689.439	1.314.450
Ýmislegt til endursölu	8.040	16.064
Vörunotkun alls - Sauðfjárrækt	1.697.479	1.330.514
12. Vörunotkun - Hrossarékt		
Örmerki	123.971	59.600
dna - sýnaglös	503.000	188.750
Vörunotkun alls - Hrossarékt	626.971	248.350
13. Vörunotkun - Ýmislegt		
Loftmyndir	150.000	0
Vörunotkun alls - Ýmislegt	150.000	0
14. Laun og starfsmannatengdur kostnaður:		
Laun og launatengd gjöld	17.784.836	15.724.982
Tryggingar starfsfólks	50.000	48.000
Námskeið starfsmanna án vsk	65.500	71.200
Árshátíð og fl. vegna starfsmanna	110.659	54.436
Akstur (í staðgr.)	600.600	498.588
Akstur (undanþ. staðgr.)	490.467	1.055.006
Dagpeningar	1.407.000	1.535.000
Laun og starfsmannatengdur kostnaður	20.509.062	18.987.212

Sundurliðanir 2008

	2008	2007
15. Aðkeypt þjónusta til endursölu:		
Aðkeypt þjónusta v nautgripa m vsk	9.577.059	8.894.573
Aðkeypt þjónusta v sauðfjár m/vsk	256.315	229.145
Aðkeypt þjónusta v hrossa m vsk	384.057	228.654
Aðkeypt þjónusta v hrossa án vsk	205.773	92.155
Ýmis aðkeypt þjónusta m vsk	0	168.790
Aðkeypt þjónusta til endursölu	10.423.204	9.613.317
16. Húsnæðiskostnaður:		
Rafmagn 24,5 % vsk	53.527	49.266
Hiti 14% vsk	0	4.304
Hiti án vsk	14.324	14.630
Hiti 7% vsk	25.467	21.712
Húsnæði Hvammstangi	112.093	133.415
Húsnæði Blönduós	280.523	225.525
Húsnæði Borðeyri	0	45.000
Húsnæði Hvammstangi m vsk	89.986	85.398
Húsnæði Blönduós m vsk	0	6.932
Hreinlætisvörur	8.337	6.909
	584.257	593.091
17. Skrifstofukostnaður:		
Sími og net Hvammstangi	103.634	115.914
Sími og net Blönduós	187.791	184.562
Sími og net Borðeyri	0	55.743
Burðargjöld án vsk	176.236	145.716
Burðargjöld m vsk	10.276	11.695
Innlendar bækur, blöð og tímarit 7%	35.507	66.424
Rekstrarvörur v skrifstofu	49.887	17.273
Pappír, prentun og ritföng	93.289	156.393
Rekstur tölvukerfis	193.236	204.215
	979.856	957.935
18. Ýmiss kostnaður:		
Funda og námskeiðskostnaður án vsk	529.146	372.700
Funda og námskeiðskostn m/vsk	0	17.680
Ferðakostnaður	630.395	432.227
Bændaferðir BHS	200.000	0
Kaffikostnaður	47.800	28.676
Auglýsingar m/vsk	56.211	66.421
Auglýsingar og styrkir án vsk	102.030	43.000
Annar kostnaður m 7% vsk.	11.627	8.496
Ýmiss kostnaður	1.577.209	969.200